allt

Brynja Guðmundsdóttir:
*Sogar í sig dansssporin*
• nám
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Steinunn Þórarinsdóttir:
*Opnar sína fyrstu sýningu í New York*
• heldur upp á fimmtugsafmæli
SÍÐA 24 ▶



DHL-deild karla í handbolta:
*Haukar og ÍBV unnu bæði fyrsta leikinn í undanúrslitum*
• roland valur eradze lokaði markinu í eyjum
SÍÐA 28 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. apríl 2005 – 105. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

## MIÐVIKUDAGUR



**AFSKIPTIR Á KÁRAHNJÚKUM** Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður á Kárahnjúkum, gagnrýnir GT verktaka harkalega fyrir framkomu gagnvart tveimur lettneskum verkamönnum sem eru í farbanni. **Sjá síðu 2**

**ANNAN REYNIR AÐ MIÐLA MÁLUM** Deila Japana og Kínverja harðnar enn. Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, reyndi að miðla málum í gær en án árangurs. **Sjá síðu 2**

**HÁSKÓLI Í VATNSMÝRINA** Háskólinn í Reykjavík hefur valið Vatnsmýrina sem framtíðaruppbyggingarland. Stefnt er að því að kennsla hefjist í nýju húsnæði haustið 2008. **Sjá síðu 6**

**FÓTAÓEIRÐ ALGENG** Þúsundir Íslendinga þjást af svokallaðri fótaóeirð, sem lýsir sér í mismiklum óþægindum eða skyntruflunum í ganglimum. **Sjá síðu 10**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÁFRAM FLOTT Á AKUREYRI** Reyndar bjartviðri víða um land, síst þó á Suðausturlandi þar sem búast má við minniháttar þokusúld af og til. Áfram milt. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**BARNABÓKAVERÐLAUN** Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri afhendir barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkur klukkan 17 í Höfða. Annars vegar eru veitt verðlaun fyrir frumsamda barnabók og hins vegar fyrir þýðingu.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 38 | Myndlist | 36 |
| Tónlist | 36 | Íþróttir | 28 |
| Leikhús | 36 | Sjónvarp | 40 |


**82%**

20-49 ára karla á sv-horninu lesa Fréttablaðið á föstudögum.*

Þeir eru m.a. að sækja í bílaauglýsingar í smáauglýsingum – og það nýta bílasölur sér.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ



AP/MYND

**EINFALDUR OG AUÐMJÚKUR VERKAMAÐUR Í VÍNGARÐI DROTTINS** Benedikt XVI páfi sté út á svalir Péturskirkjunnar fljótlega eftir að tilkynnt var um kjör hans síðdegis í gær. Hann er 265. páfinn í sögu kirkjunnar og sá fyrsti sem kjörinn er á þriðja árþúsundinu. Það tók kardinálana 115 aðeins rúman sólarhring að velja nýjan páfa þannig að hvíti reykurinn sem steig upp af Sixtínsku kapellunni kom gestum Péturstorgsins nokkuð í opna skjöldu.

# Benedikt XVI er nýr páfi

**Joseph Ratzinger var í gær kjörinn páfi og hefur hann tekið sér nafnið Benedikt, sem merkir hinn blessaði. Flestir virðast telja að nýi páfinn muni fylgja stefnu forvera síns.**

**PÁFAKJÖR** Þýski kardinálinn Joseph Ratzinger var síðdegis í gær kjörinn nýr páfi kaþólsku kirkjunnar. Ekki er búist við að hinn nýi páfi muni víkja í veigamiklum atriðum frá þeirri stefnu sem forveri hans markaði enda er hann bæði roskinn og íhaldssamur.

Svartur reykur steig tvívegis upp um skorstein Sixtínsku kapellunnar í gær og því bjuggust fáir við að kardinálarnir 115 næðu samkomulagi svo fljótt sem raun bar vitni. Þegar hvíti reykurinn sást og kirkjuklukkurnar á Péturstorginu glumdu um sexleytið að staðartíma varð hins vegar ljóst að nýr páfi hefði verið valinn. Tugþúsundir manna sem staddar voru á torginu fögnuðu ákaft og víða um heim glöddust kaþólikkar.

Skömmu eftir að chileskur kardináli hafði flutt lýðnum orðin „habemus papam“, eða „við höfum eignast páfa“, kom Ratzinger sjálfur út á svalir Péturskirkjunnar undir nafninu Benedikt XVI. Hann lýsti sjálfum sér sem einföldum og auðmjúkum verkamanni í víngarði Drottins en söng svo bæn.

Kaþólikkar á Íslandi fögnuðu kjöri Ratzingers í gær og sagðist séra Jakob Rolland, prestur í kaþólska söfnuðinum í Reykjavík, vera afar ánægður með niðurstöðu kardinálanna. Jakob efast þó um að Benedikt XVI láti mikið að sér kveða á páfastóli. „Það fyrsta sem hann gerði var að tala um Jóhannes Pál hinn mikla þannig að hann vill vera í skugga hans og halda áfram á sömu braut.“

Kjör Ratzingers kom Karli Sigurbjörnssyni, biskupi Íslands, ekki mjög á óvart. Hann reiknar með að Benedikt XVI verði íhaldssamur páfi og muni ekki færa kirkjudeildir heimsins nær hverri annarri. „Það sem hefur borið vitni um afturhald og afturför í samkirkjulegu starfi og jafnvel kólnun á milli kirkjudeildanna hefur verið skrifað á hans reikning.“

**-aa/shg**

**Sjá síðu 20**

Karl Wernersson kaupir Sjóvá af Íslandsbanka:

# Straumur telur viðskiptin vafasöm

**VIÐSKIPTI** Stærsti hluthafi Íslandsbanka, Straumur fjárfestingarbanki, hyggst kanna réttarstöðu sína og óska eftir upplýsingum um það hvernig staðið var að sölu meirihluta Sjóvár til félags í eigu stjórnarmanns og annars stærsta hluthafa Íslandsbanka, Karls Wernerssonar.

Þáttur, félag í eigu Karls og systkina hans, keypti tvo þriðju hlutafjár tryggingafélagsins af Íslandsbanka fyrir rúma sautján milljarða króna. Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums, segir að áður en stjórn Íslandsbanka tók ákvörðun um söluna hafi hann tilkynnt forstjóra og stjórn bankans að Straumur vildi fá tækifæri til að bjóða í eignarhlutinn. „Af okkar hálfu var lögð áhersla á það að Íslandsbanki stæði þannig að sölunni að sem hæst verð fengist fyrir eignina,“ segir Þórður Már.

Hann segir að Straumur líti svo á að aðferðin við söluna sé óeðlileg og feli í sér mismunun gagnvart hluthöfum, auk þess sem hærra verð fengist að öllum líkindum ef fleiri byðu. Þá bendir Þórður á að salan sé á viðkvæmum tímapunkti rétt fyrir birtingu uppgjörs, en Karl Wernersson sé fruminnherji í bankanum.

Viðskiptin á þessum tímapunkti eru einnig talin athyglisverð í ljósi þess að forstjóri Íslandsbanka sé jafnframt stjórnarformaður Kauphallar Íslands. **hh/ sjá Markaðinn**

Víðidalsá:

# Leigð fyrir 52 milljónir

**VIÐSKIPTI** Víðidalsá á Norðurlandi vestra verður leigð út fyrir rúmar 52 milljónir króna á ári næstu þrjú til fimm árin. Hækkar leigan um tæpar tuttugu milljónir króna frá því sem núverandi leigutaki greiðir. Verið er að leggja lokahönd á leigusamninginn, segir Björn Magnússon, formaður veiðifélagsins. Leigutakinn er fyrirtæki í eigu Stefáns Sigurðssonar, sem vinnur á skrifstofu Lax-á, og tekur hann við ánni árið 2006.

Magnús Ólafsson, varaformaður Landssambands veiðifélaga, segir þetta hæsta leiguverð fyrir á sem hann þekki, að teknu tilliti til stangafjölda. Veruleg hækkun hafi orðið á góðum laxveiðiám hin allra síðustu ár. Þar spili inn í aukinn áhugi á laxveiði, ágæt veiði síðastliðið sumar og öflugt efnahagslíf.

**- bg / sjá Markaðinn**

Fyrstur Íslendinga:

# Líffæraþegi í maraþoni

**AFREK** Oddgeir Gylfason, sem í var grætt nýra fyrir sex árum síðan, hljóp maraþon um síðustu helgi. Eftir því sem næst verður komist er hann fyrsti íslenski líffæraþeginn sem hleypur maraþon.



**ODDGEIR GYLFASON**

Oddgeir hefur átt við nýrnaveiki að stríða allt sitt líf og var annað nýrað fjarlægt úr honum þegar hann var sjö ára. Fyrir sex árum þurfti að fjarlægja hitt nýrað en bróðir Oddgeirs gaf honum nýra úr sér. Oddgeir byrjaði að hlaupa markvisst fyrir ári síðan og ákvað í október að taka slaginn og hlaupa heilt maraþon í London. Hann vonar að afrek sitt verði þeim hvatning sem hafa átt við veikindi að stríða.

**- bs**

**Sjá síðu 16.**





## SPURNING DAGSINS

*Er bókin ekki bara bóla?*

**„Nei, bókin var bóla sem sprakk fyrir mörgum öldum og innihaldið blómstrar ennþá um allt.“**

Benedikt Kristjánsson er framkvæmdastjóri Félags íslenskra bókaútgefenda. Vika bókarinnar hófst í gær.

Enn magnast deila Japana og Kínverja:

# Kofi Annan reynir að miðla málum

**TÓKÝÓ, AP** Deila Japana og Kínverja harðnar enn. Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, reyndi að miðla málum í gær en án árangurs.

Mikil spenna hefur verið í samskiptum Japana og Kínverja undanfarnar vikur og magnaðist hún enn frekar í gær. Þá tilkynntu japanskir þingmenn að þeir ætluðu að heimsækja sögustað sem helgaður er hermönnum sem látist hafa í orrustum.

Kínverjar líta á förina sem beina ögrun við sig en þarlend stjórnvöld hafa gagnrýnt japanska kennslubók þar sem fjöður er dregin yfir grimmdarverk Japana í Kína á árum áður.

Til að bæta gráu ofan á svart hafnaði hæstiréttur í Tókýó bótakröfum fórnarlamba grimmdarverka Japana í Kína á fjórða og fimmta áratugnum en talið er að 250.000 Kínverjar hafi dáið af þeirra völdum á þessu tímabili, meðal annars í sýklavopnaárásum.

Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hvatti í gær Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans, og Hu Jintao, forseta Kína, til að ræða málin um helgina en þá fer fram leiðtogafundur Afríku- og Asíuríkja. Friðarumleitunum Annans var hins vegar fálega tekið í höfuðborgum beggja ríkjanna. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÁKAFT MÓTMÆLT**
Kínverjar eru æfir út í Japana og hafa mótmælendur látið reiði sína bitna á japönskum byggingum í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**NORÐLENSKUR KRUMMI**
Mikið er af hrafni á Akureyri og þessi valhoppaði á Drottningarbrautinni í ætisleit.

Akureyri:

## Hrafninn orpinn

**FUGLAR** Hrafn er lagstur á egg í Glerárgili á Akureyri en hrafninn er jafnan með fyrstu fuglum sem verpa hér á landi. Álft og grágæs er einnig byrjuð að verpa á nokkrum stöðum á landinu og líklegt að fálki og haförn séu orpnir þó fuglaáhugamönnum hafi ekki borist fregnir af því.

Farfuglarnir koma nú í stórum hópum til landsins og Brynjúlfur Brynjólfsson, fuglaáhugamaður á Hornafirði, á von á kríunni til landsins um helgina. **- kk**

Hótelbruni:

## Ástarfundur orsök eldsins

**PARÍS, AP** 31 árs gömul kona hefur viðurkennt að hún gæti hafa í ógáti kveikt í Hotel Paris Opera sem brann til kaldra kola aðfaranótt föstudagsins.

Konan hafði farið til fundar við unnusta sinn sem vann sem næturvörður á hótelinu og kveikt þar á kertum. Þegar þeim sinnaðist, að hennar sögn vegna ölvunar unnustans, rauk hún út í fússi og fleygði fötum á gólfið án þess að hirða um hvar þau lentu.

Tala þeirra sem létust í brunanum er komin upp í 24 en 27 liggja enn á sjúkrahúsi. ■



**HÉRAÐSDÓMUR AUSTURLANDS**
Lettarnir tveir og fulltrúi lögmanns þeirra mættu fyrir Héraðsdóm Austurlands í síðustu viku þegar mál gegn þeim og GT verktökum var þingfest.

# Lettar í farbanni algjörlega afskiptir

**Yfirtrúnaðarmaður á Kárahnjúkum er ósáttur við framkomu GT verktaka í garð tveggja Letta sem fyrirtækið réði til vinnu að Kárahnjúkum. Hann segir að mennina hafa fengið greiddar sextíu þúsund krónur síðan í febrúar.**

**KÁRAHNJÚKAR** Tveir lettneskir verkamenn um fimmtugt sem Héraðsdómur Austurlands úrskurðaði í farbann í síðustu viku ráfa um á Kárahnjúkum peningaog eirðarlausir. Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður á Kárahnjúkum, segir framkomu GT verktaka sem hafa verið ákærðir fyrir að ráða mennina til vinnu án atvinnuleyfis, óforsvaranlega. Oddur segir að þó Lettarnir séu einnig ákærðir í málinu líti hann frekar á þá sem saklaus fórnarlömb í málinu.

„Þessi meðferð á mönnunum er ekki verjandi,“ segir Oddur. „Þeir eru hýstir hér uppi á Kárahnjúkum og hafa ekkert við að vera. Þeir hafa enga peninga milli handanna og fyrirtækið virðist alls ekki hafa sóma til að koma þeim til hjálpar. Þeir eru greinilega engar greiðslur að fá frá GT verktökum eða erlenda starfsmannafyrirtækinu sem hafði milligöngu um komu þeirra til landsins. Þeir fá að borða í mötuneytinu en meira er ekki gert fyrir þá. Ég skil ekki að fyrirtækið sjái ekki sóma sinn í því að hýsa þá almennilega og hugsa betur um þá.“

Á meðan Lettarnir eru í farbanni mega þeir ekki vinna. Oddur segir að þeir gisti í skálum hjá GT verktökum en sem gefi að skilja hafi þeir ekkert að gera.

„Verst þykir mér samt að horfa upp á að þeir eru algjörlega peningalausir. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef hafa þeir fengið greiddar um sextíu þúsund krónur frá því þeir komu hingað um miðjan febrúar. Þar sem fyrirtækið hefur ekki gert neitt fyrir mennina hefur starfsfólk hérna séð aumur á þeim og reynt að safna einhverjum smáræðis peningum fyrir þá þannig að þeir eigi að minnsta kosti fyrir sígarettum.“

Lettarnir eru ákærðir fyrir að aka hópferðabifreiðum fyrir GT verktaka á Kárahnjúkum og sinna viðhaldi þeirra án þess að hafa atvinnuleyfi. Ekki náðist í forsvarsmenn GT verktaka í gærkvöldi.

**trausti@frettabladid.is**

Sala bankanna:

## Alþingi fer yfir skýrslu

**ÞINGI** Fjárlaganefnd samþykkti einróma á fundi sínum í gær að fara yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2003 um sölu ríkisbankanna. Magnús Stefánsson, formaður fjárlaganefndar, segir að nefndin fari af og til yfir slíkar skýrslur og ekki megi líta á ákvörðun hennar sem vísbendingu um að hún telji vinnulagi við sölu bankanna hafa verið ábótavant. „Okkur fannst ástæða til að fara yfir þessa skýrslu í ljósi umræðunnar að undanförnu þar sem ýmislegt hefur verið dregið sem gerir málið tortryggilegt.“



**MAGNÚS STEFÁNSSON**

Magnús býst við að nefndin ljúki yfirferðinni fyrir þinglok en vill þó ekki segja hvað taki þá við enda liggja niðurstöðurnar ekki fyrir. **- shg**

Fordómar í Noregi:

## Óhróður um Norðmenn

**NOREGUR** Miðstöð gegn kynþáttafordómum í Noregi hefur í fyrsta sinn ákveðið að höfða mál vegna kynþáttafordóma í garð Norðmanna.

Nýlega kom út bók í Noregi sem ber nafnið Synir Satans og er eftir íslamskan höfund sem ekki lætur nafns síns getið. Í bókinni er farið hörðum orðum um Norðmenn og lifnaðarhætti þeirra, og því meðal annars haldið fram að hár meðalaldur Norðmanna stafi af svínakjötsáti og að norskir karlmenn hafi ekki hugmynd um það hvort þeir séu raunverulega feður barna sinna. ■




Átök um hús sem Guðjón Samúelsson teiknaði:

## Barist gegn niðurrifi húss í Borgarnesi

**HÚS** Hollvinir Gamla mjólkursamlagsins í Borgarnesi mótmæla því að rífa eigi húsið og vilja að það verði byggt upp. Húsið var byggt eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar, fyrrum húsameistara ríkisins.

Halldór Hauksson, forsvarsmaður hollvinanna, segir fjölda einstaklinga hafa gert athugasemdir við bæjaryfirvöld vegna málsins: „Ég held nú að niðurrif hússins hafi vafist fyrir þeim. Af einhverjum ástæðum hins vegar gefa þau sér þær forsendur að húsið sé ónýtt og nota viðgerðarkostnað sem rök fyrir niðurrifinu. Það verður örugglega dýrt að gera það upp en húsið er það verðmætt að algerlega óleyfilegt er að rífa það.“

Pétur H. Ármannsson, arkitekt og varaformaður Húsafriðunarnefndar ríkisins, segir bygginguna hafa gildi fyrir staðinn. „Ég tel að Borgarnes væri fátækara ef hún væri rifin,“ segir Pétur. Fleiri álíka hús hafi risið. Söngskólinn í Reykjavík sómi sér vel í slíku húsi sem og gallerí í svokölluðu Listagili á Akureyri.

Ekki náðist í Pál S. Brynjarsson, bæjarstjóra í Borgarbyggð. **- gag**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MJÓLKURSAMLAGIÐ ER HÚSIÐ GRÁA VIÐ SJÓINN**
Pétur segir Mjólkursamlagið hafa verið volduga og fallega iðnaðarbyggingu. Hún eigi sér ekki marga keppinauta í nútímanum. Pétur talar á fundi hollvina hússins í kvöld.




# Franskir dagar

## í Kringlunni alla helgina

Kl. 17.30 í dag – Tískusýning á glæsilegum sumarfötum á börnin frá versluninni **Du Pareil au même**.

**Upplifðu franska stemningu og franskt vöruúrval!**

Franskir dagar eru samvinnuverkefni Fransk – íslenska verslunarráðsins og Kringlunnar í samstarfi við eftirtalda aðila:

FRANSK-ÍSLENSKA VERSLUNARRÁÐIÐ CHAMBRE DE COMMERCE FRANCO-ISLANDAISE · CITROËN · HAGKAUP · Délifrance · PEUGEOT · Liberté • Égalité • Fraternité RÉPUBLIQUE FRANÇAISE · Du pareil au même · Alliance Française

**Opið á morgun, sumardaginn fyrsta, 13-17**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Verslanir** | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| **Ævintýraland** | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 28026 4/2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 19.04.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,72 | 63,02 |
| Sterlingspund | GBP | 119,81 | 120,39 |
| Evra | EUR | 81,45 | 81,91 |
| Dönsk króna | DKK | 10,93 | 10,99 |
| Norsk króna | NOK | 9,92 | 9,98 |
| Sænsk króna | SEK | 8,85 | 8,90 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,59 |
| SDR | XDR | 94,91 | 95,47 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**112,20 +0,17%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Borgarfulltrúar um samgönguáætun ríkisins:

# Ekki samstíga um mótmæli

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Ekki náðist samstaða milli meirihluta og minnihluta borgarstjórnar um sameiginlega yfirlýsingu til Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra, þar sem átti að mótmæla rýrum hlut Reykjavíkurborgar í samgönguáætlun ríkisins. Þetta kom fram í máli Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur á fundi borgarstjórnar í gær.

Fulltrúar R-listans gagnrýndu að uppbygging á Mýrargötu væri ekki að finna á samgönguáætlun og að ríkið vildi einungis greiða fyrir ódýrustu mögulega uppbyggingu á svæðinu, auk þess sem ríkið vildi einungis greiða fyrir ódýrustu leið Sundabrautar. Þetta væri óviðunandi og benti Helgi Hjörvar meðal annars á að þetta væri eins og að benda á mögulegan fjallveg um Héðinsfjörð og krefja Siglfirðinga að greiða mismuninn, vildu þeir göng.

Sjálfstæðismenn og Ólafur F. Magnússon tóku undir að meira fé mætti koma til samgönguframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu, en sögðu R-listann bera ábyrgð á töfum á úrbótum í samgöngumálum. Meðal annast væri ekki gert ráð fyrir mislægum gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar á samgönguáætlun, þar sem R-listinn hefði tvívegis tekið slík gatnamót af dagskrá. - SS



**SUNDABRAUTIN ER EKKI Á ÁÆTLUN** Borgarfulltrúar R-listans mótmæltu samgönguáætlun samgönguráðherra í gær. Alfreð Þorsteinsson sagði Sturlu duglausan og kallaði eftir því að Gunnar I. Birgisson yrði gerður að samgönguráðherra.

Reykjavíkurhafnir:

# 380 milljóna hagnaður

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Þær hafnir sem nú mynda Faxaflóahafnir sf. skiluðu 380 milljónum í rekstrarafkomu á síðasta ári. Þetta kom fram í máli Helga Hjörvar á fundi borgarstjórnar í gær.

Helgi er jafnframt stjórnarformaður Faxaflóahafna. Sérstaklega sagði hann afkomu Reykjavíkurhafna hafa verið framar vonum. Bæði hefðu tekjur verið umfram væntingar, aukist um 100 milljónir, og gjöld undir áætlunum. Rekstrarafgang Reykjavíkurhafna sagði hann hafa verið 356 milljónir á síðasta ári. - SS

Condoleezza Rice:

# Sprengjuhótun á hótelinu

**MOSKVA, AP** Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, dvaldi í Moskvu í gær þar sem hún ræddi við Vladimír Pútín, forseta Rússlands, um lýðræðisþróun í landinu.

Koma Rice til Moskvu dróst vegna sprengjuhótunar sem barst hótelinu sem hún átti að dvelja á. Engin sprengja fannst þó.

Rice er sérfræðingur í málefnum Rússlands. Í viðtali við blaðamenn sagði hún að þótt lýðræði í landinu væri enn ófullburða væru engar líkur á að alræðisstjórn yrði tekin upp í landinu á ný.

Í dag heldur Rice hins vegar til Litháens þar sem utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins fer fram. ■

Hvalveiðar Norðmanna:

# Stærsti kvóti í áratug

**NOREGUR** Hvalveiðivertíðin er hafin við Noreg og er hrefnukvótinn sá stærsti í tíu ár. Alls er heimilt að veiða 797 dýr og gert ráð fyrir að 31 bátur stundi veiðarnar. Norðmenn hófu hvalveiðar í atvinnuskyni að nýju árið 1993 en erfiðlega hefur gengið að koma afurðunum á markað hvort heldur er innanlands eða utan. Hrefnuveiðimenn ætla að efna til herferðar í því skyni að auka áhuga Norðmanna á að leggja sér hvalkjöt til munns.

Óvíst er hvort einhverjar hvalveiðar verða stundaðar hér við land á þessu ári. - SSAL

# Rotaður í biðröð við Hverfisbarinn

**Maður var rotaður í biðröð á skemmtistað eftir að hafa bent hópi manna sem ruddist fram fyrir hann á að það væri röð. Dyravörður segir árásarmennina hafa verið svo tryllta að dyraverðir hafi ekki treyst sér í átökin.**

**LÖGREGLUMÁL** Ofbeldismenn réðust á tvo menn af tilefnislausu fyrir utan Hverfisbarinn í miðborginni á laugardagskvöldið. Fórnarlömbin hafa lagt fram kæru. Árásin var tekin upp á myndband öryggismyndavéla sem gæta gestanna á staðnum. Myndbandið er í höndum lögreglunnar. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær var ekki búið að finna mennina.

Maðurinn sem fyrst varð fyrir árás hópsins segir að hann hafi ásamt félögum sínum verið framarlega í röð Hverfisbarsins þegar hópur ungra manna hafi reynt að troða sér fram fyrir. Hann hafi snúið sér við og bent hópnum á að það væri röð en þá hafi mennirnir slegið hann niður. Hann hafi kastast í vegg og rotast. Hann viti ekki meir. Maðurinn segist hafa fengið heilahristing við árásina auk þess að vera lemstraður. Lögreglan hafi flutt hann á slysadeild. Honum hefur verið sagt að annar maður úr röðinni, sem hann þekki ekki, hafi komið honum til bjargar þar sem barsmíðarnar, spörk og hnefahögg, hafi dunið á honum þar sem hann lá rotaður. Hópurinn hafi einnig ráðist á þann mann.

Yfirdyravörður á Hverfisbarnum, Skúli Guðmundsson, segir árásarmennina hafa staðið utan við barinn um tvöleytið á laugardagskvöldið og viljað inn. Hann staðfestir lýsingu mannsins á upphafi árásarinnar.

„Þeir hoppa tveir til þrír á manninn og síðan voru þeir farnir.



FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**LÍF Í MIÐBÆNUM**
Hópur karlmanna lúskraði illilega á tveimur sem stóðu í röð á skemmtistað í miðbænum. Báðir hafa kært og myndavélarnar á skemmtistaðnum bera vitni um hverjir voru á ferð. Erill var mikill í miðbænum þetta kvöld rétt eins og kvöldið sem myndin var tekin.

Þetta gerðist mjög snöggt. Við stóðum eftir og trúðum ekki að þetta hefði gerst," segir Skúli. Árásin hafi komið dyravörðunum í opna skjöldu og ekki verið lík neinni annarri sem hann hafi orðið vitni að. Þeir hafi hræðst um líf sitt og kallað til lögreglu. Skúli segist ekki hafa brugðist við eins og hann sé vanur og enn vera í áfalli eftir að hafa horft á árásina á manninn.

„Ég varð hálfdofinn því ég hef aldrei lent í svona áður. Tryllingurinn og brjálæðið var svo mikið og ekki bara hjá einum manni eins og við sjáum heldur hjá öllum hópnum. Hann var gjörsamlega trylltur," segir Skúli.

Stefán Örn Guðjónsson rannsóknarlögreglumaður segir að hlustað á vitni áður en sakborningar séu kallaðir í yfirheyrslu.

gag@frettabladid.is



**ADOLFO SCILINGO**
Scilingo sýndi engin svipbrigði þegar dómurinn var kveðinn upp. Ættingjar þeirra sem hann var dæmdur fyrir að myrða fögnuðu hins vegar ákaft.

Argentínumaður:

# Dæmdur í 640 ára fangelsi

**MADRID, AP** Adolfo Scilingo, fyrrverandi herforingi í argentínska hernum, var í gær dæmdur af spænskum undirrétti í 640 ára fangelsi fyrir þátttöku sína í gagnaðgerðum herforingjastjórnarinnar gegn meintum vinstrimönnum á árunum 1976-83.

Scilingo var sakfelldur fyrir að hafa látið fleygja 30 manns út úr flugvélum á meðan á „skítuga stríðinu" stóð. Saksóknarar höfðu upphaflega krafist 9.138 ára fangelsis.

Dómurinn er sá fyrsti sem kveðinn er upp á Spáni samkvæmt lögum sem heimila réttarhöld yfir þeim sem fremja glæpi gegn mannkyni í öðru ríki. Honum hefur þegar verið áfrýjað. ■

## ASÍA

**LEIT HÆTT Í RÚSTUM** Vika er síðan klæðaverksmiðja hrundi til grunna í Bangladess. Nú hefur björgunaraðgerðum verið hætt enda er ekki búist við að fleiri finnist á lífi. 73 lík fundust í rústunum en 90 manns komust lífs af.

**17 TALIBANAR SKOTNIR** Afganskir hermenn hófu stórsókn gegn talibönum sem höfðu hreiðrað um sig í fjallahéruðum suður af höfuðborginni Kabúl. Viðskiptum þeirra lyktaði með því að sautján uppreisnarmenn lágu í valnum og sextán voru handsamaðir.






## Veðrið

**NORÐANMENN SIGURVEGARAR** Þó víða verði bjart á landinu njóta Akureyringar og nærsveitamenn þess að vindur er þar hægur, öfugt við höfuðborgarsvæðið. Verðum við því ekki að segja að norðanmenn sigri annan daginn í röð? En sá hlær best sem síðast hlær.

**EN HELGIN?** Hún verður ágæt. Horfur eru á hægviðri bæði laugardag og sunnudag. Skýjað verður með köflum og áfram milt. Gæti allt eins viðrað vel til að viðra viðlegubúnaðinn fyrir sumarið...ekki ónýtt!



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### dag um h degi




### Á morgun, sumardaginn fyrsta




Hæglætisveður. Hætt við minniháttar vætu allra vestast á landinu.

### Föstudagur




Hæg breytileg átt og úrkomulítið.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C | skýjað | París | 13°C | léttskýjað | Torrevieja | 23°C | léttskýjað |
| Osló | 9°C | skýjað | Berlín | 11°C | léttskýjað | Milano | 14°C | léttskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C | skýjað | Frankfurt | 10°C | alskýjað | New York | 30°C | léttskýjað |
| Helsinki | 2°C | skýjað | Madrid | 18°C | léttskýjað | San Francisco | 20°C | léttskýjað |
| London | 12°C | alskýjað | Barcelona | 17°C | skýjað | Orlando/Florida | 28°C | léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Grillaðu um helgina



Kjöt & fisktorgið

20% afsláttur

## Nautalundir

TILBOÐ
3.183 kr/kg
Verð áður 3.979,-

**NAUTALUNDIR**
700-800 g nautalundir
(sinuhreinsaðar)
salt og pipar
2 msk. smjör
1 stk. hvítlauksgeiri (kraminn)

Steikið nautalundina í smjörinu og hvítlauknum á heitri pönnu á öllum hliðum þannig að hún lokist alveg, þá er hún sett inní 200° heitan ofn í ca. 15 mín. eða þar til kjarnhitinn verði 65° (medium) þá er lykilatriði að hún fái að standa á borði í lágmark 15 mín. áður en hún er skorin í sneiðar.

landslið matreiðslumeistara

**Ragnar Ómarsson**
Veitingamaður og keppandi
á Bocuse d'or 2005



STERLING

4.499* kr
á mánuði
í 12 mánuði
Verð 53.988,-
verð áður 59.900,-

### Sterling 2588

- Brennari: 13.2kW H-Brennari úr ryðfríu stáli
- Heildar umfang: 3903cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu



Holta-kjúklingur

30% afsláttur við kassa

TILBOÐ
1.467 kr/kg
Merkt verð 2.095,-

**Holta** ferskar **Kjúklingalundir**



TILBOÐ
249 kr/stk
Verð áður 319,-

**Sól** ávaxtasafar



Bezt

35% afsláttur við kassa

Koníakslegnar
**svínakótilettur**
m/beini

TILBOÐ
974 kr/kg
Merkt verð 1.498,-

Koníakslegin
**svínahnakki**
úrbeinaður

TILBOÐ
974 kr/kg
Merkt verð 1.498,-

**Bezt** grillkjöt

Gildir til 24. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Verður R-listinn í framboði í næstu borgarstjórnarkosningum?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 45% |
| Nei | 55% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga Samfylkingin og Vinstri grænir að sameinast?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Innflytjendur eru um 3,6 prósent af heildarmannfjölda á Íslandi:

# Innflytjendum fjölgar um 500

**INNFLYTJENDUR** Erlendum ríkisborgurum á Íslandi fjölgaði um tæplega fimm hundruð manns á síðasta ári samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Í lok síðasta árs voru alls 10.636 einstaklingar með erlent ríkisfang búsettir hérlendis en þeir voru 10.180 í lok árs 2003. Pólverjar eru enn sem fyrr langfjölmennastir í hópi innflytjenda eða rétt rúmlega 1.900 og fjölgaði þeim um 50 frá 2003.

Fjöldi innflytjenda sem hlutfall af heildarmannfjölda í landinu er þó enn nokkuð lægri hérlendis en í nágrannalöndum okkar.

Hann var 3,6 prósent í lok árs í fyrra en til samanburðar var hlutfallið 4,5 prósent í Noregi, 5,0 prósent í Danmörku og 5,3 prósent í Svíþjóð.

Undanfarinn áratug hefur íbúum með erlent ríkisfang á Íslandi fjölgað um helming en þeir voru 1,8% þjóðarinnar árið 1995.

- ssal



**INNFLYTJENDUR**
Enn fjölgar erlendum ríkisborgurum á Íslandi.

Reyðarfjörður:

# Nýtt hótel

**FERÐAÞJÓNUSTA** Mikill uppgangur er í atvinnulífinu í Fjarðarbyggð um þessar mundir í tengslum við byggingu nýs álvers. Arnfinnur Bragason, hótelstjóri Fosshótels á Reyðarfirði, hefur sótt um lóð undir nýtt hótel á Reyðarfirði. Arnfinnur segir að innan tveggja vikna skýrist hvort ráðist verði í framkvæmdir en hann segir kostnaðinn um 60 milljónir króna.

„Ætlunin er að nýja hótelið verði rekið í tengslum við Fosshótel og þar verði gestamóttaka og matsala en gistiherbergin, 30 talsins, verða í nýja hótelinu,“ segir Arnfinnur.

- kk

birta

SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »



**UNDIR ÖSKJUHLÍÐINNI**
Nú er ljóst að Háskólinn í Reykjavík mun byggjast upp í Vatnsmýrinni, en ekki í Urriðaholti.



**VIÐ NAUTHÓLSVÍKINA**
Konur í Sjálfstæðisflokknum hafa sagt útivistarsvæði skerðist. Borgarstjóri segir hins vegar ætlunina að stækka útivistarsvæðið.

MJÓLKURFÉLAG REYKJAVÍKUR HF.

MR

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Mjólkurfélags Reykjavíkur hf. verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, 4. hæð, föstudaginn 29. apríl nk. kl. 14.00.

Á dagskrá aðalfundar eru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins og lögum um hlutafélög nr. 2/1995.

Fundargögn munu liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund, hluthöfum til sýnis.

Reykjavík 19. apríl 2005
Stjórnin

# Háskólinn í Vatnsmýrina

**Tilkynnt var í gær að Háskólinn í Reykjavík hefur valið Vatnsmýrina sem framtíðaruppbyggingarland. Meðal þess sem hafði áhrif á ákvörðunina var uppbygging vísindagarða og nánd við Háskóla Íslands. Rektor skólans segist sannfærð um að valið sé rétt.**

**HÁSKÓLAR** Háskólinn í Reykjavík mun byggjast upp í Vatnsmýrinni og verður því ekki Háskólinn í Reykjavík í Garðabæ. Þetta var niðurstaða forráðamanna Háskólans í Reykjavík sem kynnt var í gær. Áætlað er að hefja framkvæmdir í lok árs 2006 og að starfsemi hefjist á nýjum stað, á milli Hótels Loftleiða og Nauthólsvíkur, haustið 2008. Þá er gert ráð fyrir að nemendur verði um 3.000 og starfsmenn um 200. Valið stóð á milli Vatnsmýrarinnar og Urriðaholts í Garðabæ.

Sverrir Sverrisson, formaður háskólaráðs Háskólans í Reykjavík, sagði að eftir að forráðamenn skólans hefðu farið yfir kostina tvo á grundvelli vinnu þriggja óháðra ráðgjafa; Línuhönnunar, VSÓ ráðgjafar og sérfræðinga frá Rickes Associates í Boston, hafi þetta verið samhljóða niðurstaða. Það sé þeirra trú að þarna sé framtíð skólans betur borgið. Þeir þættir sem hafðir voru að leiðarljósi hafi verið tækniþróun, nýsköpun og samstarf. Í Vatnsmýrinni verði stutt í vísindagarða sem eiga að rísa og í Háskóla Íslands, en Sverrir reiknar með samstarfi skólanna í framtíðinni. „Við reiknum með að rannsóknastofnanir komi til okkar, þannig að þetta verður þekkingarsvæði. Þarna verður góður garður fyrir rannsóknir og eflingu á vísindastarfi og þekkingu í framtíðinni.“

Í fréttatilkynningu segir að framtíðarsýn Háskólans í Reykjavík sé að byggja upp alþjóðlega menntastofnun sem verði fyllilega sambærileg við bestu háskóla erlendis í viðskiptafræði, lögfræði, stjórnendamenntun, verkfræði, tölvunarfræði, tæknifræði, kennslufræði og á fleiri sviðum. Staðsetning í Vatnsmýrinni styðji við þá framtíðarsýn.

Guðfinna Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, fagnar ákvörðuninni og segist sannfærð um að þetta hafi verið rétta valið.

Nú munu hefjast formlegar viðræður við Reykjavíkurborg um uppbygginguna háskólans og tengdrar starfsemi á svæðinu. Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir að meðal þess sem eigi eftir að semja um sé stærð svæðisins sem skólinn fái til yfirráða og hversu mikið hann muni greiða í gatnagerðargjöld til borgarinnar.

svanborg@frettabladid.is

„Allir vildu Lilju kveðið hafa”

Námskeið í flutningi á bundu máli





**Föstudaginn 22. apríl frá kl. 16-19** og **laugardaginn 23. apríl frá kl. 13-16** stendur Fræðsludeild Þjóðleikhússins fyrir námskeiði í flutningi á bundnu máli. Fjallað verður um mismunandi form ljóða, hvernig best er að nálgast þau auk þess sem líkamsstaða, raddbeiting, framburður, bragfræði, hrynjandi bundins máls og túlkun eru æfð.

Leiðbeinendur eru **Margrét Pálsdóttir** málfræðingur og **Sigurður Skúlason** leikari.

Námskeiðsgjald er kr. 6.000.
**Takmarkaður fjöldi þátttakenda.**

**Hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á fraedsla@leikhusid.is eða með því að hringja í síma 585 1241.**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Borgarstjórinn í Reykjavík:

## Hárrétt ákvörðun

**HÁSKÓLAR** Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, óskar Háskólanum til hamingju með ákvörðunina. Hún sé byggð á vönduðum og faglegum vinnubrögðum en komist hafi verið að niðurstöðu sem sé alveg hárrétt og þarna fari sameiginlegir hagsmunir Reykjavíkurborgar og Háskólans saman. „Þetta mun styrkja ímynd Reykjavíkur sem alþjóðlegrar háskólaborgar. Þarna í Vatnsmýrinni mun byggjast upp þekkingar- og nýsköpunarumhverfi. Það má eiginlega segja að þarna byggist upp nokkurs konar Silicon Valley.“

- ss



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**
Borgarstjórinn í Reykjavík segir ákvörðunina styrkja ímynd Reykjavíkur sem háskólaborgar.

Bæjarstjórinn í Garðabæ:

## Uppbygging heldur áfram

**HÁSKÓLAR** Bæjarstjórinn í Garðabæ, Ásdís Halla Bragadóttir, óskar Háskólanum í Reykjavík til hamingju með fengna niðurstöðu. „Ég vona að skólanum gangi vel að byggja upp á nýjum stað,“ segir Ásdís en viðurkennir að hún hefði frekar viljað sjá skólann rísa í Garðabæ: „Þess vegna lögðum við okkur fram við að þróa skemmtilega hugmynd að háskólasamfélagi í Urriðaholti. En við erum að hefja uppbyggingu í Urriðaholti á annarri starfsemi; verslun og þjónustu, íbúðarbyggð og fleiru. Við höldum því áfram og þær framkvæmdir hefjast á þessu ári.“

- gag



**ÁSDÍS HALLA BRAGADÓTTIR**
Bæjarstjórinn í Garðabæ segir verslunar- og þjónustukjarna munu rísa í Urriðaholti ásamt íbúðarbyggð.



# GLEÐILEGT SUMAR!



TILBOÐ

SUMARDAGSKARFAN

**1.995kr**



TILBOÐ

IÐNA LÍSA

**495kr**



TILBOÐ

BEGONIA

**495kr**

## TILBOÐSTORGIÐ

| | |
|---|---|
| Strákústar 50 cm breiðir | kr. 790,- |
| Ruslasekkir 10 í pk. | kr. 295,- |
| Laufhrífa | kr. 680,- |
| Handklippa | kr. 495,- |
| Stórgreinaklippur | kr. 1995,- |



20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM EPLATRJÁM



TILBOÐ

HIMALAJAEINIR

**1.280kr**

GARÐHÚSGÖGNIN VINSÆLU



TILBOÐ



PALLAHITARI

**19.990kr**

15% AFSLÁTTUR



KURLARAR

15% AFSLÁTTUR



MOLTUKASSAR

TILBOÐ



TOPPKLIPPA M/SÖG

**4.980kr**

WEBER



-og þú grillar áhyggjulaust!

TILBOÐIN GILDA FRÁ MIÐVIKUDEGI TIL SUNNUDAGS

**MUNIÐ KEPPNI UM:**

BEST ÚTFÆRÐA MATJURTAGARÐINN OG STÆRSTU MATJURTINA 2005

**VEGLEG VERÐLAUN Í BOÐI!**

GARÐHEIMAR

*allt í garðinn á einum stað!*

**Góð Ráð Garðheima:**

Nú er rétti tíminn til að sá grænmetisfræjunum, gott að byrja að forrækta í eldhúsglugganum.

Stekkjarbakka 4-6 - Reykjavík - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Töfrandi smáréttur
– fyrir vini og vandamenn



Kryddað lambakjöt með lárperum

6–700 g lambahryggvöðvi (file)
1 msk. engifer, rifið eða saxað smátt
2 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt
2 tsk. kummin, malað
2 tsk. kóríanderfræ, möluð
1/2 tsk. chilipipar (eða eftir smekk)
salt
1 msk. olía

2 lárperur, vel þroskaðar
1 rauð paprika, stór
1 rauðlaukur
1 chilialdin, rautt eða grænt
safi úr 2 límónum
fersk kóríanderlauf
nýmalaður pipar

Kryddinu blandað saman og núið vel inn í lambið. Látið standa í hálfa til eina klukkustund. Olían hituð á pönnnu og kjötið saltað svolítið og steikt við góðan hita þar til það er brúnað á öllum hliðum; lengur ef það á að vera steikt í gegn. Tekið af pönnunni, álpappír breiddur yfir og látið standa í nokkrar mínútur.

Lárperurnar afhýddar og skornar í litla teninga. Paprikan fræhreinsuð og söxuð. Rauðlaukurinn skorinn í fjórðunga og þeir síðan í þunnar sneiðar. Chilialdinið fræhreinsað og skorið í örþunnar sneiðar og kóríanderlaufin söxuð. Öllu blandað saman á fati ásamt límónusafa og síðan er kjötið skorið í þunnar sneiðar á ská og sett í hrúgu ofan á. Pipar malaður yfir og skreytt með kóríanderlaufi.

Fíton/SÍA FI011955

lambakjöt – léttur réttur
Uppáhald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is

Breyting á lögum um olíu- og kílómetragjald:

# Dísilolía verður dýrari en bensín

**NEYTENDUR** „Það er ljóst að þetta er ekki alveg það sem menn stefndu að með þessu frumvarpi í upphafi,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, vegna þeirra ummæla Geirs Haarde fjármálaráðherra að á óvart komi að dísilolía verði dýrari en bensín eftir breytingar á lögum um olíu- og kílómetragjald sem gildi taka í júlí.

Reiknað hefur verið út að eftir breytingarnar mun lítri af dísilolíu kosta 104 krónur hið minnsta en þá er ekki reiknað með álagningu olíufélaganna. Bensínlítrinn kostar í dag til samanburðar rúmlega 100 krónur.

Ein meginhugmyndin með breytingunni þegar hún var ákveðin var að hvetja almenning í landinu til að fjárfesta í umhverfisvæni bílum en dísilbílar menga minna en bensínbílar og nýta eldsneytið betur. Runólfur segir að sú hugmynd falli um sjálfa sig meðan dísilverðið helst hærra eða svipað og bensínverð. „Fyrir utan hærra eða svipað eldsneytisverð eru dísilbílar að jafnaði dýrari í kaupum en bensínbílar svo að ávinningur almennings er nánast enginn eins og staðan er í dag.“ - aöe



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON**
Framkvæmdastjóri FÍB telur ólíklegt að fólk kaupi díselbíla ef díselolía verður dýrari en bensín.

# Horft vonaraugum til Íslands

## Leiðarahöfundur Financial Times segir Íslendinga hugsanlega geta hjálpað Evrópusambandinu úr þeirri kreppu sem kæmi upp ef Frakkar höfnuðu stjórnarskrársáttmálanum.

**EVRÓPUMÁL** Gætu Íslendingar séð Evrópusambandinu fyrir neyðarleið út úr þeirri kreppu sem upp kæmi ef Frakkar höfnuðu stjórnarskrársáttmála sambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslu? Að þessu spyr leiðarahöfundur Financial Times í gær.

Þannig er mál með vexti að staðfesti ekki allar hinar 25 núverandi aðildarþjóðir Evrópusambandsins stjórnarskrársáttmálann – sem í daglegu tali er oft kallaður stjórnarskrá en er í raun aðeins nýjasta uppfærsla stofnsáttmála ESB – getur hann ekki gengið í gildi.

Lögformlega þyrfti því að endurtaka allt ferlið, kalla saman nýja ríkjaráðstefnu, ná nýjum málamiðlunum og fá útkomuna samþykkta af þingum og þjóðum aðildarríkjanna. Þetta tæki mörg ár. Þar sem skoðanakannanir benda til að franskir kjósendur muni í atkvæðagreiðslu í lok maí hafna staðfestingu sáttmálans leita embættismenn ESB að leiðum til að koma þrátt fyrir það mikilvægustu uppfærslunum á stjórnkerfi ESB í gildi.

Ein þessara hugsanlegu leiða væri að bæta þessum uppfærsluákvæðum við næsta nýja aðildarsamning. Þetta var leið sem fyrst kom til umræðu eftir að naumur meirihluti þeirra sem tóku þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu á Írlandi hafnaði árið 2001 svonefndum Nice-sáttmála, síðustu uppfærslu stofnsáttmálans fyrir stjórnarskrársáttmálann.

En nú vill svo til að búið er að ganga frá aðildarsamningum Rúmeníu og Búlgaríu – utanríkisráðherrar sambandsins munu undirrita þá þann 25. þessa mánaðar. Næstu lönd í biðröðinni eru lönd eins og Króatía, Albanía og Tyrkland, og ekkert þeirra er líklegt til að ljúka aðildarsamningum fyrr en í fyrsta lagi árið 2009. Að sögn Financial Times horfa því sumir í Brussel vonaraugum til Íslands, sem er nú þegar það vel aðlagað ESB í gegnum EES-aðildina að það gæti tekið stuttan tíma að ganga frá samningum um fulla aðild landsins. Með þeim samningum gæfist tækifæri til að koma nauðsynlegustu stofnsáttmálauppfærslunum í gagnið fyrr en ella.

Leiðaranum lýkur á orðunum: „En væri Ísland tilbúið að taka slaginn? Ef eyþjóðin gæti boðið ESB lausn á stjórnskipunarvanda sínum kynnu ráðamenn þess að gera henni tilboð sem hún gæti ekki hafnað. Íslensku fiskimiðin yrðu örugg enn um sinn.“

audunn@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**STAÐFESTING STJÓRNARSKRÁR**
Evrópusambandsfáni blaktir yfir Parþenonhofi í Aþenu, en gríska þingið staðfesti stjórnarskrársáttmála ESB í gær. Þar með varð Grikkland fimmta landið til þess að staðfesta sáttmálann. Ef eitthvert hinna ESB-landanna 20 staðfestir hann ekki tekur hann ekki gildi.

Öldutúnsskóli í Hafnarfirði:

# Allt innbú ónýtt eftir bruna

**ELDSVOÐI** „Þetta er auðvitað áfall fyrir okkur en þetta hefur ekki bein áhrif á skólastarfið þar sem þarna var ekki um eiginlega skólastofu að ræða,“ segir María Pálmadóttir, aðstoðarskólastjóri Öldutúnsskóla í Hafnarfirði.

Í fyrrinótt brann ein lausra skólabygginga skólans til kaldra kola en hún var aðallega notuð til gæslu þeirra barna sem bíða þurftu foreldra sinna að skóladegi loknum. Í húsinu var búið að koma upp leikaðstöðu fyrir börnin en í eldinum skemmdist allt innbú. María segir að vonast sé eftir öðru húsnæði í staðinn en á meðan fá börnin inni í skólanum sjálfum.

Lögregla rannsakar eldsupptök.

- aöe



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ALLT ÓNÝTT**
Eitt skólahúsa Öldutúnsskóla er ónýtt eftir eldsvoða í fyrrinótt en það var notað sem tómstundaherbergi yngstu barnanna í skólanum.

# BLÁA BOMBAN

## Í DEBENHAMS

# 20%

## VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

**af útsöluverði reiknast við kassa**

Komdu og gerðu ótrúleg kaup - áður en allt klárast!

Opið á sumardaginn fyrsta.

DEBENHAMS

SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 27099 01/2005



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**FLÖSKUÚTGERÐ**
Hún var drjúg veiðin hjá þessum flöskukarli á Akureyri síðastliðinn sunnudag. Hann fyllti fimm innkaupapoka í miðbænum árla morguns en fleiri starfsbræður hans voru á sömu miðum og náðu einnig góðum afla.

Lögreglumenn í hættu vegna ölvaðs ökumanns:

# Skemmdi tvo lögreglubíla

**LÖGREGLUMÁL** Tveir lögreglumenn voru fluttir á slysadeild í fyrrinótt eftir að hafa lent í eltingarleik við ölvaðan ökumann sem ók um á ofsahraða. Tókst loks að stöðva för hans við Rauðavatn en þó ekki fyrr en brotamaðurinn hafði ítrekað ekið á þá tvo lögreglubíla sem króað höfðu hann af.

Var maðurinn að sögn lögreglu handtekinn eftir ofsaakstur um höfuðborgina í fyrrakvöld og látinn laus eftir skýrslutöku en ekki leið á löngu áður en sami maður sást aftur á fleygiferð undir stýri á Reykjanesbrautinni og hófst þá eltingarleikur á ný. Lauk honum við Rauðavatn þar sem náðist að loka ökumanninn af.

Lögreglumennirnir reyndust ekki alvarlega slasaðir og fengu að fara heim eftir að hafa gengist undir læknisskoðun. Tveir bílar lögreglu eru talsvert skemmdir eftir atvikið.

- aöe



**ANNAR LÖGREGLUBÍLANNA SEM SKEMMDUST**
Hvorugur þeirra skemmdist alvarlega og verða þeir komnir aftur á götur borgarinnar fljótlega.

Handtökuskipun á síbrotamann:

# Mætti ekki til dóms

**DÓMSMÁL** Handtökuskipun hefur verið gefin út á hendur rúmlega þrítugum karlmanni fyrir að mæta ekki til dóms í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þar átti að taka fyrir framhaldsmeðferð í máli á hendur honum vegna ráns sem hann framdi í lok síðasta árs.

Maðurinn hefur einnig verið ákærður fyrir margs konar önnur afbrot sem hann hefur framið undanfarið ár. Málum gegn manninum verður fram haldið 11. maí, svo framarlega sem hann lætur sjá sig í dómsal.

- ssal

Akureyri:

# Sex rúður voru brotnar

**LÖGREGLA** Sex rúður í fimm strætóskýlum voru brotnar á Akureyri aðfaranótt þriðjudags.

Tjónið er umtalsvert þar sem hver rúða kostar um 70.000. Lögreglan hefur ekki ennþá haft hendur í hári skemmdarvarganna en biður alla sem urðu varir við mannaferðir þessa nótt að hafa samband.

-aöe

Stúdentar:

# Heita stuðningi

**MENNTUN** Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur sent frá sér tilkynningu þar sem það óskar nýstofnuðu Hagsmunaráði íslenskra framhaldsskólanema velfarnaðar í starfi og heitir stuðningi við félagið í þeim málum sem þurfa þykir.

Stúdentaráð vonast til að Hagsmunaráðið vinni ötullega að menntamálum sem og öðrum málum félaga sinna.

Hagsmunaráðið er vettvangur fyrir framhaldsskólanema til að koma skoðunum sínum á framfæri og berjast fyrir sameiginlegum hagsmunum. ■



**FORMAÐUR STÚDENTARÁÐS**
Elías Jón Guðjónsson.



**FÓTAÓEIRÐ**
Áætlað er að sjö til tíu prósent landsmanna þjáist af fótasjúkdómi sem getur valdið því að sjúklingar hvílist ekki almennilega á nóttunni vegna pirrings og kippa.

# Þúsundir þjást af fótaóeirð

**„Eins og gosvatn renni um æðar eða ormar skríði undir húð.“ Þannig lýsir yfirlæknir fótasjúkdómi sem er algengur meðal landsmanna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjöldamargir Íslendingar þjást af svokallaðri fótaóeirð, sem lýsir sér með mismiklum óþægindum eða skyntruflunum í ganglimum. Nú er verið að hleypa af stokkunum umfangsmikilli lyfjarannsókn sem miðar að því að finna lausnir á vanda þessa fólks. Auglýst hefur verið eftir þátttakendum.

„Fólk lýsir þessu sem dofa, pirringi, seyðingi eða verk,“ sagði Þórður Sigmundsson, yfirlæknir á geðsviði á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. „Sumir lýsa þessu eins og að gosvatn renni um æðar eða ormar skríði undir húð. Þessi einkenni koma gjarnan á kvöldin og fólki finnst það þurfa að hreyfa fæturna til að hrista þetta af sér og losna við óþægindin. Þeir sem eru illa haldnir eru friðlausir, geta illa setið kyrrir og þurfa að ganga um gólf. Stundum truflar þetta svefn fólks. Það er með þessi einkenni uppi í rúmi og gengur illa að sofna. Þessum kvilla fylgja einnig kippir í útlimum í svefni sem trufla svefn þannig að fólk hvílist ekki sem skyldi og er þreytt og syfjað á daginn. Þeir sem eru mjög illa haldnir þurfa á lyfjameðferð að halda. Þar hafa helst gagnast lyf sem notuð eru við Parkinsonveiki.“

Þórður sagði að ýmsir þættir gætu aukið líkurnar á þessum kvilla, svo sem neysla koffíndrykkja, áfengis og notkun tiltekinna geðlyfja. Orsökin að fótaóeirð væri ekki að fullu þekkt, en í 60-80 prósentum tilvika væri fjölskyldusaga á bak við hana og hún því klárlega bundin í erfðum. „Það er talað um að tíðni fótaóeirðar sé sjö til tíu prósent,“ sagði Þórður.

Erfðafræði þessa sjúkdóms er í rannsókn hjá Íslenskri erfðagreiningu í samstarfi við bandarískan háskóla og lækna á Landspítalanum. Fyrstu niðurstöður voru nýlega kynntar á ráðstefnu í New Orleans í Bandaríkjunum.

Þórður sagði að lyfjarannsóknin sem nú væri að fara af stað væri í samvinnu við enCode, lyfjarannsóknarfyrirtæki Íslenskrar erfðagreiningar og bandarískt lyfjafyrirtæki, sem væri að prófa verkun tiltekins lyfs við fótaóeirð. Um væri að ræða fyrstu klínísku rannsóknina sem gerð hefði verið í heiminum á þessu lyfi.

jss@frettabladid.is




Álversframkvæmdir eystra:

# Starfsmannaþorpið opnað

**STÓRIÐJA** Starfsmannaþorp Fjarðaáls í Reyðarfirði var formlega opnað um síðustu helgi. Í þorpinu búa nú um 300 manns en þegar framkvæmdirnar við álverið í Reyðarfirði ná hámarki sumarið 2006 verða þar um 1.500 manns.

Í þorpinu er nú þegar komið bókasafn með netaðgangi fyrir starfsmenn, leikfimisalur og afþreyingarhús þar sem hægt er að leika billjard og borðtennis. Allir starfsmenn eru í sérherbergi þar sem meðal annars er skrifborð, sjónvarp og vandað rúm.

- kk



**KLIPPT Á BORÐANN**
Starfsmannaþorpið var opnað við formlega athöfn og Andy Cameron staðarstjóri og Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, klipptu á borða.



# Til hamingju Hafnfirðingar

*Eitt öflugasta íþróttafélag landsins, FH, tekur í dag kl. 17.00 í notkun nýtt og glæsilegt knatthús í Kaplakrika í Hafnarfirði. Knatthúsið mun verða FH og Hafnfirðingum öllum ómetanleg lyftistöng við uppbyggingu öflugs íþróttastarfs í framtíðinni.*

***Dagskráin hefst kl. 17.00***

- *Guðmundur Árni Stefánsson, formaður knattspyrnudeildar FH, býður gesti velkomna.*
- *Jón Rúnar Halldórsson, formaður hlutafélagsins FH-knatthúss, rekur byggingarsögu hússins og fjallar um væntanlega starfsemi.*
- *Ávörp: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Lúðvík Geirsson bæjarstjóri Hafnarfjarðar og Ingvar Viktorsson formaður FH.*
- *Björgólfur Guðmundsson tilkynnir nafn nýja knatthússins fyrir hönd styrktaraðila og opnar húsið formlega.*
- *Yngstu FH-ingarnir spila fyrsta leikinn.*

***Léttar veitingar – skemmtilegir tónar.***
***Allir Hafnfirðingar og aðrir velunnarar eru hjartanlega velkomnir!***

*Fyrsta mótið í hinu nýja knatthúsi, Þórismótið, verður haldið um næstu helgi, 23.–24. apríl, í minningu Þóris Jónssonar en þar keppa yngstu iðkendur FH og Hauka. Við hvetjum alla Hafnfirðinga til að mæta.*

Styrktaraðilar hins nýja íþróttahúss eru Actavis, Landsbankinn og Eimskip.

actavis EIMSKIP Landsbankinn

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**HJÓLAÐ Í ÞOKUNNI**
Æsispennandi hjólreiðamót fór fram í Hollandi um helgina. Kapparnir létu ekki svarta þoku á sig á heldur stigu þeir fáka sína af enn meiri þrótti.

Almenningssamgöngur:

# Með strætó upp á Akranes

**SAMGÖNGUR** Næsta haust geta menn tekið sér far með strætó frá Reykjavík til Akraness ef áform atvinnumálanefndar Akraneskaupstaðar ná fram að ganga. Viðræður hafa átt sér stað á milli formanns atvinnumálanefndar ásamt bæjarritara Akraneskaupstaðar við forráðamenn Strætó bs. um að Akranes tengist almenningssamgöngum höfuðborgarsvæðisins.

Guðmundur Páll Jónsson, forseti bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar, segir að til að byrja með verði aðallega reynt að þjónusta atvinnu- og skólafólk og svo reynt að þróa samgöngurnar frekar svo þær nái til fleiri.

„Aðalatriðið er að leiðakerfið verði þannig að fólk spari peninga og tíma á að taka strætó,“ segir Guðmundur. Sem dæmi nefnir hann að reynt verði að hanna leiðirnar þannig að það tæki um þrjú korter til klukkutíma að fara úr Háskóla Íslands og upp á Skaga. „Það er því aldrei að vita nema að hægt verði að taka tvistinn upp á Skaga,“ bætir hann við og hlær.

– jse



**Á LEIÐ Í STRÆTÓ**
Ef áform atvinnumálanefndar á Akranesi ná fram að ganga verður hugsanlega hægt að taka tvistinn upp á Skaga.

Hrygningartími :

# Fá skip eru á miðunum

**FISKVEIÐAR** Aðeins eru um rífelga 100 skip á miðunum í kringum landið um þessar mundir en nú stendur yfir árleg veiðihlé á grunnslóð vegna hrygningar þorsks og skarkola. Veiðar hefjast að nýju 30. apríl næstkomandi. Þetta kemur fram á heimasíðu Fiskistofu.

Veiði á grásleppu, innfjarðarækju, hörpudiski, ígulkerjum, beitukóngi, kúfiski og til áframeldis á þorski eru þó heimilar á tímabilinu.

-ábi

## JAPAN

**HVALVEIÐIÁÆTLUN AUKIN** Japanar ætla að auka um nærri helming hrefnuveiðikvótann og bæta að auki við nokkrum hnúfubökum og langreyðum. Á síðustu árum hafa Japanar veitt um 400 hrefnur árlega.

Baskaland:

# Ibarretxe í klemmu

**VITORIA, AP** Flokki hófsamra baskneskra þjóðernissinna mistókst að ná meirihluta á löggjafarsamkomu Baskalands í kosningum sem haldnar voru þar á sunnudag. Juan Jose Ibarretxe, forseti héraðsins og leiðtogi flokksins, hafði vonast til að fá skýrt umboð frá kjósendum til að semja við spænsk stjórnvöld um aukið sjálfræði en flokkur hans fékk aðeins 29 af 75 sætum á þinginu.

Lítill kommúnistaflokkur náði óvænt níu þingsætum eftir að Batasuna, stjórnmálaarmur Aðskilnaðarsamtaka Baska (ETA) hafði lýst yfir stuðningi við hann. Starfsemi Batasuna hefur verið bönnuð síðan 2003. ■


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**JUAN JOSE IBARRETXE**
Úrslit kosninganna um helgina voru baskneska forsetanum talsverð vonbrigði.

Tryggingastofnun:

# Um 30 þúsund kort fyrsta árið

**HEILBRIGÐISMÁL** Bráðlega verður hægt að sækja um evrópskt sjúkratryggingakort á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins, eða frá og með 1. maí.

Talið er að á fyrsta árinu verði gefin út um 30 þúsund kort, samkvæmt upplýsingum frá TR. Evrópska sjúkratryggingakortið veitir handhafa rétt til heilbrigðisþjónustu við tímabundna dvöl í öðrum löndum innan EES á sama verði og heimamenn. Kortið hefur almennt tveggja ára gildistíma.

Kortið gildir eingöngu hjá heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum, apótekum og öðrum þjónustuaðilum með samninga við opinbera sjúkratryggingakerfið. Almannatryggingar taka ekki þátt í kostnaði vegna þjónustu sem veitt er á einkareknum sjúkrastofnunum og kortið gildir því ekki þar.

- jss




**TRYGGINGASTOFNUN**
Hægt verður að sækja um evrópskt sjúkratryggingakort frá og með 1. maí.







**Jamis Lady Bug**
12", 2ja-5 ára
Verð **8.790** kr.
Verð áður 10.990 kr.



**Jamis Laser 1.6**
16", 3ja-6 ára
Verð **9.590** kr.
Verð áður 11.990 kr.



**Ba**
20",
Ver
Ver



**Banzai**
24", 8-12 ára, 18 gíra, dempari að framan og aftan
Verð **11.990** kr.
Verð áður 14.990 kr.



**Jamis Capri 2.4**
24", 7-12 ára, álstell, 7 gíra
Verð **15.990** kr.
Verð áður 19.990 kr.

Davíð Oddsson um áhuga almennings á kaupum í Símanum:

# Fara verður varlega í skuldbindingar

**STJÓRNMÁL** „Mér finnst afar varhugaverðar þær raddir sem heyrast að verðgildi Símans geti allt að fimmfaldast að útboði loknu,“ segir Davíð Oddsson utanríkisráðherra. Hann fagnar þeim áhuga sem almenningur í landinu hefur sýnt á að eignast fyrirtækið en segir að fara verði varlega í ályktanir um stóran hagnað þeirra sem þátt munu taka.

Davíð telur jákvætt fyrir ríkið að sem flestir sýni kaupunum á Símanum áhuga og bætir við að augljóst sé að áhugi almennings sé meiri nú en áður. „Það hefur sýnt sig að slík kaup geta haft ýmis áhrif en ég tel afar varhugavert að haldið sé að almenningi að verðmæti fyrirtækisins muni margfaldast því það getur leitt til þess að fólk taki lán fyrir kaupunum og þar verða menn að gæta sín.“

Davíð segist engar sérstakar hugmyndir hafa um væntanlega kaupendur Símans að öðru leyti en því að þar fari hópur sem hafi áhuga á að reka fyrirtækið en sé ekki eingöngu að fjárfesta til skamms tíma í von um góðan hagnað. **- aöe**




**SALA SÍMANS**
Davíð Oddsson utanríkisráðherra varar við þeirri áhættufjárfestingu sem kaup í Símanum eru.



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**LOKSINS, LOKSINS!**
Súlan EA 300 er nú komin að bryggjunni við miðbæ Akureyrar eftir loðnuvertíð og slipptöku í kjölfarið. Sæbörnum Akureyringum finnst miðbæjarmyndin ekki fullgerð nema Súlan sé í höfn, enda mikil bæjarprýði, og sumir ganga svo langt að krefjast þess að fram fari umhverfismat áður en Súlan fær að halda til veiða.



**BÖRKUR NK**
Afli Barkar í fyrra var 71.121 tonn og aflaverðmætið hálfur milljarður króna.

Norsk-íslenska síldin:

## Börkur NK fær mest

**SÍLDVEIÐAR** Börkur NK má veiða mest íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum í ár; rúm 10.700 tonn. Þar á eftir koma Baldvin Þorsteinsson EA með tæp 9.700 tonn og Júpiter ÞH og Jón Kjartansson SU með um 8.000 tonn hvort skip.

Samtals mega íslensk skip veiða 157.700 tonn; hátt í 30 þúsund tonnum meira en í fyrra. **- kk**

Skógræktarfélags Íslands opnar vefsíðu:

## Ráðherrar á grænni grein

**SKÓGRÆKT** Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra og Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra opnuðu á mánudag við formlega athöfn nýja vefsíðu sem þverfaglegur starfshópur undir stjórn Skógræktarfélags Íslands hefur unnið að.

Magnús Jóhannesson, formaður félagsins, sagði að fyrir tveimur árum hefði farið fram mikil umræða um skógrækt og að hún yrði að fara fram með þeim hætti að hún raskaði ekki náttúru eða menningarminjum og einnig yrði hún að falla sem best að heildarsvipmóti landsins. Þetta hefði Skógræktarfélagið tekið alvarlega og sett á laggirnar starfshóp sem síðan setti fram á þessari vefsíðu leiðbeiningar um það hvernig staðið skuli að skógrækt með tilliti til þessara þátta.

Guðni sagðist vera á grænni grein og lýsti yfir ánægju sinni með gang skógræktarmála í sinni ráðherratíð. Kvað hann æði margt hafa áunnist á þeim tíma, meira að segja veðráttan hefði batnað og ekki hefði komið vetur frá því hann tók við landbúnaðarráðuneytinu. **- jse**



**NÝ VEFSÍÐA SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS OPNUÐ**
Guðni Ágústsson og Sigríður Anna Þórðardóttir tóku höndum saman og opnuðu nýja vefsíðu Skógræktarfélags Íslands. Jón Geir Pétursson verkefnastjóri var þeim innan handar.

Starfsmenn Norðuráls:

## Helmingur óánægður

**KJARAMÁL** Aðeins fjögurra atkvæða munur skildi að í kosningu um kjarasamning starfsmanna Norðuráls og var hann samþykktur. Fjögur atkvæði voru auð eða ógild.

Formaður Verkalýðsfélags Akraness, Vilhjálmur Birgisson, skrifar á vef þess að vont sé að nær helmingur starfsmanna sé óánægður en ekki hafi verið komist lengra án átaka. Væntingar starfsmanna hafi verið miklar.

Í samningnum hafi hins vegar orlofs- og desemberuppbætur hækkað um 112 þúsund fyrir árið og sé sambærilegt við aðrar stóriðjur og launin hækkað þremur prósentum umfram hinar. **- gag**

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Já | 106 | 50,0 |
| Nei | 102 | 48,2 |
| Auðir og ógildir | 4 | 1,8 |




**...tu**
...-9 ára, 6 gíra, dempari að framan og aftan
**10.390 kr.**
...áður 12.990 kr.



**Jamis Capri 2.0**
20”, 6-9 ára, álstell, 6 gíra
Verð **14.390 kr.**
Verð áður 17.990 kr.



**Jamis Ranger SX 2.4**
24”, 8-12 ára, álstell, 21 gíra, framdempari
Verð **15.990 kr.**
Verð áður 19.990 kr.



**Ranger SX 26”**
stærðir 14”-21”, álstell, 21 gíra, framdempari
Verð **19.192 kr.**
Verð áður 23.990 kr.

**20% afsláttur**
**af barna- og unglingahjólum í dag og á morgun, sumardaginn fyrsta, í Kringlunni og Smáralind**

*Prjónakeppni og hjólalistir í boði Útilífs á Kringlutorginu kl. 14 á sumardaginn fyrsta.*

**ÚTILÍF**

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

„Fólk sem kemst upp á lagið með að spara reglulega segir að það sé ótrúlega góð tilfinning að sjá sjóðinn sinn vaxa.

Ég ætla að komast að því hvort það er satt."

ÁSKRIFT AÐ SPARIBRÉFUM LANDSBANKANS
EYDDU Í SPARNAÐ

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

**Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.**

**Eyddu í sparnað.**


GOTT FÓLK McCANN · 28374

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÓNAS R. JÓNSSON UMBOÐSMAÐUR ÍSLENSKA HESTSINS

# Íslenski hesturinn í heiðurssæti



„Við erum nýlega komin heim af stórri 100 þúsund manna hestasýningu í Bandaríkjunum," segir Jónas R. Jónsson, umboðsmaður íslenska hestsins. „Þar var íslenski hesturinn í heiðurssæti og opnaði sýninguna," segir Jónas, sem er nýstiginn af sjúkrabeði þar sem hann lá með lungnabólgu.

Á sýningunni sem haldin er árlega í Columbus í Ohio sýndi átta manna hópur Íslendinga gangtegundir og helstu kosti íslenska hestsins á þremur kvöldsýningum í höll sem rúmar tíu þúsund manns en húsfyllir var á öllum sýningunum. Einnig var hesturinn sýndur á nokkrum dagsýningum og kynning haldin í glæsilegum bás í samvinnu við Útflutningsráð Íslands.

Jónas segist finna fyrir auknum áhuga og aukinni vitneskju um íslenska hestinn í Bandaríkjunum. Hins vegar taki langan tíma að koma á markaði fyrir hestinn þar auk þess sem hann er óhagstæður sem stendur vegna hás gengis krónunnar. Hann telur þó að tími íslenska hestsins muni koma í Bandaríkjunum.

Jónas ætlar að fara norður í Skagafjörð um helgina þar sem mikið er um að vera hjá hestamönnum á hátíð sem heitir Tekið til kostanna. Þá ætlar Jónas á heimsmeistaramót íslenska hestsins í Svíþjóð í sumar auk þess sem önnur ferðalög liggja í loftinu.

## SVONA ERUM VIÐ



**BÓNDI Á MEÐALSTÓRU KÚABÚI VINNUR Í UM 13 KLST. Á DAG**

Heimild: Bændasamtökin

HARD FUN REAL LIFE

Margmiðlunarhönnuður

Alþjóðlegt nám í margmiðlunarhönnun í Danmörku

Tveggja ára nám á háskólastigi þar sem helstu fög eru:
- Margmiðlunarþróun
- Grafísk hönnun
- Markaðs- og samskiptafræði
- Viðskiptafræði og verkefnastjórnun

Við bjóðum upp á alþjóðlegt og spennandi nám:
- Nemendur frá N-Evrópu
- Öll kennsla fer fram á ensku
- Engin námsgjöld fyrir nemendur frá Norðurlöndunum
- Horft er til framtíðar nemenda og er unnið náið með fyrirtækjum á meðan námi stendur
- Skólaferðalag til San Francisco
- Áhersla er lögð á verkefna- og hópavinnu

Upplýsingafundur
Reykjavík 26. apríl
15:00 á Hótel Sögu,við Hagatorg
Vinsamlegast boðið komu ykkar á fundinn á: meeting@noma.nu.

www.noma.nu

NOMA NORDIC MULTIMEDIA ACADEMY
Skovvangen 28 - DK 6000 Kolding
+45 79 320 200 - contact@noma.nu



DV

Faðir Arons Pálma hafnar syni sínum

Hefur ekki talað við son sinn í 13 ár



DV – hefur þú séð DV í dag?

# Hleypur til heiðurs föður og bróður

**Oddgeir Gylfason, sem fékk nýtt nýra fyrir sex árum, hljóp maraþon um síðustu helgi. Eftir því sem næst verður komist er hann fyrsti íslenski líffæraþeginn sem hleypur maraþon.**

Oddgeir hefur glímt við nýrnasjúkdóm frá barnsaldri og var ekki nema sjö ára þegar fjarlægja þurfti annað nýrað úr honum. Hann var staðráðinn í að láta veikindin ekki hafa áhrif á sitt daglega líf og lærði síðar læknisfræði í Háskólanum.

Sjúkdómurinn vofði þó alltaf yfir og þar kom að Oddgeir þurfti að gefa starfsferil sinn upp á bátinn. „Ég vann í tvö ár sem læknir en sá fljótt fram á að ég gæti ekki sinnt starfinu til lengri tíma; þetta er bæði mikil vinna og á vöktum. Ég varð að skipta um vettvang og það vill svo til að faðir minn er tannlæknir og ég vissi út á hvað starf hans gekk." Oddgeir flutti því til Noregs og bjó þar næstu árin á meðan hann lærði tannlækningar.

Hitt nýrað var þó hægt og bítandi að gefa sig og fyrir sex árum þurfti að fjarlægja það. Kjartan bróðir Oddgeirs gaf honum nýra úr sér. Ígræðslan gekk vel, en Oddgeir var hins vegar orðinn þungur og slappur af lyfjunum og ákvað að grípa í taumana. „Ég fór að hjóla í vinnu og fyrir þremur árum byrjaði ég að hlaupa. Fyrir ári urðu hlaupin markvissari og eftir að hafa hlaupið tíu kílómetra reyndi ég næst við hálft maraþon. Í október sá ég hið árlega Lundúnamaraþon auglýst og þar sem ég var frískur og í góðu formi ákvað ég að taka slaginn."



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ODDGEIR GYLFASON** Segir Lundúnamaraþonið fráleitt verða sitt eina langhlaup. Hann hefur þegar sett stefnuna á Laugaveginn í sumar, New York-maraþon í nóvember og ætlar að hlaupa aftur í Lundúnum að ári.

Oddgeir, sem er 45 ára, segist alltaf hafa lifað heilsusamlegu lífi en sá það ekki fyrir að sex árum eftir að hafa fengið nýtt nýra græddt í sig myndi hann hlaupa 42 kílómetra á innan við fjórum klukkustundum. Hann hefur léttst um fimmtán kíló og hleypur fimm sinnum í viku, 80 til 90 kílómetra í það heila. „Ég hleyp að vissu leyti fyrir sjálfan mig, en líka til heiðurs bróður mínum sem gaf mér nýrað og föður mínum sem lauk krabbameinslyfjameðferð í dag [í gær]. Hann kom með mér út og fylgdist með og það var mjög hjartnæmt."

Oddgeir segir að hlaupið í Lundúnum verði fráleitt sitt eina maraþon og hefur þegar sett stefnuna á Laugaveginn í sumar, sem er 55 kílómetra langt hlaup. Þá ætlar hann í New York-maraþonið í nóvember og aftur í Lundúnamaraþonið að ári.

Oddgeir vonar að afrek sitt verði öðrum hvatning. „Það er allt of mikið af fólki sem er fast í því að vera sjúklingar. Ég hef glímt við sjúkdóm allt mitt líf, en aldrei verið sjúklingur. Ég lít á þetta sem verkefni sem þarf að leysa. Og það er vitaskuld öllum mikilvægt að standa upp úr sófanum og hreyfa sig, hvort sem fólk stríðir við veikindi eða ekki."

bergsteinn@frettabladid.is

Karlar sitja einir að mikilvægri atvinnugrein:

# Engin kona á grásleppu

Aðeins karlar stunda grásleppuveiðar við Íslandsstrendur þetta vorið, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Fyrir vikið stendur starfsheitið grásleppukarlar fyllilega fyrir sínu. Svo hefur þó ekki alltaf verið því að konur hafa veitt grásleppu og jafnvel mikið af henni. Starfsheitið grásleppukarlar hefur nánast öðlast lögildingu og er notað í fréttum jafnt sem samtöl um manna á milli. Skiptir þá engu hvort aðeins karlar eiga í hlut eða bæði kynin.



**LAGT ÚR VÖR** Engin kona er á grásleppu þetta vorið.

Guðrún Pálsdóttir, smábátasjómaður á Flateyri, hefur verið á mörgum grásleppuvertíðum í gegnum árin þótt ekki rói hún þetta vorið. Og hún kippti sér ekki upp við að vera kölluð grásleppukarl. „Það truflaði mig aldrei nokkurn tíma," sagði hún í samtali við Fréttablaðið. Guðrún situr í stjórn Eldingar, félags smábátasjómanna í Ísafjarðarsýslum, og hefur gert í um áratug.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, segist ekki vita hvers vegna konur stundi ekki grásleppuveiðar þetta árið en þykist viss um að ekki sé það vegna hins karllæga starfsheitis.

Það er annars af grásleppuvertíðinni að frétta að hún hefur gengið afar illa og í ofan á lag er grásleppukörlum boðið mun lægra verð fyrir tunnuna í ár en í fyrra.

- bþs



**SANDSTYTTA AF PÁFA** Stytta úr sandi af Jóhannesi Páli páfa II hefur verið reist á Copacabana-ströndinni í Rio de Janeiro í Brasilíu. 150 milljónir Brasilíumanna eru í kaþólsku kirkjunni og eru þeir fjölmennastir kaþólskra þjóða.



**FRÁ SKAGASTRÖND**

Smurbrauðsnámskeið:

# Þetta var æðislegt

21 kona frá Skagaströnd og Skagabyggð varði síðustu helgi í að læra að búa til smurbrauð, snittur og brauðtertur undir handleiðslu smurbrauðsjómfrúarinnar landsþekktu Marentzu Poulsen. Eftir tuttugu klukkustunda námskeið útskrifuðust konurnar með diplómu í faginu og er altalað í Húnavatnssýslunni austanverðri að Marentzu hafi tekist vel upp við að kenna konunum réttu tökin á smurbrauðinu.

„Þetta var æðislegt,“ segir Jóhanna Sigurjónsdóttir á Skagaströnd, stolt og ánægð eftir helgina. Hún býst fastlega við að konurnar beiti þessari nýtilkomnu kunnáttu af miklu kappi og að veisluborðin á Skagaströnd og í nærliggjandi sveitum svigni undan brauðtertum og snittum í framtíðinni. **- bþs**

# Fékk pylsu á snúðinn

Enskur ökumaður komst að því á mánudag að það er aldrei of varlega farið.

Maðurinn fór snemma heim úr vinnu, enda var um sérlega indælt síðdegi að ræða. Á leiðinni heim skrúfaði hann niður bílrúðuna til að njóta veðurblíðunnar en ekki vildi betur til en svo að skyndilega fann maðurinn fyrir skerandi sársauka í andliti og sá ekki út úr augum fyrir blóði. Hafði þá torkennilegum hlut verið kastað úr aðvífandi bíl og hafnaði hann á nefi mannsins með þeim afleiðingum að það brotnaði. Þegar að var gáð reyndist aðskotahluturinn vera frosin pylsa.

Eigandi pylsunnar hefur ekki vitjað matvælanna og lögreglan rannsakar nú málið. **- bs**




birta
» FRÁBÆR SJÓNVARPSDAGSKRÁ ALLA DAGA
birta




30% AFSLÁTTUR
KRÓNAN Framhryggjasneiðar
KRÓNAN Grísahnakki úrbeinaður
Þurrkryddaðar framhryggjasneiðar
1.049 kr./kg.
Verð áður: 1.499
Þurrkryddaðar grísahnakkar
1.035 kr./kg.
Verð áður: 1.479
Virk Sam-keppni
30% AFSLÁTTUR
Móa tex mex og appelsínu kjúklingur
349 kr./kg.
Verð áður: 499
TEX MEX
MOAR
Sam-keppni
Meira úrval
SS. Caj P´s lærissneiðar
1.499 kr./kg.
Verð áður: 1.998
Vanilluís með mjúk og kexk
Kjörís Ís ársins
299 kr./1l.
Verð áður: 325
Kexsmiðjan Möffins með súkkulaði
249 kr./pk.
Meira úrval
GOÐI
Kexsmiðjan Hjónabandsæla
199 kr./stk.
SUN LOLLY
10 frys-selv is Appelsin
Sun lolly appelsínu og jarðaberja
149 kr./pk.
X-tra
X-tra epla og appelsínusafi
99 kr./1,5 l.
APPELJUICE ÆBLEJUICE EPLEJUICE OMENATAYSMEHU
Opið alla daga
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

ira
val

# KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI

# ÞÚ FÆRÐ LÆGRA VERÐ! Í KRÓNUNNI

0%
ÁTTUR




Goða Lambaframpartur grillsagaður
**299** kr./kg.
Verð áður: 599

Nýr valkostur




SnapJacks country og fruit
**149** kr./stk.




Weetos Morgunkorn
**249** kr./pk.




Freshetta Pizzur
**299** kr./stk.

Í VERSLUNUM KRÓNUNNAR

360 gráður

**HVER ER?** JOSEPH RATZINGER

# Íhaldssamur maður kenningarinnar

Joseph Ratzinger fæddist í smábænum Markl am Inn syðst í Bæjaralandi þann 16. apríl 1927. Fjórtán ára gamall var hann skráður gegn vilja sínum í Hitlersæskuna, sem nasistar skylduðu alla þýska drengi til, en var fljótlega sleppt úr henni þar sem hann var þá þegar kominn á þá braut að læra til prests. Undir lok stríðins mannaði hann loftvarnabyssur við München eins og aðrir landar hans á sama aldri, en hann hafði ekki lokið grunnherþjálfun þegar ófriðurinn var úti.
Innan kirkjunnar skiptast menn mjög í tvö horn í afstöðu til Ratzingers. Fylgismenn hans segja að reynsla hans af uppvexti í Þýskalandi nasismans hafi innrætt honum sannfæringu fyrir nauðsyn þess að kirkjan láti að sér kveða og kirkjan standi vörð um sín gömlu gildi.
Gagnrýnendur hans segja hann standa fyrir harðlínustefnu innan kirkjunnar. Ratzinger hlaut prestsvígslu árið 1951, 24 ára gamall, og var strax 1953 orðinn háskólakennari í kaþólskri guðfræði. Hann átti farsælan feril sem guðfræðiprófessor í nokkrum þýskum háskólum uns hann var árið 1977 skipaður biskup í München og kardináli þremur mánuðum síðar. Jóhannes Páll II páfi kallaði Ratzinger til starfa í Páfagarði og árið1981 var hann orðinn yfirmaður trúarráðs kaþólsku kirkjunnar sem „vakir yfir kenningunni“, en þetta er eitt allra áhrifamesta embættið í Páfagarði.
Á þessum langa tíma í Róm hefur Ratzinger haft mótandi áhrif á stefnu kirkjunnar. Hann skapaði sér orðstír fyrir stranga íhaldssemi í útleggingu guðsorðsins, en jafnframt fyrir að vera skarpgreindur hugsuður. Hann og hinn pólski Jóhannes Páll II voru nánir bandamenn í íhaldssamri túlkun kenningarinnar, en meðal þess sem eftir samstarf þeirra liggur er kenningakver (svonefndur katekismi) kirkjunnar sem út kom árið 1992. Í því riti er rétttrúnaðarlínan lögð sem öllum kirkjunnar mönnum er ætlað að fara eftir.


Ratzinger flytur fyrirlestur sem guðfræðilektor í Freising við München árið 1955.

Ratzinger komst snemma upp á kant við meirihluta trúsystkina sinna í heimalandinu. Reyndar herma fregnir að svo til allir hinir þýsku kardinálarnir, sem sátu kjörfund páfa, hafi ekki viljað sjá þennan landa sinn á páfastóli. Nærri fimm aldir eru síðan Þjóðverji var síðast páfi.
Margir rekja það til Ratzingers að frá Róm komu tilskipanir um að kaþólskum prestum í Þýskalandi væri bannað að veita þunguðum unglingsstúlkum ráðgjöf og um að kaþólskum unglingum skyldi ekki heimilt að fermast í sameiginlegri guðsþjónustu með lútherskum nágrönnum árið 2003.

## Páfi valinn á mettíma

Það var laust fyrir klukkan fjögur að íslenskum tíma sem hvíti reykurinn streymdi upp úr skorsteini Sixtínsku kapellunnar. Raunar voru menn ekki vissir í upphafi hvort mökkurinn væri svartur eða hvítur en þegar bjöllurnar á Péturstorginu glumdu virtist ljóst að samkomulag hefði tekist um hver yrði nýr páfi.
Það kom mörgum viðstöddum í opna skjöldu hversu greiðlega páfakjörið gekk enda er þetta eitt hraðasta páfakjör á seinni tímum. Aðeins hafa þeir Píus XII og Jóhannes Páll I verið valdir með skjótari hætti síðustu hundrað árin, sá fyrrnefndi 1939 en sá síðarnefndi 1978.


**HVÍTI MÖKKURINN** Óhætt er að fullyrða að einskis reyks hafi verið beðið með jafn mikilli eftirvæntingu í áraraðir.

# „Habemus papam“

**Kjör þýska kardinálans Josephs Ratzinger til páfa er álitið yfirlýsing af hálfu kirkjuhöfðingjanna um að íhaldssamri stefnu Jóhannesar Páls II skuli haldið til streitu.**

Tugþúsundir trúaðra kaþólikka hrópuðu „Benedikt, Benedikt“ og „Lifi páfinn“, á Péturstorginu í Róm í gær eftir að chileski kardinálinn Jorge Arturo Medina Estevez tilkynnti af svölum Péturskirkjunnar á latínu: „Habemus papam“ – „við höfum eignast páfa“ – og las síðan nafn þýska kardinálans Josephs Ratzinger. Síðan sté hinn nýkjörni páfi fram á svalirnar undir nafninu Benedikt XVI.

Í ávarpi til mannfjöldans sagði páfi að hann áliti sig vera „einfaldan, auðmjúkan verkamann í víngarði Drottins“. Fyrsta embættisverk hans var að syngja bænina „Urbi et orbi“.

Ratzinger er 265. páfinn í sögu kirkjunnar og sá fyrsti sem kjörinn er á þriðja árþúsundinu. Sé Hadrian VI frá Utrecht, sem á þeim tíma var hluti af þýska keisaradæminu, talinn sem Þjóðverji eru rúm 480 ár frá því maður af því þjóðerni tók sæti á páfastóli en hann ríkti árið 1522-1523 (í hans páfatíð tapaði kaþólska kirkjan stórum hluta meðlima sinna til mótmælendahreyfingar lútherstrúarmanna). Að honum frátöldum eru nærri þúsund ár frá því kirkjan hafði síðast þýskan mann sem sinn æðsta leiðtoga. Það var Stefán IX (1057-1058) en forveri hans, Viktor II frá Eichstätt í Suður-Þýskalandi, var sá páfi sem Ísleifur Gissurarson, fyrsti íslenski biskupinn, hitti í Róm árið 1056.

„Sú staðreynd að Drottinn getur unnið og látið verkin tala jafnvel með ófullkomnum verkfærum huggar mig, og umfram allt treysti ég á bænir ykkar,“ sagði hinn nýkjörni páfi af svölum Péturskirkjunnar, en ávarpi hans var jafnframt sjónvarpað til gervallrar heimsbyggðarinnar.

Benedikt XVI hefur starfað í Páfagarði frá því árið 1981. Hann var allan þennan tíma einn nánasti samverkamaður Jóhannesar Páls II en helsta embættishlutverk hans var að vaka yfir „réttri“ kenningu kirkjunnar.

Hinn nýkjörni páfi er 78 ára að aldri. Þar með er hann meira en tveimur áratugum eldri en Jóhannes Páll II var þegar hann tók við páfadómi árið 1978. Að svo roskinn maður skyldi verða fyrir valinu þykir vísbending um þrennt: Að kirkjuhöfðingjarnir sem kusu hann telji æskilegt að í kjölfar hinnar óvenju löngu páfatíðar Jóhannesar Páls II komi páfi sem sitji öllu skemur. Hins vegar um að val hans hafi verið málamiðlun milli ólíkra fylkinga. Í þriðja lagi þykir val hans yfirlýsing af hálfu kirkjunnar um að íhaldssöm stefna páfatíðar Jóhannesar Páls II haldi sem óbrotnust áfram eftir fráfall hans.

- aa


**PÁFAKJÖRI FAGNAÐ** Lúðrasveit leikur fyrir mannfjöldann sem safnaðist saman á Péturstorginu í Róm til að fagna nýjum páfa. Hér fylgist fólk með fyrstu blessun Benedikts XVI á stórum skjá.

## Afturhaldið hefur skrifast á Ratzinger

Enda þótt Karli Sigurbjörnssyni, biskupi Íslands, hefðu ekki verið færðar fréttirnar af kjöri Ratzingers þegar Fréttablaðið hafði samband við hann síðdegis í gær sagði hann að það hefði ekki komið sér á óvart.

Karl býst síður við að Benedikt XVI muni standa fyrir róttækum breytingum og jafnvel geti orðið um afturför að ræða í samskiptum kaþólsku kirkjunnar og annarra kirkjudeilda. „Hann er íhaldssamur og það sem hefur borið vitni um afturhald og afturför í samkirkjulegu starfi og jafnvel kólnun á milli kirkjudeildanna hefur verið skrifað á hans reikning. Þótt ákveðin skref hafi verið stigin í rétta átt að okkar mati hefur það verið tekið til baka í hinu orðinu,“ segir Karl en ítrekar þó að í Páfagarði séu „margar vistarverur“ og rétt sé að gefa hinum nýja páfa svigrúm til að sanna sig. ■


**KARL SIGURBJÖRNSSON**

## Ljúfur maður og auðmjúkur

Séra Jakob Rolland kvaðst mjög ánægður með kjör Joseph Ratzinger en grannt var fylgst með útsendingu úr Páfagarði í höfuðstöðvum kaþólsku kirkjunnar á Íslandi í gær. „Það var mikil gleði, við hrópuðum húrra um leið og yfirlýsingin var lesin upp. Það var ótrúlegt að upplifa þessa stund.“

Þegar Jakob var við nám í Þýskalandi árið 1978 hitti hann Ratzinger stuttlega. „Hann virkaði mjög ljúfur, auðmjúkur og ég kunni mjög vel við hann.“

Jakob efast um að Benedikt XVI verði mjög atkvæðamikill á páfastóli. „Það fyrsta sem hann gerði var að tala um Jóhannes Pál hinn mikla þannig að hann vill vera í skugga hans og halda áfram á sömu braut. Hann er líka nokkuð fullorðinn þannig að hann kemur bara til með að sitja í nokkur ár.“ ■


**JAKOB ROLLAND**


Fögnum sumri
– kveðjum veturinn

HUMAR
- Nýveiddur og glænýr

Stórlúðusteikur
beint á grillið

Risarækjur
........2000,kr.kg

Takk fyrir veturinn

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

SUMARDAGINN FYRSTA, VERÐA EFTIRTALDAR BÓNUSVERSLANIR OPNAR 12.00 TIL 18.00:

Bónus í Reykjanesbæ, Selfossi, Hveragerði, Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði, Borgarnesi, Stykkishólmi, Mosfellsbæ, Grafarvogi, Holtagörðum, Kringlunni, Smáratorgi, Smiðjuvegi, Hraunbæ, Hafnarfirði og Bónus á Seltjarnarnesi.

Bónus í Kjörgarði við Laugaveg, verður einnig opin fyrsta sumardag 12.00 til 18.00.

EKKERT BRUDL

# Sumar og sól í Bónus

Tilboðin gilda miðvikudag 20. apríl til sunnudags 24. apríl eða meðan birgðir endast




ERAN/Landsit

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Mikil hátíðarhöld verða í Moskvu vegna þess að sextíu ár eru frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar.

## Rússar minnast stríðslokanna

Rússnesk stjórnvöld undirbúa nú mikil hátíðarhöld í tilefni af því að í næsta mánuði eru liðin 60 ár frá því að síðari heimsstyrjöldinni lauk. Þessi hátíðarhöld teygja anga sína til Íslands því á mánudag heiðraði rússneski sendiherrann hér, Alexander Rannikh, tvo íslenska sjómenn sem tóku þátt í siglingum til Rússlands í stríðinu. Það voru þeir Pétur Ólafsson og Guðbjörn E. Guðjónsson sem Rússar heiðruðu af þessu tilefni. Þeir voru hásetar á erlendum skipum sem sigldu með vistir og vopn af ýmsu tagi til Sovétríkjanna í seinni heimsstyrjöldinni.

**Maður minnist þessa tíma með hálfgerðum hryllingi og vorkunnsemi og gráti yfir þeim sjómönnum sem lentu í sjónum. Þeir frusu í hel eða misstu hendur og fætur þegar þeir lentu í sjónum eða þurftu að fara í björgunarbáta.**

Rússneski sendiherrann sagði við þetta tækifæri að án aðstoðarinnar um Norður-Atlantshafið hefði sovéska þjóðin hvorki lifað af né hefði stríðið unnist. Um 27 milljónir Sovétmanna hefðu látið lífið í stríðinu, sem Rússar kalla Stóra föðurlandsstríðið. Hann sagði að íslensku sjómennirnir væru hetjur hryllilegs stríðs.

Guðbjörn rifjaði upp veru sína í Rússlandi í átta mánuði í viðtali í Fréttablaðinu í gær:

„Fátæktin þarna var mikil og eymdin. Fólkið fékk hvert sinn súpuskammtinn, einn disk af súpu á dag. Það var líka minn skammtur.“

Pétur H. Ólafsson á svipaðar minningar frá þessum tíma, en hann dvaldi í Murmansk í nokkrar vikur:

„Maður minnist þessa tíma með hálfgerðum hryllingi og vorkunnsemi og gráti yfir þeim sjómönnum sem lentu í sjónum. Þeir frusu í hel eða misstu hendur og fætur þegar þeir lentu í sjónum eða þurftu að fara í björgunarbáta,“ segir Pétur: „Við misstum 27 menn um borð hjá okkur. Ég var einn af þessum heppnu. Minn tími hefur ekki verið kominn.“

Það er greinilegt að íslensku sjómennirnir sem lentu í þessu hafa upplifað margt skelfilegt, sem vert er fyrir núlifandi kynslóð sem er að vaxa úr grasi að kynna sér.

Rússar ætla greinilega að gera mikið úr stríðslokaafmælinu því efnt verður til mikilla hátíðarhalda í Moskvu og víðar í Rússlandi í tilefni af því. Undirbúningur afmælisins hefur ekki gengið alveg átakalaust fyrir sig hvað varðar Eystrasaltslöndin. Ætlun Rússa var að þjóðhöfðingjar þeirra allra þriggja yrðu við aðalhátíðarhöldin í Moskvu, en þegar til kom þáði aðeins forseti Lettlands, Vaira Vike-Freiberga, boð um að vera þar. Forsetar Eistlands og Litháen þekktust hins vegar ekki boðið, og hefur það valdið nokkrum pólitískum titringi milli landanna. Freiberga hefur líka verið gagnrýnd í heimalandi sínu fyrir að ætla til Moskvu. Íbúum Eystrasaltslandanna er mörgum hverjum enn ofarlega í minni sambúðin við Sovétmenn og eru ekki sáttir við hvernig með þá var farið á sínum tíma. Rússar vilja ekki gera mikið úr þessu máli, ef marka má skrif í rússneskum blöðum, og einbeita sér nú að því að hátíðarhöldin verði sem veglegust og ekki aðeins bundin við heimalandið heldur er þessara tímamóta minnst víða af hálfu Rússa.




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stuðningur frá Siglufirði

Athygli vakti á Alþingi í gær að Siglfirðingurinn Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hvatti forsætisráðherra til þess að láta hluta af söluandvirði Símans renna til lagningar Sundabrautar, enda væri brautin ekki síður mikilvæg fyrir landsbyggðarmenn en íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Birkir Jón spurði í fyrirspurnartíma hvort Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hygðist beita sér fyrir því að verja hluta af söluandvirði Símans til uppbyggingar mikilvægra samgöngumannvirkja hér á landi og þá hverra. Halldór svaraði um hæl að mörg verkefni hefðu verið nefnd og taldi að til greina kæmi að verja hluta Símapeninganna í framkvæmdir við Sundabraut.

Snjallt hjá Birki Jóni að styðja gerð Sundabrautar og friða þingmenn Reykvíkinga, sem margir hafa látið ófriðlega vegna væntanlegra Héðinsfjarðarganga. Og snjallt hjá forsætisráðherra, sjöunda þingmanni Reykjavíkur norður, að friða kjósendur í Reykjavík og R-listann hans Alfreðs Þorsteinssonar með útspili um Sundabraut.

Þetta leiðir hugann að því að Davíð Oddsson utanríkisráðherra lét þau orð falla fyrr í vetur að vel kæmi til álita að verja hluta af söluandvirði Símans í smíði hátæknisjúkrahúss í höfuðborginni. Það verða líkast til stórframkvæmdir í Reykjavík að aflokinni sölu Símans.



### Útrás

Annars ávarpaði Davíð Oddsson utanríkisráðherra gesti á ársfundi Útflutningsráðs í gær. Hann sagði meðal annars að mikil og gagnleg breyting hefði orðið á umhverfi viðskiptalífsins á undanförnum árum. Útrás íslenskra fyrirtækja væri mikið ánægjuefni. Davíð bætti svo við, að mestu máli skipti að einkavæðing ríkisbankanna hefði leikið lykilhlutverk í útrás íslenskra fyrirtækja.

Margir tóku eftir því á fundinum, að Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri beið – að því er virtist óþreyjufullur – eftir utanríkisráðherra. Skyldu þeir vera að leggja á ráðin um útrás útvarpsstjórans?

johann@frettabladid.is

## Uss, það er einhver að hlusta!

UMRÆÐAN
EFTIRLIT MEÐ ÞEGNUNUM



HAUKUR LOGI KARLSSON
FORMAÐUR SUF



Nú veit ég ekki hvað ykkur hinum finnst. Get þó sagt fyrir mitt leyti að ég vil geta talað við vini mína í friði án þess að eiga það yfir höfði mér að virðulegur starfsmaður ríkisins sé mögulega að taka upp á teip mismerkilegan munnsöfnuðinn. Nú er ég ekki að gefa í skyn að samtöl mín við frændur og fjendur séu þess eðlis að þoli ekki dagsins skímu. Á mér sem dæmi ekki leynilega hjákonu sem er gift ríkum bankastjóra. Er ekki heldur að plana fjandsamlega yfirtöku á S-hópnum eða undirbúa óvænt kjölfestutilboð í hlutabréf Símans. Meira venjuleg samtöl um það sem engan ætti að varða sérstaklega um. Eða það hélt ég í það minnsta þangað til ég las Moggann um daginn.

Það virðist vera á prjónunum hjá Sjálfstæðisflokknum að sjá til þess að ég tali ekki mikið af mér við annað fólk. Hafa sennilega frétt að mér er meinilla við að símanúmerið mitt sé skráð af opinberum aðilum. Slepp þannig við leiðindasímtöl við fólk sem ég hef engan áhuga á að tala við. Sölumenn hafa ekki hringt í mig svo árum skiptir og ég man ekki til þess að hafa tekið þátt í skoðanakönnun um ævina. Hef varið mitt leynilega símanúmer með kjafti og klóm fyrir ásælni yfirvalda öll þessi ár. Hef lent í nokkrum kyndugum uppákomum í gegnum tíðina þar sem ég hef borið því við að eiga ekki síma aðspurður um númerið mitt. Fæ oftast einkennilegt lúkk frá viðkomandi eins og ég hafi eitthvað að fela. Set þá bara upp krimmaaugnaráðið til að kovera söguna.

Friðurinn er sem sagt brátt úti.

**Það verður bannað með lögum að tala við fólk í síma án þess að lögreglan hafi möguleika ekki aðeins á að hlera símtalið heldur einnig að vita hver á númerið og geta út frá því fylgst með ferðum viðkomandi í gegnum einhvern hi-fi rafeindabúnað sem ég skil ekki. Ansi útsmogin leið hjá þeim til að ná loksins í númerið mitt.**

Það verður bannað með lögum að tala við fólk í síma án þess að lögreglan hafi möguleika ekki aðeins á að hlera símtalið heldur einnig að vita hver á númerið og geta út frá því fylgst með ferðum viðkomandi í gegnum einhvern hi-fi rafeindabúnað sem ég skil ekki. Ansi útsmogin leið hjá þeim til að ná loksins í númerið mitt. Langar augljóslega mikið til að spjalla við mig. Yfirvarpið er ekki síður klaufalegt. Þeir vilja koma í veg fyrir að ég sendi fólki SMS-skilaboð. Kannski tími til kominn. Holan í röksemdafærslunni að vísu vandræðalega áberandi. Hélt að allir hefðu heyrt um internetið og möguleikanna á nafnlausum SMS- og tölvupóstskeytum þaðan. Sé fyrir mér nýjar víddir af svartamarkaðsbraski með notuð símanúmer og Hotmail-adressur. Sjálfur gæti ég farið á bensínstöðina og splæst í 20 símanúmer. Auglýst þau svo í smáauglýsingum DV á góðu verði. Óskráð netfang í kaupbæti, fullum trúnaði heitið. Örugglega fínn peningur. Það er tillaga mín til Sjálfstæðisflokksins að hann hætti tilraunum til að troðast inn í einkalíf fólks. Markmiðin nást augljóslega ekki án þess að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Glæpamennirnir laga sig að reglunum á fyrsta degi með sínum aðferðum en eftir sitjum við hin í þjóðfélagi þar sem fylgst er með hverri hreyfingu og jafnvel hverju samtali. Þannig þjóðfélag vil ég ekki. Fólk á að geta talað saman í friði fyrir stjórnarherrum Sjálfstæðisflokksins í samgöngu- og dómsmálaráðuneytunum. ■




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 5.38 | 13.27 | 21.18 |
| AKUREYRI 5.14 | 13.11 | 21.11 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ

## nám o.fl.



Kennir hip hop og Jamaican Rhythm
BLS. 3

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

*Góðan dag!*
**Í dag er miðvikudagur 20. apríl, 110. dagur ársins 2005.**

### KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**
- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þorbjörg og Anna eiga ævintýri fyrir höndum með haustinu.

# Til Amman í arabískunám

***Laganemarnir Þorbjörg Sveinsdóttir og Anna Tryggvadóttir ætla að hvíla sig á lögfræðistagli um tíma og læra heldur arabísku. Þær halda til Jórdaníu með haustinu.***

„Við ætluðum í ferðalag um Austurlöndin en foreldrum okkar leist alls ekki vel á þá hugmynd. Því skráðum við okkur í nám í arabísku fyrir útlendinga í Amman í Jórdaníu. Þá verðum við í nokkuð öruggu háskólaumhverfi,“ segir Þorbjörg. „Þá fengum við að minnsta kosti gult ljós frá fólkinu okkar og ef ekki verður stríð þá sleppur þetta,“ bætir Anna við brosandi. Báðar vonast til að komast til Sýrlands og Líbanons og Anna nefnir reyndar líka Ísrael og Írak – en bara lágt.

Þær eru báðar tvítugar og eru að lesa undir fyrstu vorprófin í lögfræði. En þar sem þær ætla út um miðjan september og verða fram í febrúar er ljóst að þær munu salta lögfræðina. „Við sleppum alveg næsta vetri,“ segja þær frekar feginsamlega.

Arabískunámið segja þær kosta álíka mikið og eina önn í Háskóla Íslands, uppihaldið sé mun ódýrara í Amman en hér og ferðakostnaðurinn ekkert til að setja fyrir sig. En halda þær að hægt sé að komast inn í svona framandi mál á fjórum mánuðum?

„Ja, eitthvað lærum við,“ segir Anna ákveðin. „Námið er byggt þannig upp að fyrst er talþjálfun og síðan verður okkur kennt að skrifa stafrófið og fleira.“

„Svo er boðið uppá ókeypis ferðir um helgar. Þessi deild háskólans virðist halda vel utan um nemendurna og auk þess að fá kennslu í tungumálinu eru þeir fræddir um mannlíf og menningu á svæðinu,“ upplýsir Þorbjörg sem í vetur hefur sótt námskeið í Kóraninum meðfram laganáminu. Stúlkurnar eru sammála um að Austurlöndin séu bæði framandi og forvitnileg. „Svæðið hefur verið mikið í fréttum og margir hafa sterkar skoðanir á því sem þar fer fram,“ segir Anna. „Já,“ segir Þorbjörg. „Það eru þær skoðanir sem gerir það áhugaverðara en önnur svæði. Okkur langar að kynnast því af eigin raun.“

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
### *í námi*

**Koffortið** er nýtt farandbókasafn í leikskólum Reykjavíkurborgar. Safnið er í myndskreyttum trékössum og þar geta börn og foreldrar fengið lánaðar barnabækur heim. Miðað er við að Koffortið verði tvo mánuði í senn í hverjum skóla. Samhliða verða barnabókaverðir frá Borgarbókasafninu með námskeið fyrir börnin og verða þau fastur liður á hverjum nýjum stað sem safnið fer á. Leikskólinn Maríuborg í Grafarvogi fékk fyrstur Koffortið í heimsókn og var það opnað í gær.



**Bókmenntaráðstefna** verður í dag á vegum nemenda í almennri bókmenntafræði. Ráðstefnan verður á milli klukkan 13 og 15 í Lögbergi, stofu 101. Flutt verða ýmis fróðleg erindi byggð á BA-ritgerðum, MA-ritgerðum og rannsóknarverkefnum meistaranema.

**Íslandsmót iðnnema** er í dag í Smáralindinni. Þar keppa nemar í hinum ýmsu greinum og mun Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra veita verðlaun í lok dags.

**Íslenskir matreiðslu- og framreiðslunemar** stóðu sig með afbrigðum vel um síðustu helgi í norrænni keppni sem haldin var í Drammen í Noregi. Matreiðslunemarnir Ólafur Haukur Magnússon, nemi á Hótel Holti, og Stefán Arthur Cosser, nemi á Nordica, urðu í 1. sæti og nemarnir í framreiðslu, Guðrún H. Eyjólfsdóttir og Gunnar Rafn Heiðarsson, sem bæði eru nemar á Nordica, hrepptu 2. sæti.

*nam@frettabladid.is*

FJARNÁM MEÐ NÝJU SNIÐI BYRJAÐU NÚNA!

ÞÚ LÆRIR Á ÞÍNUM HRAÐA OG KEMUR Í PRÓF ÞEGAR ÞÉR HENTAR



WWW.MENNTAVEFURINN.IS

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

OFANLEITI 1 103 REYKJAVÍK SÍMI 5 900 600 FAX 5 900 602 WWW.VERSLO.IS FJARNAM@VERSLO.IS

**Nám er skemmtun**
Ekki gleyma þér í skyldunum varðandi námið og próflestur. Mundu að nám er skemmtun og njóttu þess. Ef námsleiði sækir að skaltu draga fram allt efnið sem þér þykir skemmtilegt og lesa það til að koma þér aftur í stuð.



Gleraugnaverslunin Sjónarhóll




Reykjavíkurvegur 22, Hafnarfirði 565-5970
www.sjonarholl.is
Frumkvöðull að lækkun gleraugnaverðs á Íslandi

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Aukin ökuréttindi

**Nú er rétti tíminn til að afla sér nýrra atvinnumöguleika !**

**Kennt er á leigu-, vöru- og hópferðabifreið, einnig vörubifreið með eftirvagni.**

Skólinn býður uppá nútíma kennsluaðstöðu og reynda kennara.
**Innritun alla miðvikudaga, áfangakerfi.**

Einnig eru í boði námskeið í vistakstri fyrir einstaklinga og hópa.

Sími 567-0300
**Þarabakka 3 109 Reykjavík**
**Netfang mjodd@bilprof.is**
**www.bilprof.is**

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ
VIKUNNAR »



Fjárfestu í framtíðinni

Stúdentaferðir eru í samstarfi við háskóla, listaháskóla, hótel og ferðamálaskóla víða um heim.
Hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna rétta skólann.

MasterCard
Færð þú MasterCard Ferðaávísun?

STÚDENTAFERÐIR
exit.is

KRAFTAVERK

Bankastræti 10 + Sími 562 23 62 + info@exit.is + www.exit.is



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Linda Jóhannsdóttir og Eva Natalja Róbertsdóttir farða af mikilli fagmennsku enda hafa þær lagt á sig mikið nám í förðun.

# Förðun og frami að námi loknu

***Linda Jóhannsdóttir hefur nýverið lokið við framhaldsnám hjá Emm school of makeup og hefur fengið fjölmörg atvinnutækifæri í kjölfarið en Eva Natalja Róbertsdóttir lýkur við framhaldsnámið fljótlega og stefnir á frekara nám erlendis. Fréttablaðið hitti þær stöllur, fylgdist með þeim farða og fékk að fræðast frekar um námið.***



Lokaverkefni Lindu Jóhannsdóttur hjá Emm school of makeup.

„Ég er nýbúin að ljúka við að farða fyrir þættina Allt í drasli og svo starfa ég við Ávaxtakörfuna," segir Linda Jóhannsdóttir á meðan hún dregur fram penslasettið. Við nám í förðun skiptir öllu máli að eiga gott safn af penslum en grunnsett fylgir með náminu. „Ég hef fengið heilmörg skemmtileg tækifæri eftir að ég útskrifaðist meðal annars við auglýsingar, danssýningar og fleira," segir Linda og tekur fram að námið hafi gert hana fullfæra um að starfa við fagið. „Ég var mjög ánægð með námið og það var mun meira en ég reiknaði með," segir Linda og tekur til við að farða módel sem hefur komið sér fyrir í förðunarstólnum hjá henni.

Eva Natalja Róbertsdóttir, sem einnig stendur við stólinn og farðar módelið, er enn í framhaldsnáminu en tekur undir orð Lindu. „Það sem ég kann einna best við skólann er hvað hann er persónulegur og að það sé hugsað um hvern og einn nemenda og okkur er leiðbeint sem einstaklingum en ekki hóp," segir Eva Natalja en Emm school of makeup er eini skólinn á Íslandi sem býður upp á framhaldsnám í förðun á eftir grunnnámi og er þar leitast við að draga fram áhuga og hæfileika hvers og eins. Linda kinkar kolli og bætir við að það sé ekki bara verið að kenna þeim að farða heldur er þeim kennt inn á iðnaðinn og hvernig eigi að fylgjast með nýjustu tískustraumum.



Lokaverkefni Evu Natölju Róbertsdóttur.

Stúlkurnar láta sig báðar dreyma um framhaldsnám en Lindu langar að verða stílisti á meðan Evu Natalju langar til að læra kvikmyndaförðun. „Námið í skólanum er heilmikið og mikið er um heimavinnu auk þess sem við vinnum lokaverkefni, en báðar höfum við lært mjög mikið og byggt góðan grunn fyrir frekari nám," segja þær stöllur og leggja lokahönd á að farða módelið af mikilli fagmennsku.

*kristineva@frettabladid.is*



Darrin hefur komið tvisvar áður og finnst Ísland æðislegt.

# Darrin aftur til Íslands

***Danshöfundurinn heimsækir sumarnámskeið World Class í Laugum.***

Sumarnámskeið dansstúdíós World Class í Laugum hefjast mánudaginn 9. maí og standa í átta vikur, eða til föstudagsins 1. júlí.

Hinn frægi danshöfundur Darrin Henson mætir eina helgi og kynnir allt það heitasta frá New York en hann hefur komið tvisvar áður til Íslands, nú síðast í byrjun mars. Darrin hefur unnið með öllum skærustu stjörnunum í bransanum í dag eins og Usher, Britney Spears og Justin Timberlake og fer vel yfir öll spor svo allir geti dansað eins og alvöru súperstjörnur.

Námskeiðin eru fyrir alla aldurshópa og er verðið fyrir námskeiðið 11.900 krónur. Skráning á sumarnámskeiðin fer fram í World Class í Laugum í síma 553 0000. ■

## Kennsla í Evrópufræðum

**Háskóli Íslands hefur fengið styrk til kennslu námskeiðs um nýjungar í Evrópusamrunanum.**



Eiríkur Bergmann Einarsson kennir á námskeiði sem styrkt er af sérstakri áætlun Evrópusambandsins.

Háskóli Íslands hefur í fyrsta sinn hlotið styrk úr Jean Monnet áætlun Evrópusambandsins til að kenna námskeið um nýjungar í Evrópusamrunanum. Styrknum fylgir mikil viðurkenning fyrir Háskóla Íslands en hann er aðeins ætlaður þeim menntastofnunum sem þykja í fararbroddi í rannsóknum og kennslu Evrópufræða. Á umræddu námskeiði, sem Eiríkur Bergmann Einarsson aðjúnkt í stjórnmálafræði kennir, verður farið í helstu kenningar um Evrópusamrunann og þýðingarmestu breytingar sem orðið hafa í álfunni síðustu sjö árin.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Brynja fylgist vel með öllum helstu listamönnunum á sjónvarpsstöðinni MTV.

# Sogar í sig dansspor eins og svampur

***Brynja Guðmundsdóttir byrjaði að kenna dans í Árbæjarþreki og Magadanshúsinu í fyrra og mun kenna þar aftur í sumar. Hún er aðeins tvítug en fylgist mjög vel með stefnum og straumum í dansi.***

„Ég kenni tvö aðskilin námskeið bæði í Árbæjarþreki og Magadanshúsinu. Á öðru námskeiðinu kenni ég hip hop dans. Það er í raun og veru sá dans sem er fyrir framan okkur allan daginn á MTV. Það er mjög fjörugur stíll sem listamenn eins og Missy Elliot, Chiara og Usher dansa. Hitt námskeiðið sem ég kenni er Jamaican rhythm og Modern magadans. Það er meiri hiti í Jamaican rhythm en hip hop-i og það er stefna sem listamenn eins og Sean Paul og Beyoncé byrjuðu með. Það er mikið „attitude“ í þeirri stefnu og mikið um mjaðmahreyfingar,“ segir Brynja. En ætli strákar mæti nokkuð í þá tíma? „Reyndar hef ég eiginlega bara kennt stelpum en strákar eru auðvitað velkomnir ef þeir hafa áhuga. Þeir þurfa ekki að vera hræddir við þennan dansstíl.“

Brynja byrjaði á því í fyrra að blanda þessum tveim stílum saman, hip hop-i og Jamaican rhythm, en sá fljótt að það gekk ekki. „Þegar maður dansar magadans og Jamaican rhythm langar mann að halda endalaust áfram með þá stefnu. Það sama er að segja um hip hop þannig að þessar stefnur eru of breiðar til að blanda þeim saman. Það er allt of erfitt að fara úr einu í annað þannig að ég hef haldið þessu aðskildu.“

Brynja er algjörlega sjálflærð en fylgist vel með öllu því sem er að gerast í dansheiminum. „Ég hef verið að æfa magadans í þrjú eða fjögur ár og byrjaði í hip hop-i þegar ég var tíu ára hjá Orville í Kramhúsinu. Ég fylgist rosalega vel með því sem er að gerast í dansi og reyni að vera eins og svampur og soga í mig hina ýmsu stíla og spor. Ég hef oft setið heilu dagana fyrir framan MTV að horfa á dansspor. Þegar ég fer út á djammið reyni ég að grípa útlendinga og spyrja þá um hvernig þeir dansa og reyni að fylgjast með þeim,“ segir Brynja en draumur hennar er að fara út í heim og læra sem mest í dansi. „Ég var að sækja um í grafískri hönnun í Listaháskólanum en ég verð ekki ánægð nema ég geti unnið við bæði dans og hönnun. Síðan langar mig að fara út og henda mér í dansnámskeið úti og læra eins mikið og ég get. Mig langar að kenna dans eins lengi og ég get. Ég hlakka til að eldast og stækka við mig, læra fleiri stíla og jafnvel eignast mitt eigið dansstúdíó.“

Námskeið Brynju í Árbæjarþreki byrja 27. apríl en í Magadanshúsinu 1. maí. Hægt er að hafa samband við Brynju í síma 821 4499 og í gegnum tölvupóstinn hiphopdans@yahoo.com.

*lilja@frettabladid.is*

ENSKA ER OKKAR MÁL
Enskuskólinn
Talnámskeið hefjast 2. maí
Innritun hafin
Hringdu í síma 588 0303 • FAXAFENI 8 • www.enskuskolinn.is

# Garðyrkjunemar fagna sumrinu

***Opið hús verður á morgun frá kl. 10 til 18 á Reykjum í Ölfusi þar sem garðyrkjudeildir Landbúnaðarháskóla Íslands eru starfræktar.***



Forseti Íslands mun afhenda umhverfisverðlaun.

Fjölbreytt dagskrá verður í boði á Reykjum. Til dæmis munu sérfræðingar skólans svara spurningum almennings um ræktunarmál og starfrækt verður markaðstorg með garðyrkjuafurðir. Fyrirtæki í græna geiranum kynna starfsemi sína og nemendur verkefni sín. Í mötuneytinu verða gómsætar veitingar og boðið verður upp á afþreyingu fyrir börnin. Hátíðardagskrá hefst á Reykjum kl. 14.30 þar sem Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra mun afhenda garðyrkjuverðlaunin 2005 og Ólafur Ragnar Grímsson forseti umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar. ■

# Um verðbréfaviðskipti

***Verðbréfavakt Íslandsbanka stendur á næstunni fyrir tveimur námskeiðum fyrir fjárfesta.***

Fyrra námskeiðið nefnist Val á fyrirtækjum og tímasetning markaðarins. Þar er sérstaklega tekið mið af aðstæðum á bandarískum hlutabréfamarkaði og stuðst við efni þaðan. Hægt er að taka námskeiðið 25. og 27. apríl kl. 17.15-19.30, eða hálfan laugardaginn 30. apríl. Fyrir óinnvígða kostar 15.000. Síðara námskeiðið heitir Verðbréfaviðskipti á netinu. Þar er farið yfir helstu reglur í kauphallarviðskiptum og þá þætti sem hafa ber í huga í viðskiptum með verðbréf. Það verður 3. maí. frá kl. 17-19 og aðgangur er ókeypis.

Hægt er að skrá sig á www.isb.is og í þjónustuveri í síma 440 4000. ■



Það er vinna að græða á verðbréfum.

20% afsláttur af öllum pappírsvörum í dag!
Nýir munsturgatarar.
OPIÐ FRÁ 10-18 VIRKA DAGA 11-16 LAUGARDAGA
Föndur og gjafavara
FÖNDRA
Dalvegur 18 Sími 568 6500
www.fondra.is



Líkamsrækt

RopeYoga

Nýtt heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Markviss uppbygging og styrking fyrir líkamann þar sem miðjan – *kviður og bak* – gegnir lykilhlutverki.

Ný 8 vikna námskeið hefjast 4. og 10. maí

Þriðjudagar og fimmtudagar kl. 6:15, 7:15, 8:20 og 10:00.

Mánudagar, miðvikudagar og föstudagar kl. 13:30.

Framhaldsnámskeið á mánudögum kl. 14:30, þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13:30.

*Vertu velkomin í okkar hóp!*

www.jsb.is

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun JSB 809-05

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8–19

AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9–17

brimborg Taktu bíl


VW Golf, skrd. 01/1998 ek. 84.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 590.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Hyundai Elantra station, skrd. 08/1996, ek. 130.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 450.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Volvo 440 GLE, skrd. 08/1994, ek. 180.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 350.000 kr. Tilboð 250.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Volvo XC90, skrd. 03/2003, ek. 47.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.990.000 kr. Einn með öllu. 100% lán. S. 515 7000.


BMW X5, skrd. 12/2003, ek. 29.000 km. 4600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 8.200.000 kr. Einn með öllu 100% lán. S. 515 7000.


Toyota Corolla 4x4, skrd. 05/1999, ek. 110.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 890.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Toyota Rav4, Skrd. 07/2000, ek. 94.000 km. 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 1.480.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

brimborg Taktu bíl


Ford Mondeo, skrd. 05/1995, ek. 123.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 430.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Citroen Xsara SX, skrd. 07/2001, ek. 47.000 km. 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.050.000 kr. Tilboð 950.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Subaru Legacy Outback H-6, skrd. 08/2002, ek. 37.000 km, 3000cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 3.150.000 kr. Tilboð 2.790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Volvo S70, skrd. 02/1999, ek. 100.000 km. 2500cc, sjálfskiptur, leður/rússkinn og m.flr. Ásett verð 1.390.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


SsangYoung Rexton, skrd. 07/2002, ek. 45.000 km, 2874cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 2.950.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Daewoo Musso Grand Lux, skrd. 10/1998, ek. 110.000 km, 2874cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 1.540.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Renault Clio, skrd. 06/2000, ek. 65.000 km, 1200cc, beinskiptur. Ásett verð 720.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

brimborg Taktu bíl


Honda Accord station, skrd. 04/2004, ek. 36.000 km, 2400cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 2.930.000 kr. Tilboð 2.790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Citroen Xsara SX station, skrd. 02/2003, ek. 30.000 km, 1600cc, beinskiptur, Ásett verð 1.230.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Ford Focus H/S, skrd. 06/1999, ek. 123.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 790.000 kr. Tilboð 680.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Toyota Avensis Sol station, skrd. 11/2004 ek. 4.000 km, 1800 cc , sjálfskiptur. Ásett verð 2.770.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Ford KA skrd. 09/2000 ek. 53.000 km, 1300 cc, beinskiptur. Ásett verð 590.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Volvo S60 AWD 4x4 LPT-Turbo, skr. 9/2003 ek. 18.000 km, 2500 cc, Sjálfskiptur, m/öllu. Ásett verð 3.790.000 kr. 100 % lán. S. 515 7000.


Volvo S80 LPT-Turbo, skrd.1 1/2002, e. 52.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.090.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

brimborg Taktu bíl


Ford Focus Trend station, skrd. 11/2002, e. 90.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.180.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Peugeot 406 station, skrd. 10/1999, e. 100.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 920.000 kr. Tilboð 699.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Suzuki Sidekick, skrd. 01/1992, e. 222.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 350.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Ford Focus H/S station, skrd. 10/2000, e. 71.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.050.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Renault Megane Sport T, skrd. 11/2004, e. 10.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.850.000 kr. 100% lán. S. 515 7000. DM-246.


Citroen Berlingo Van, skrd. 10/2003, e. 21.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.140.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Toyota Avensis, skrd. 03/2003, e. 43.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.810.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

brimborg Taktu bíl


Daewoo Lanos Hurricane, skrd. 09/2002, e. 37.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 990.000 kr. Tilboð 790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


VW Golf 4x4 station skrd. 08/1997, árgerð 1998, e. 163.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 650.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Mazda Demio, skrd. 06/1999, e. 131.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 550.000 kr. Tilboð 450.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Ford Fiesta Trend, skrd. 01/2003, e. 42.000 km, 1400cc, Beinskiptur. Ásett verð 1.160.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Opel Astra station, skrd. 10/1999, e. 105.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 930.000 kr. Tilboð 820.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Kia Sorento V6, skrd. 02/2003, e. 36.000 km, 3500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.140.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Citroen C3 skrd. 10/2002, e. 25.000 km, beinskiptur. Ásett verð 1.080.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

brimborg Taktu bíl


Opel Vectra CD station skrd. 04/1998, e. 126.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 830.000 kr. Tilboð 650.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Ford Mondeo Ghia, skrd. 12/2002, e. 25.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.860.000 kr. Tilboð 1.660.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Ford Mondeo Ambiente, skrd. 07/2003, e. 30.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.870.000 kr. Tilboð 1.590.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Ford Transit 300 M rúta, skrd. 02/2002 e. 97.000 km, 2000cc, Turbo-diesel, beinskiptur. Ásett verð 1.820.000 kr. S. 515 7000.


Citroen C2, skrd. 10/2004, e. 4.000 km, 1360cc, beinskiptur. Ásett verð 1.320.000 kr. Tilboð 1.190.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Nissan Primera GX station, skrd. 05/1999, e. 100.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 760.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daihatsu Charade CX, skrd. 05/1998, e. 83.000 km, sjálfskiptur. Ásett verð 590.000 kr. Tilboð 499.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 20. apríl 2005 – 3. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 Vísir



MOMENTUM greiðslu- og innheimtuþjónustan

sími: 510 7700 • www.momentum.is

settu þínar kröfur í réttar hendur



**McDonald's** Skyndibiti í fimmtíu ár 6





**Kína** Land tækifæranna 12





**Harley Davidson** Hægir á sér 6




## Atorka kaupir Austurbakka

### Fellur vel að rekstri félaga í eigu Atorku.

Atorka hyggst yfirtaka Austurbakka og hefur keypt 63 prósenta hlut af kjölfestueigendum, þeim Árna Þóri Árnasyni, forstjóra Austurbakka og Valdimari Olsen, framkvæmdastjóra Austurbakka. Viðskiptin fóru fram á genginu 53 krónum á hlut og er það 30 prósentum hærra verð en síðustu viðskipti með bréf í félaginu.

**Helstu eignir Atorku**

Icepharma
FH8
Lyfjadreifing
Sæplast
Jarðborunum 40 prósent
Low & Bonar 20 prósent
NWF 10 prósent

Greitt verður fyrir hlutabréf í Austurbakka að hálfu með hlutum í Atorku Group á genginu 6,2 og að hálfu með reiðufé.

Árni segist alltaf hafa verið að leitast við að stækka Austurbakka því að það sé fyrirtækið sem skipti öllu máli. Hann segist vera mjög sáttur við söluna enda verði hann hluthafi í Atorku.

Austurbakki verður rekið sem sjálfstætt dótturfélag Atorku. Starfsemi félagsins virðist passa vel við starfsemi nokkurra dótturfélaga Atorku, bæði þegar kemur að heildverslun með áfengi og sölu á lyfjum. - dh

---

Íbúðir við Andarhvarf:

## Hækkuðu um 11,5 milljónir á hálfu ári

Sérhæðir við Andarhvarf í Vatnsendahverfi Kópavogs hafa hækkað um meira en ellefu milljónir króna síðan í haust.

Um er að ræða 134 fermetra íbúðir með 27 fermetra bílskúr. Íbúðirnar verða afhentar í maí 2006 tilbúnar án gólfefna.

Þessar íbúðir kostuðu 24,5 milljónir króna síðastliðið haust en kosta nú 35,9 milljónir samkvæmt auglýsingu frá fasteignasölunni Valhöll. Fyrir einum og hálfum mánuði voru sambærilegar eignir seldar á 30,2-31,5 milljónir. - eþa

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Straumur selur** | Straumur seldi allan hlut sinn í Tryggingamiðstöðinni fyrir átta milljarða króna. Kaupendur voru Sund ehf., Fjárfestingarfélag sparisjóðanna og Höfðaborg ehf.

**Austurbakki yfirtekinn** | Atorka Group keypti hlutabréf Árna Þórs Árnasonar og Valdimars Olsen í Austurbakka og eignaðist þar með meirihluta í félaginu.

**Skilafrestur framlengdur** | Einkavæðingarnefnd hefur ákveðið að framlengja skilafrest á óbindandi tilboðum í Landssímann. Fresturinn var framlengdur til 17. maí næstkomandi.



**Stjórnendur kaupa** | Gunnlaugur M. Sigmundsson, forstjóri Kögunar, og tveir stjórnarmenn keyptu yfir 6 prósent í Kögun af KB banka.

**Tilboðsfrestur** | Stjórn bresku verslunarkeðjunnar Somerfield veitti fjárfestum tveggja vikna frest til að leggja inn formleg yfirtökutilboð. Fastlega er búist við því að Baugur bjóði í félagið í samvinnu við Tchenguiz Group, Barclays Capital og Apax.

**Adobe kaupir** | Hugbúnaðarfyrirtækið Adobe hefur fest kaup á Macromedia fyrir 200 milljarða króna.

**Landsbankinn sækir fram** | Heritable Bank Ltd., dótturfélag Landsbanka Íslands í Bretlandi, keypti í vikunni Key Business Finance Corporation.

**Landssöfnun gengur vel** | Almenningur ehf. var stofnaður í fyrradag til þess að bjóða í hlutafé í Landssímanum. Forsvarsmenn félagsins ætla sér að bjóða í 30 prósent hlutafjár í Símanum sem gæti jafngilt 20 milljörðum króna.

# Bankaráðsmaður eignast meirihluta í Sjóvá

### Íslandsbanki hagnaðist um sjö milljarða á eign sinni í Sjóvá. Félag í eigu Karls Wernerssonar, bankaráðsmanns Íslandsbanka, kaupir tvo þriðju í Sjóvá.

**Hafliði Helgason**
skrifar

Eignarhaldsfélagið Þáttur, undir forystu Karls Wernerssonar, bankaráðsmanns í Íslandsbanka, hefur keypt 66 prósenta hlut í Sjóvá. Íslandsbanki mun áfram eiga þriðjung í Sjóvá. Saman munu svo bankinn og Sjóvá stofna fjárfestingarfélag ásamt Þætti.

Salan var afgreidd á bankaráðsfundi í gærmorgun og er söluverð hlutar Þáttar 17,5 milljarðar króna sem setur 26 milljarða verðmiða á Sjóvá í heild sinni. Það er um níu milljarða hærra verð en greiningardeildir banka hafa metið félagið á. Morgan Stanley var ráðgefandi við söluna og Karl sat ekki fundi bankaráðsins sem fjölluðu um söluna.

Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, segir að með sölunni leysi bankinn til sín góðan hagnað af fjárfestingu sinni í Sjóvá. Bankinn fær 3,4 milljarða söluhagnað, en auk þess hafa arðgreiðslur bankans frá Sjóvá numið annarri eins upphæð. Bjarni segir að bankinn og tryggingafélagið muni áfram samþætta þjónustu sína. „Með sölunni heldur bankinn í kosti samþættingarinnar en losar um fjárbindingu í félaginu," segir Bjarni.



**KARL WERNERSSON**
Stjórnarmaður í Íslandsbanka

Íslandsbanki styrkir eiginfjárgrunn sinn með sölunni og nemur möguleg útlánaaukning vegna sölunnar um 200 milljörðum króna.

Karl Wernersson segir að hér sé um spennandi og ögrandi verkefni að ræða. Sjóvá sé rótgróið félag með stóran hóp traustra viðskiptavina. „Áframhaldandi samstarf við Íslandsbanka mun skipta okkur miklu máli og sömuleiðis hið sameiginlega fjárfestingarfélag," segir Karl.

Með þessum viðskiptum styrkir núverandi meirihluti í bankaráði Íslandsbanka stöðu sína. Bankinn losnar við ókosti þess að hafa tryggingarfélag innanborðs, en nýtur kosta af samvinnu. Með stofnun fjárfestingarfélags bætist svo þriðja stoðin við sem gerir bankanum betur kleift að takast á við fjárfestingar og umbreytingarverkefni.

# Leigir Víðidalsá á 52 milljónir

### Leigan á Víðidalsá er sú hæsta sem þekkist miðað við stangafjölda. Veiðifélög reisa veiðihús fyrir tugi milljóna til að mæta kröfum um þægindi.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Víðidalsá verður leigð út fyrir rúmar 52 milljónir króna á ári næstu þrjú til fimm árin. Hækkar leigan um tuttugu milljónir króna frá því sem núverandi leigutaki greiðir.

Verið er að leggja lokahönd á leigusamninginn segir Björn Magnússon formaður veiðifélags Víðidalsár og bóndi á Hólabaki. Leigutakinn er fyrirtæki í eigu Stefáns Sigurðssonar, sem vinnur á skrifstofu Lax-á, og tekur hann við ánni árið 2006. Magnús Ólafsson, varaformaður Landssambands veiðifélaga, segir þetta þekki að teknu tilliti til stangafjölda. Veruleg hækkun hafi orðið á góðum laxveiðiám hin allra síðustu ár. Þar spili inn í aukinn áhugi á laxveiði, ágæt veiði síðastliðið sumar og sterkt efnahagslíf. Allir þessir þættir spili saman þegar kemur að því að selja veiðileyfin aftur til einstaklinga.

Aðbúnaður ræður einnig miklu um verð. Dæmi eru um að veiðifélög séu að reisa stór og dýr veiðihús fyrir tugi eða hundruð milljóna króna til að mæta kröfum veiðimanna um þægindi eftir því sem leyfin hækka. Þetta hafi einnig áhrif.

Aðspurður hvort aukin eftirspurn útlendinga hækki verðið segir Magnús innlenda markaðinn einnig sterkan. „Sport eins og laxveiði fer eftir efnahagsástandinu," ítrekar hann.

Á móti komi mikið framboð af veiði í landinu sem víða sé ódýr. Það sé gott því að flóra veiðimanna sé mikil og allir eigi að geta fundið verð við sitt hæfi.




10,2%* Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta.
Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 01.03.2005–01.04.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum | 12 mánuðir |
|---|---|---|---|
| Actavis | -0,73% | 6,20% | -6,17% |
| Atorka | 2,67% | 9,98% | 116,63% |
| Bakkavör | -0,91% | 33,74% | 51,16% |
| Burðarás | ÓBR | 18,42% | 32,80% |
| FL Group | -1,40% | 49,24% | 98,65% |
| Flaga | -0,72% | -9,84% | ÓBR |
| Íslandsbanki | 2,33% | 21,51% | 61,45% |
| KB banki | -1,29% | 22,18% | 71,16% |
| Kögun | ÓBR | 34,45% | 64,96% |
| Landsbankinn | ÓBR | 32,06% | 93,69% |
| Marel | -0,71% | 13,01% | ÓBR |
| Og fjarskipti | -0,99% | 24,69% | 15,65% |
| Samherji | ÓBR | 8,56% | ÓBR |
| Straumur | 4,91% | 27,32% | 91,48% |
| Össur | 1,21% | 9,80% | 60,00% |

Miðað við gengi í Kauphöll í gær.

Ísfélag Vestmannaeyja:

# Nærri átta milljarða virði

Grandi seldi allan eignarhlut sinn í Ísfélagi Vestmannaeyja í desember síðastliðnum. Um var að ræða 11,5 prósenta hlut sem var seldur á bókfærðu virði, um 880 milljónir króna. Kaupendurnir voru Ísfélagið sjálft og Tryggingamiðstöðin. Samkvæmt þessu gæti verðmæti Ísfélagsins verið í kringum 7,5 milljarðar króna. Ísfélag Vestmannaeyja er að langstærstum hluta í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur og sona Sigurðar heitins Einarssonar, Eyjafjölskyldunnar svokölluðu. - eþa



Markaðurinn/GVA

**FAGURT BÆJARSTÆÐI** Grandi hefur selt hlut sinn í Ísfélagi Vestmannaeyja. Kaupendur voru félagið sjálft og TM.

# Dótturfélag KB banka fær risalán

Danski fyrirtækjabankinn FIH, sem er í eigu KB banka, sótti sér 160 milljarða króna á franskan skuldabréfamarkað á dögunum og varð þar með fyrsta danska fyrirtækið til að gera slíkt. Börsen segir frá þessu. „Franski markaðurinn er mjög virkur og við getum fengið þær fjárhæðir sem við óskum eftir á aðeins tveimur dögum,“ segir Jens Toft, fjármálastjóri FIH. Hann er sáttur við þau kjör sem FIH fær og telur þau sambærileg og bjóðast á öðrum mörkuðum með skammtímafjármögnun.

Þessar fréttir benda til þess að FIH ætli sér stóra hluti á norrænum fyrirtækjamarkaði, enda getur félagið aukið útlán sín enn frekar. Talið er að bankinn þurfi um 330 milljarða króna á ári til að fjármagna útlán sín.

Þetta er ekki síður góðar fréttir fyrir franska skuldabréfamarkaðinn sem hefur vantað erlend félög. - eþa

# Forðast á viðskiptamúra

## Menningarsvæðum stafar meiri hætta af einangruðum hagkerfum.

Hægt er að rökstyðja takmarkanir á frjálsum viðskiptum með því að skilgreina menningarleg verðmæti með ýmsum hætti, segir Rufus H. Yrexa, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Hann nefnir sem dæmi að Bandaríkjamenn geti haldið því fram að fiskveiðar feli í sér menningarleg og söguleg verðmæti sem hætta sé á að leggist af. Því þurfi að takmarka fiskinnflutning. Það kæmi Íslendingum illa.



**RUFUS H. YREXA**

Rufus H. Yrexa hélt fyrirlestur á ráðstefnu stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum í síðustu viku. Fjallaði hann um afdrif mismunandi menningarheima þegar hagkerfi heimsins ranna saman. Yrexa sagði hlutverk WTO felast meðal annars í því að koma í veg fyrir að ríkisstjórnir reisi óeðlilega múra með þeim rökum að verið sé að vernda menningarleg verðmæti. Aðeins sé hægt að rökstyðja tímabundin höft á alþjóðleg viðskipti með vísun til almennra efnahagslegra forsenda. – bg

# Tímapressu létt af símafjárfestum

**Einstaklingar geta talist til kjölfestufjárfesta í Símanum. Ekki er nauðsynlegt að vera með í fyrri tilboðslotu til að eiga kost á að kaupa í þeirri síðari. Dregið hefur úr þrýstingi á væntanlega kaupendur að mynda hóp kjölfestufjárfesta. Allir eru á fullu að tala við alla um hugsanlegt samstarf.**

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Þeir sem hyggjast kaupa í Símanum þurfa ekki að vera búnir að mynda hóp með að minnsta kosti tveimur öðrum ótengdum aðilum þegar frestur til að skila inn óbindandi tilboðum rennur út 17. maí næstkomandi. Ef fjárfestir skilar ekki inn slíku tilboði á hann samt kost á að taka þátt á síðara stigi söluferlisins. Verður hann þá að bjóða í Símann með kjölfestufjárfestum, tveimur eða fleirum, sem hafa samþykkt einkavæðingarnefndar til að skila inn bindandi tilboði.

Einkavæðingarnefnd kynnti nánari útfærslu á sölufyrirkomulagi Símans í gær. Þessi ákvörðun léttir óneitanlega tímapressu af þeim sem eru að kynna sér söluna því áður var talið að hóparnir þyrftu að vera klárir áður en óbindandi tilboði yrði skilað inn. Samhliða þessu var tilboðsfrestur færður frá 6. maí til 17. maí.

Enginn einn aðili, skyldir eða tengdir aðilar, mega fara með meira en 45 prósenta eignarhlut í Símanum eftir söluna. Af því leiðir að minnst þrír verða að vera á bak við hvert tilboð. Einkavæðingarnefnd lítur svo á að þeir sem ráða yfir þrjátíu prósentum atkvæða í félagi teljist tengdir. Einnig þeir sem hafa rétt til að tilnefnda fleiri en einn stjórnarmann eða meirihluta stjórnar í félagi.

Samkvæmt upplýsingum frá Valgerði Sverrisdóttur hafa yfir fjörutíu aðilar óskað eftir viðbótarupplýsingum um Símann. Heimildir Markaðarins herma að miklar þreifingar séu í gangi um hugsanlegt samstarf mismunandi aðila. Ekki er þó líklegt að samvinnan verði niðurnjörvuð fyrr en nær líður miðjum maí eða jafnvel eftir að fresturinn rennur út. Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, segir mikinn áhuga á viðbótargögnum um Símann koma nokkuð á óvart. Hann getur ekki upplýst hversu langan tíma það taki að fara yfir tilboðin í fyrstu lotu. Það fari eftir fjölda. Kannski taki það viku til tíu daga. Eftir það verður útvöldum boðið að skila inn bindandi tilboði.

Jón segir næstu skref einkavæðingarnefndar, í samvinnu við Morgan Stanley, að skilgreina mælikvarða sem ráði hverjir veljist á síðara stig söluferlisins á grundvelli óbindandi tilboðsins. Nauðsynlegt sé að sú aðferð verði gagnsæ og trúverðug svo að allir sitji við sama borð. Þetta verði allt saman ljóst fyrir 17. maí. Kjölfestufjárfestar geti þá tekið tillit til þessa í sínu tilboði.




Fréttablaðið/Hari

**SÍMINN BRÁTT SELDUR** Í stað þess að fulltrúar stjórnmálamanna sitji í stjórn Símans, eins og nú tíðkast, munu eigendur eða fulltrúar þeirra standa þar vörð um hagsmuni fyrirtækisins eftir söluna í sumar.

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU



Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

# Íslandsbanki í kengúruútboði

## Fjármögnun í Ástralíu

Íslandsbanki tekur þátt í útboði, svokölluðu kengúruútboði, en um er að ræða fjármögnun í samstarfi við aðrar fjármálastofnanir. Heildarupphæð útboðsins er 1,5 milljarðar Ástralíudollara eða sem nemur 70 til 80 milljörðum króna.

Íslandsbanki er fyrsti norræni bankinn til að ráðast í slíkt útboð þar í landi og hefur aðeins einn annar banki frá Evrópu, með einfalt A í lánshæfismat, lokið samningi um slíkan fjármögnunarramma þarna „undir niðri“ eins og Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, orðaði það.

Hann segir menn fyrst og fremst hafa áhuga á fjárhagslegum styrk fyrirtækisins þegar hann var staddur hinum megin á hnettinum og hvort að verkefni sé áhugavert. „Fyrir íbúum fjarlægari ríkja erum við evrópskur banki, í besta falli frá Norðurlöndum ef viðmælendur okkar eru vel upplýstir.“



**BJARNI ÁRMANNSSON, FORSTJÓRI ÍSLANDSBANKA** Fyrir íbúum fjarlægari ríkja erum við evrópskur banki.

Að Bjarna mati munu íslenskir bankar til framtíðar litið hafa hverfandi íslensk sérkenni. - dh


Má bjóða þér einn?
“Hröð og fagleg þjónusta eru einkunnarorð okkar hjá Lýsingu. Ef þig vantar fjármögnun á atvinnutæki þá ábyrgjumst við svar á innan við sólarhring frá því að öll gögn liggja fyrir. Einfaldara getur það ekki verið.“
Elvar Daði Eiríksson
Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja
LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is
Hinrik Pétursson I www.mmedia.is/hip

## Meiri umsvif easyJet

**Breska lággjaldaflugfélagið easyJet, sem er 10 prósent í eigu FL Group, flutti 29 prósent fleiri farþega í mars en í sama mánuði fyrir ári síðan. Bráðabirgðatölur sýna að veltan jókst um tæpt 21 prósent á sama tíma. easyJet hefur hækkað um nærri 24 prósent árinu. Ætla má að eignarhlutur FL Group sé nærri tólf milljarða króna virði. Félagið er að stærstum hluta í eigu hins grískættaða Stelios Haji-Ioannou og systkina hans. Stelios stofnaði félagið árið 1995.** - eþa


Markaðurinn/Jim Anderson

**EASYJET** Breska lággjaldaflugfélagið flytur fleiri farþega í ár en í fyrra. Félagið er að hluta til í eigu FL Group.

## Ekki samið aftur við Eykt

Verið er að semja við nýja verktaka til að taka að sér byggingu annars áfanga Skuggahverfis, milli Lindargötu og Skúlagötu í Reykjavík. Einar I. Halldórsson framkvæmdastjóri 101 Skuggahverfis segir margt spila inn í að ekki sé samið við Eykt, sem byggði fyrsta áfangann. Hann vill ekki tilgreina ástæðurnar en segir verktakann ekki hafa staðið við tímaáætlanir. Verkið hafi tafist af þeim sökum og semja þurft við aðra verktaka til að klára húsnæðið að innan.

Pétur Guðmundsson forstjóri Eyktar segist ekki kannast við að tafir hafi orðið á verkinu. Eykt hafi ekki sóst eftir að byggja fleiri hús en voru í fyrsta áfanga. Af þeim sökum sé ekki samið við þá. Hann skilji sáttur við þetta verk. Þeir sem haldi því fram að verkið hafi tafist búi yfir öðrum upplýsingum en hann. Ekki hafi náðst samkomulag um innivinnuna og því aðrir tekið það að sér.

Byrjað verður á byggingu staks húss vestast á reitnum um mánaðamót maí og júní að sögn Einars. Um næstu áramót verði byrjað á öðrum áfanga. Ekki sé byrjað að selja þær íbúðir. Verkið sé til afgreiðslu hjá skipulagsyfirvöldum í Reykjavík. Hann kvíðir ekki framhaldinu.


Markaðurinn/Stefán

**BYGGINGAR RÍSA Í SKUGGAHVERFI** Forstjóri Eyktar segir að fyrirtækið hafi ekki sóst eftir að byggja fleiri hús á reitnum en voru byggð í fyrsta áfanga.

Magnea Sverrisdóttir, fasteignasali hjá Eignamiðlun, segir allar íbúðirnar 79 í fyrsta áfanga hafa selst fyrir nokkrum vikum. Mikið hafi verið spurt og hún reikni með að fáar íbúðir fari fljótt í endursölu. Núna er þegar búið að flytja inn í um þrjátíu þeirra.

Magnús segir kaupendur gjarnan eldri en 45 ára sem séu að minnka við sig húsnæði. Einnig sé nokkuð af ungu fólki og Íslendingum sem vinni erlendis. Þeir vilji þá eiga athvarf í Skuggahverfinu þegar þeir dvelji hér á landi. – bg


Markaðurinn/Hari

**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** Halldór á lítinn hlut í Skinney-Þinganesi hf. sem gæti verið metinn á 48 milljónir króna. Faðir hans, Ásgrímur Halldórsson, var lengi vel framkvæmdastjóri félagsins.

## Halldór á um 50 milljónir

Verðmæti hlutabréfaeignar forsætisráðherra í Skinney-Þinganesi er að minnsta kosti 48 milljónir.

Birkir Jón Jónsson, alþingismaður fyrir Framsóknarflokkinn, upplýsti í sjónvarpsþættinum Silfri Egils að eignarhlutur Halldórs Ásgrímssonar í útgerðarfélaginu Skinney-Þinganesi hf. væri um 2,2 prósent, eða 15 milljónir að nafnverði.

Skinney-Þinganes er fjölskyldufyrirtæki forsætisráðherra en faðir hans var lengi framkvæmdastjóri Skinneyjar áður en félagið sameinaðist Þinganesi og bróðursonur Halldórs, Aðalsteinn Ingólfsson, heldur nú um stjórnvölinn.

Skinney-Þinganes hefur ekki birt uppgjör fyrir árið 2004 en félagið skilaði 480 milljóna króna hagnaði árið áður. Verðmæti hlutabréfa Halldórs er að að minnsta kosti 48 milljónir króna með því að reikna út innra virði hlutafjár út frá eigin fé fyrirtækisins í árslok 2003 og nafnvirði hlutafjár. Félagið er ekki skráð í Kauphöllinni og því enginn verðmiði til á því.

Skinney-Þinganes er eigandi að þriðjungshlut í Hesteyri, sem er stærsti eigandinn í VÍS. - eþa

# Ævintýraleg ávöxtun á bankabréfum

**Allt að 850 prósenta ávöxtun af bankabréfum frá 1998. Átta þúsund krónur í Búnaðarbankanum eru orðnar að 75.000 krónum í KB banka. Sá sem keypti hámarkshlut í Landsbankanum fyrir 104.000 krónur hefur fengið yfir 750 prósenta ávöxtun.**

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Þeir sem keyptu í útboði ríkisbankanna árið 1998 og skráðu sig fyrir fullum hlut hafa náð ævintýralegri ávöxtun, að því gefnu að bréfin séu enn í þeirra eigu. Í þeim útreikningum sem gerðir voru á ávöxtun bréfanna frá 1998 er ekki gert ráð fyrir að hluthafar hafi nýtt sér rétt til hlutafjáraukningar á hverjum tíma.

Búnaðarbankinn, stofnaður árið 1930, sameinaðist Kaupþingi í maí árið 2003 og fékk sá sem átti einn hlut í Búnaðarbankanum tæpa 0,037 hluti í sameinuðum banka. Útboðsgengi í Búnaðarbankaútboðinu til almennings var 2,15 en síðasta gengi í KB banka var um 535.

Fjárfestingabanki atvinnulífsins (FBA) varð til með sameiningu Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Útflutningslánasjóðs og tók til starfa í ársbyrjun 1998. FBA sameinaðist Íslandsbanka vorið 2001 og var skiptihlutfallið talið hluthöfum FBA mjög í hag á þeim tíma. Fengu hluthafar FBA 0,76905 krónur í Íslandsbanka-FBA fyrir hverja krónu sem þeir áttu að nafnverði. Upphaflegt kaupverð í FBA var 1,4 krónur á hlut en síðasta gengi í Íslandsbanka var 12,7.

Landsbankinn hefur ekki sameinast öðrum bönkum á tímabilinu. Almenningur fékk að kaupa hlutabréf í Landsbankanum á genginu 1,9 í útboðinu árið 1998 en síðasta viðskiptagengi var um 15,5.



**BÚNAÐARBANKINN** Hlutabréf í Búnaðarbankanum, FBA og Landsbankanum hafa hækkað gríðarlega frá því að bankarnir voru einkavæddir árið 1998. Þeir sem keyptu hámarkshlut í öllum bönkunum og eiga enn hafa náð yfir 700 prósenta ávöxtun að teknu tilliti til arðgreiðslna. Bæði Búnaðarbankinn og FBA hafa horfið inn í aðra banka.

**BÚNAÐARBANKINN**
Fjárfesting í útboðinu árið 1998 hefur skilað eftirfarandi ávöxtun:
Kaupverð: 8.084 kr. (Nafnverð: 3.760 kr.)
Verðmæti í dag: 74.365 kr. (Nafnverð: 139 hlutir)
Ávöxtun þann 18.04.2005 að teknu tilliti til arðgreiðslna: **856%**

**LANDSBANKINN**
Fjárfesting í útboðinu árið 1998 hefur skilað eftirfarandi ávöxtun:
Kaupverð: 104.500 (Nafnverð: 55.000)
Verðmæti í dag: 852.500 kr.
Ávöxtun þann 18.04.2005 að teknu tilliti til arðgreiðslna: **754%**

**FBA**
Fjárfesting í útboðinu árið 1998 hefur skilað eftirfarandi ávöxtun:
Kaupverð: 433.277 (Nafnverð: 309.484)
Verðmæti í dag: 3.022.714 kr. (Nafnverð: 238.009)
Ávöxtun þann 18.04.2005 að teknu tilliti til arðgreiðslna: **767%**

## Einkavæðing bankanna

Haustið 1998 hófst einkavæðing ríkisbankanna þegar ríkið seldi hlut í þremur félögum; í Búnaðarbankanum, FBA og Landsbankanum. Almenningi gafst kostur á að kaupa í öllum félögunum.

**LANDSBANKINN** Einkavæðingin hófst með sölu á 15 prósenta hlut í Landsbankanum sem var í boði fyrir starfsmenn, almenning og tilboðshafa. Mikil eftirspurn var eftir bréfunum en yfir 12.000 aðilar skráðu sig fyrir hlutum. Í almennu áskriftinni fékk kaupandi að hámarki 55.000 krónur í sinn hlut á genginu 1,9. Fimmtán prósent hlutafjár voru aftur til sölu í bankanum í lok árs 1999. Þá skráðu um 28.000 aðilar sig fyrir hlut. Í almenna hluta útboðsins var hámarkshluturinn 20.484 kr. að nafnverði á genginu 3,8.

Ríkið seldi svo 20 prósent hlutafjár í júní árið 2002 í gegnum viðskiptakerfi Kauphallarinnar. Sölugengið var 3,5.

Næsti hluti í söluferli bankans var þegar Samson-hópurinn keypti 45,8 prósent hlutafjár undir lok árs 2002. Sölugengið í þeim viðskiptum var 3,91.

Síðasta hlutanum í söluferli Landsbankans lauk í febrúar 2003 þegar 2,5 prósent hlutafjár voru seld í gegnum viðskiptakerfi Kauphallarinnar.

**FBA** Næstur í röðinni til að verða einkavæddur var FBA. Í fyrri hlutanum voru 49 prósent hlutafjár til sölu. Alls óskuðu 10.734 aðilar eftir því að kaupa bréf í FBA og var umframeftirspurn um 14,2 milljarðar. Í boði voru 4.665 milljónir að söluverði.

Seinni hlutinn, eða 51 prósent, var seldur með tilboðsfyrirkomulagi. ORCA-hópurinn varð langstærsti hluthafinn eftir að ríkið hafði dregið sig alfarið úr FBA.

**BÚNAÐARBANKINN** Búnaðarbankinn var seldur í nokkrum hlutum líkt og Landsbankinn. Hálfgerð geggjun greip um sig í þjóðfélaginu þegar 15 prósent hlutafjár voru seld í desember 1998. Alls bárust 92.000 áskriftir fyrir 122-falt magn sem í boði var í almenna útboðinu. Hámarkshlutur hvers og eins var aðeins 3.760 kr. að nafnverði. Útboðsgengið var 2,15. Ári síðar voru önnur 15 prósent seld með svipuðu fyrirkomulagi og árið áður. Alls voru 10 prósent seld til almennings og varð ellefufóld umframeftirspurn eftir þeim 350 milljónum sem í boði voru. Kaupgengi var 4,1 króna á hlut.

Þann 16. janúar 2003 var undirritaður kaupsamningur milli ríkissjóðs og Eglu, VÍS, Samvinnulífeyrissjóðsins og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga um kaup síðastnefnda fyrirtækisins á 45,8 prósenta hlut í Búnaðarbankanum. Að Eglu stóðu aðallega þýski bankinn Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA og Ker (Olíufélagið). Kaupverðið var um 11,9 milljarðar króna og var kaupgengið 4,81. Ríkið fór endanlega úr hluthafahópi Búnaðarbankans þegar það seldi um 9 prósent hlutafjár í marsmánuði 2003. Salan fór í gegnum kerfi Kauphallarinnar og var söluverðið 5,05 krónur fyrir hvern hlut.


**HANDBÓK UM GÆÐASTJÓRNUN**

**ISO 9000 kjarnastaðlarnir** - *hljóma betur saman*



Kjarnastaðlarnir fjórir í ISO 9000 röðinni í einni bók:

- *ISO 9000*
- *ISO 9001*
- *ISO 9004*
- *ISO 19011*

Þeir sem eiga þessa bók ásamt handbókinni *ISO 9001 fyrir lítil fyrirtæki – Leiðsögn*, hafa við höndina þau rit sem mestu skipta í gæðastjórnun.

**Pantaðu í síma 520 7150 eða á www.stadlar.is**


## Meiri sala í Smáralind

Velta hjá rekstraraðilum í Smáralind jókst að meðaltali um 15-20 prósent fyrstu þrjá mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Nær stöðug aukning hefur verið í verslunarmiðstöðinni síðan haustið 2003.

Pálmi Kristinsson, framkvæmdastjóri Smáralindar, segir að eftirspurnin eftir því að komast í húsið sé mikil en nær engin leigurými eru á lausu. Það kom fram í Morgunblaðinu nýlega að Kringlan anni heldur ekki eftirspurn kaupmanna sem vilja komast í húsið. - eþa


Fréttablaðið/Valli

**SMÁRALIND** Veltuaukning hefur verið 15-20 prósent fyrstu mánuði ársins.


PHILIPS
Já, við erum hreykin, enn og aftur!
Þú færð flöt Philips hágæða sjónvörp
alltaf á betra verði hjá okkur!
PHILIPS
Philips Flat TV. Besta flata LCD sjónvarp í Evrópu. Hlaut EISA verðlaunin 2004-2005.
EISA
AWARDS
LCD TELEVISION 2004-2005
Philips 37PF9986
PIXEL PLUS 2
ambi light
Kynntu þér málið á www.ht.is
eða í verslun okkar í Sætúni 8
Heimilistæki
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

# Hægir á hjá Harley

Hlutabréf í fyrirtækinu sem framleiðir hin heimsfrægu Harley Davidson-mótorhjól féllu mjög á markaði í síðustu viku. Ástæðan er sú að stjórnendur lýstu því yfir að eftirspurn væri minni en vonir hefðu staðið til.

Tekjur á fyrsta fjórðungi ársins voru þó töluvert meiri en á sama tíma í fyrra og þrátt fyrir endurskoðaðar áætlanir er gert ráð fyrir að salan í ár slái met tuttugasta árið í röð. Stjórnendur fyrirtækisins segjast hafa notið góðs af því að kynslóð miðaldra fólks hafi um þessar mundir nægа peninga til að kaupa leikföng á borð við Harley-hjólin. Þeir óttast hins vegar að þegar miðaldra fólkið verði of gamalt til að hafa áhuga á mótorhjólum muni líða mörg ár þar til ný kynslóð taki við. - þk



# Slegist um gróða af „draumadeildum“

Hafnaboltasambandið í Bandaríkjunum rekur nú mál fyrir dómstólum til þess að tryggja sér tekjur af notkun tölfræði í svokölluðum „draumadeildum“.

Í bandarískum íþróttum hefur alla tíð verið lagt mikið upp úr ýmiss konar mælingum á tölfræðilegum árangri leikmanna og á síðustu árum hefur sprottið upp gríðarlegur iðnaður í kringum leiki þar sem menn búa til ímynduð lið með raunverulegum leikmönnum og sanka að sér stigum ef leikmennirnir í ímyndaða liðinu ná góðum árangri. Hingað til hafa tölfræðilegar upplýsingar um íþróttir verið taldar almannaeign en þessu vill Hafnaboltasambandið breyta þannig að hluti af tekjum draumadeildanna renni í sjóði þess. Mjög óvíst er að Hafnaboltasambandið vinni málið enda eru dómafordæmi því í óhag.

Í Evrópu hafa draumadeildir átt sífellt auknum vinsældum að fagna á síðustu árum eftir því sem yfirgripsmeiri tölfræði hefur verið haldið til haga um árangur knattspyrnumanna. Fyrir nokkrum árum voru slíkar tölfræðiupplýsingar takmarkaðar við markaskor og úrslit en nú er hægt að fylgjast með því hversu oft menn vinna bolta og tapa bolta, hversu oft sendingar hitta á samherja, hversu oft sendingar gefa af sér mark og svo mætti lengi telja.



Markaðurinn/AP

**HVERT SKREF SKRÁSETT** Íslendingum finnst fæstum margt heillandi við bandarískan hafnabolta en tölfræðigrúskarar komast þó varla í feitari bita.

# McDonald's fimmtugt

Bandaríska hamborgarakeðjan McDonald's varð fimmtug á föstudaginn. Þá var liðin hálf öld síðan fyrsti McDonald's-staðurinn var opnaður í úthverfi Chicago-borgar.

Síðan þá hefur veldi McDonald's dreifst um alla heimsbyggðina og nú eru um þrjátíu þúsund McDonald's-staðir í heiminum og er áætlað að á hverjum degi eigi um fimmtíu milljónir manna viðskipti við McDonald's.

Upphafsmaður McDonald's var Ray Kroc, sem seldi tæki til að framleiða mjókurhristing í Chicago. Það vakti athygli hans að einn viðskiptavinur í Kaliforníu pantaði tíu tæki. Þegar hann heimsótti kúnnann góða sá hann að þar voru hamborgarar framleiddir og framreiddir á mun hagkvæmari hátt en annars staðar. Kroc fór svo í samstarf um þróun hugmyndarinnar með þeim árangri sem veldi McDonald's í dag ber vitni um.



# Risinn sem étur Bretland

## Eitt af hverjum átta pundum sem eytt er í Bretlandi rennur til Tesco.

Tesco, stærsta verslunarkeðja Bretlandseyja, skilaði metuppgjöri í síðustu viku. Keðjan varð fyrsta breska verslunarkeðjan til að rjúfa tveggja milljarða punda múrinn, sem er um 240 milljarða króna hagnaður reiknaður í íslenskum krónum. Til samanburðar er KB banka spáð 25 milljarða hagnaði á þessu ári.

**ALLIR SMÁSALAR FINNA TIL**

Tölfræðin sýnir sívaxandi veldi og vöxt fyrirtækisins. Tesco, sem var stofnað árið 1924 af Jack Cohen, varð stærsta verslunarkeðja Bretlandseyja árið 1995 þegar hún fór fram úr Sainsbury's. Á sama tíma og helstu keppinautarnir; Asda, Marks & Spencer, Wm Morrison og Sainsbury's, hafa átt erfitt með ná settum sölumarkmiðum rýkur upp úr Tesco-vélinni.

Það eru ekki einungis stóru verslunarkeðjurnar sem bera sig aumlega yfir uppgangi Tesco. Tískuverslanir við verslunargöturnar í stórborgunum finna sterklega fyrir því að viðskiptavinirnir kaupa æ meira af fatnaði og fylgihlutum hjá Tesco. Breskur almenningur sneiðir í vaxandi mæli hjá verslunargötunum og keyrir þess í stað til mollanna í útjöðrunum.

Að öðrum ólöstuðum á Sir Terry Leahy, forstjóri Tesco, mestan þátt í uppgangi keðjunnar. „Terry Tesco“, eins og hann er kallaður, hóf störf hjá henni sem fjórtán ára peyi í Liverpool. Hann tók við stjórnartaumunum árið 1997 og setti sér það markmið að breyta Tesco úr venjulegri matvörukeðju í alhliða stórmarkað sem seldi allar þær vörur sem neytendur þurfa. Einmitt þar lá tækifærið, að búa til risabúðir sem væru ódýrari en verslanir andstæðinganna. Tesco breikkaði vöruframboðið og fór að leggja áherslu á annars konar vörur eins og fatnað, húsgögn, fjármálaþjónustu og svo framvegis til viðbótar við matvöruna. Markaðsfræðingar eru sammála um að þessi stefna „Terry Tesco“ hafi gert það að verkum að keðjan náði lykilstöðu á breskum verslunarmarkaði.




**TESCO-VERSLUN Í CAMBRIDGE** Tesco hefur skotið helstu keppinautum sínum, eins og Marks & Spencer, Asda og Sainsbury's, ref fyrir rass. Tesco vex hratt á sama tíma og aðrar stórkeðjur standa í stað. Verslunarkeðjan hefur einkum aukið sölu í fatnaði, heimilistækjum og þjónustu tengdri fjármálum.

**HEILDSALAR Í GREIPUM HELJAR**

En ekki er allt gull sem glóir. Gagnrýni á starfsaðferðir fyrirtækisins gerast æ háværari. Tesco er sakað um að þrýsta innkaupsverði neðar og neðar þannig að birgjar fái minna fyrir sinn snúð, einkum bændur og minni framleiðendur. Það gráta þó ekki allir yfir þessari þróun. Bakkavör selur stóran hluta sinnar framleiðslu til Tesco og getur varla kvartað yfir viðtökunum. Einnig gerast þær raddir háværari að félagið sé orðið of stórt fyrir Bretland en Bretar eru viðkvæmir fyrir fyrirtækjum sem hafa ráðandi markaðsstöðu. Eflaust munu bresk yfirvöld skoða núverandi stöðu félagsins en það á þeim mikið að þakka. Árið 2002 heimiluðu breskar eftirlitsstofnanir Tesco að opna 1.200 nýjar klukkubúðir og komu mörgum á óvart með þeirri ákvörðun. Félög eins og Big Food Group, sem er í eigu Baugs og fleiri og rekur margar klukkubúðir, hafa liðið mjög fyrir þessa ákvörðun breskra yfirvalda.

Velta félagsins jókst um 9 prósent á síðasta ári, sem er frábær árangur þegar haft er í huga að lítill vöxtur hefur verið á breskum smásölumarkaði. Nú rekur Tesco 1.779 verslanir á heimavelli og 586 verslanir utan Bretlands í þrettán löndum. Tækifærin á næstunni felast í því að færa út kvíarnar enn meira á alþjóðlegum markaði, fjölga stórmörkuðunum og selja fleiri vörur en mat og föt. Vitað er að forystusveit Tesco horfir til Kína með glampa í augunum. Helstu heimildir: Independent, ITV og Times. – eþa

SKAMMTÍMASJÓÐUR

10,5%*

Góður kostur fyrir þá sem vilja áhættulitla fjárfestingu og verja sig gegn verðbólgu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi eftir 30 daga. Innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

ENNEMM / SÍA / NM15764

* Nafnávöxtun sl. 12 mánuði m.v. 31.03.2005

Skammtímasjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI – kraftur til þín!

SÖGUHORNIÐ

# Thriller fellur úr efsta sæti



Þann 21. apríl 1984 féll hljómplatan Thriller úr efsta sæti á sölulista í Bandaríkjunum eftir að hafa setið þar í 37 vikur. Það var tónlistin úr kvikmyndinni Footloose sem velti Jackson úr sessi.

Platan Thriller er mest selda hljómplata allra tíma samkvæmt Heimsmetabók Guinness og er hún sögð hafa selst í meira en fimmtíu milljónum eintaka. Michael Jackson á fjölmörg önnur met í tónlistarbransanum en hann gnæfði yfir aðra listamenn á gullaldarárum sínum á níunda áratugnum. Þrátt fyrir velgengni sína er talið að Jackson rambi nú á barmi gjaldþrots enda er hann sagður eiga það til að eyða tugum milljóna króna í hvert sinn sem hann fer í verslunarferð og þá jafnan í eitthvert rusl sem hann hefur svo engan áhuga á.

Jackson gerði stærsta samning í tónlistarsögunni þegar hann fékk 890 milljónir Bandaríkjadala frá Sony. Sá samningur gaf Sony ekki mikið í aðra hönd þar sem salan á tónlist Jacksons hefur aldrei náð flugi eftir að platan Bad kom út 1987 auk þess sem tónleikahald og myndbandagerð hjá Jackson eru miklum mun dýrari en þekkist hjá öðrum listamönnum.




Þjónustuver 24/7 skýrr

# Alltaf á vakt

**Viltu efla þjónustu fyrirtækis þíns? Viltu geta boðið viðskiptavinum þínum og starfsfólki þjónustu sérfræðinga allan sólarhringinn? Vantar þig sérfræðing sem er aldrei veikur, tekur aldrei matartíma, fer aldrei í sumarfrí og sefur aldrei? Er áríðandi að gögn í upplýsingakerfum fyrirtækis þíns séu ávallt við höndina – sama hvað á dynur?**

- *Þjónustuver 24/7* svarar í símann fyrir viðskiptavini og tekur við fyrirspurnum (call center)
- *Þjónustuver 24/7* leysir hvers konar vandamál er lúta að upplýsingatækni (help desk)
- *Þjónustuver 24/7* er opið alla daga ársins og sérfræðingar eru á vakt allan sólarhringinn
- *Þjónustuver 24/7* vaktar hugbúnað, hvers konar vélbúnað, netkerfi, vefsvæði og vélasali
- *Þjónustuver 24/7* hefur veitt viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu svo áratugum skiptir
- *Þjónustuver 24/7* þjónar atvinnulífinu – öllum atvinnugreinum

**Hafðu samband í síma 569 5100 eða sendu póst til RL@skyrr.is og fáðu tilboð og upplýsingar!**

Skýrr

Skýrr er eitt sterkasta fyrirtæki landsins á sviði upplýsingatækni, með 200 starfsmenn og 2.200 kröfuharða viðskiptavini. Skýrr býður fjölbreyttar lausnir og þjónustu og er vottað samkvæmt alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001. Meðal samstarfsaðila Skýrr eru Oracle, Microsoft, Business Objects og VeriSign.

## FÓLK Á FERLI

**STEINUNN HLÍF SIGURÐARDÓTTIR** hefur verið ráðin markaðsstjóri Sjóvá. Steinunn er viðskiptafræðingur að mennt, útskrifaðist í árslok 1998 og hefur frá þeim tíma starfað hjá KB banka. Síðastliðið ár hefur hún gegnt stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra sölu- og markaðssviðs bankans, en áður gegndi hún stöðu forstöðumanns markaðsmála og þar áður lífeyrismála.



**NICK LEESON** hefur verið ráðinn markaðsstjóri írska knattspyrnuliðsins Galway United. Leeson var á sínum tíma upprennandi stjarna í breskum bankaheimi þegar hann græddi milljarða fyrir Baringsbank í London. Í ljós kom að Leeson tók óleyfilega áhættu í viðskiptum fyrir bankann og stjarna hans féll samhliða bankanum, sem varð gjaldþrota vegna ævintýramennsku Leesons.
Auk starfa fyrir Baringsbanka hefur Leeson setið þrjú ár í fangelsi í Singapúr. Hann hefur ekki stundað fast starf í um áratug en hefst nú handa við að skjóta Galway United upp á stjörnuhimininn.



**JÓN INGI BENEDIKTSSON** hefur verið ráðinn forstöðumaður Matvælaseturs Háskólans á Akureyri og mun hann hefja störf 1. maí. Jón Ingi var áður framkvæmdastjóri Líftæknisjóðsins en þar áður vann hann um 15 ára skeið hjá fyrirtækjum í lyfjaiðnaði. Jón Ingi lauk BS-prófi í líffræði frá Háskóla Íslands árið 1984 og Cand. Scient.-prófi í lífeðlisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1986.



## Námskeið fyrir fjárfesta

Verðbréfavakt Íslandsbanka stendur fyrir tveimur námskeiðum fyrir fjárfesta á næstunni. Þau miða að því að leiðbeina fjárfestum að ná sem bestum árangri í verðbréfaviðskiptum án þess að taka of mikla áhættu. Val á frábærum fyrirtækjum og tímasetning markaðarins er námskeið fyrir þá sem vilja sjálfir ná góðum árangri við að kaupa og selja hlutabréf á markaði. Sérstaklega er tekið mið af aðstæðum á bandarískum hlutabréfamarkaði. Umsjón með námskeiðinu hefur Sigurður B. Stefánsson. Verðbréfaviðskipti á netinu er námskeið sem sniðið er að þörfum þeirra sem vilja auka þekkingu sína á hvernig hægt er að nýta sér netið til verðbréfaviðskipta. Nánari upplýsingar er að finna á isb.is. - dh

Námskeið í verðbréfaviðskiptum á netinu.



Markaðurinn/Valli

# Samrýndar systur

**Í Kringlunni reka þrjár systur eina stærstu gjafavöruverslun landsins undir nafni sænsku DUKA-keðjunnar. Eggert Þór Aðalsteinsson fékk þær til að segja frá því nýjasta í búsáhöldum og hinu rómaða kaupmannslífi.**

Systurnar Aðalbjörg, Sigrún og Stefanía Gunnarsdætur reka búsáhalda- og gjafavöruverslunina DUKA í Kringlunni. DUKA er sænsk keðja sem var stofnuð árið 1962. Það hefur færst í vöxt á Íslandi að opna verslanir undir merkjum erlendra fyrirtækja en finna má DUKA-verslanir í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Póllandi auk Íslands.

Þær keyptu verslunina í nóvember árið 2001 af Ásu Helgu Ólafsdóttur, kaupmanni í Polarn O. Pyret, stuttu eftir að DUKA var opnuð, og hefur reksturinn vaxið jafnt og þétt með hverju árinu. Almennt tala kaupmenn um að verslun hafi farið vel af stað á árinu og taka þær undir það. Bæði janúar og febrúar voru betri í ár en á síðasta ári og lofar árið því góðu.

Í öllum rekstri skiptir máli að eignast trausta viðskiptavini. Margir sem höfðu búið á Norðurlöndum þekktu merkið en svo hafa nýir viðskiptavinir bæst við hópinn. „Við erum þakklátar fyrir kúnnahópinn sem við höfum eignast og kemur aðeins til DUKA til að kaupa gjafavörur og fá góða þjónustu,“ segir Stefanía.

**DUKA í Kringlunni.**
Eigendur: Aðalbjörg, Sigrún og Stefanía Gunnarsdætur.
Starfsemi: Gjafa- og heimilisvörur.
DUKA selur heimsþekkt vörumerki á borð við BodaNova, Bodum, Kosta Boda og Steninge.
Fjöldi starfsmanna: 4

### FJÖLBREYTT MERKJAVARA

Þær stöllur eru sammála um að aðalsmerki DUKA sé vörufjölbreytni og sterk merkjavara en meðal merkja sem boðið er upp á eru BodaNova, Bodum, Höganäs, Iittala, Kosta Boda og WMF svo fátt eitt sé nefnt. Með því að versla inn fyrir 110 búðir DUKA-keðjunnar næst þessi fjölbreytni sem og lægra innkaupsverð sem skilar sér í lægra vöruverði til neytandans. Systurnar fara tvisvar á ári til Stokkhólms til að kaupa inn.

„Við höfum verið að auka við okkur merkjavöru, tókum meðal annars inn WMF, Iittala og nýja línu frá glerfyrirtækinu NYBRO sem útvegar DUKA-glerlistavörur með Bítlamyndum og Bítlatextum,“ segir Sigrún.

Einnig hefur NYBRO-fyrirtækið útbúið glerskúlptúr af Hallgrímskirkju fyrir þær sem erlendir ferðamenn eru mjög hrifnir af. „Meðal annarra nýjunga eru listglerin hennar Sigrúnar Einarsdóttir, eins fremsta glerlistamanns okkar Íslendinga. Viðtökur viðskiptavina okkar við þessari nýjung hafa verið mjög góðar,“ segir Stefanía.

Þær eru spurðar að því hvort þær verði varar við tískusveiflur í borðbúnaði eins og fatnaði. „Það eru sveiflur í þessu eins og öðru. Bollar og diskar koma og fara. Vinsælir litir í fötum eins og „lime-gulur“ og „turkish“ eru líka komnir inn í stell,“ segir Aðalbjörg. Samkeppnin í gjafavörunni er hörð bæði innan sem utan Kringlunnar og þess vegna verða gjafavöruverslanir að kaupa inn nýjustu tískuvörurnar. Tímarnir hafa einnig breyst. Áður fyrr keypti fólk stell til að eiga það í 40-50 ár en nú skiptir það oftar um. Verð á búsáhöldum hefur lækkað og úrvalið aukist.

### KONUR OG KAUPMANNSLÍFIÐ

Það er varla annað hægt en að varpa þeirri spurningu fram til systranna hvers vegna konur séu minna áberandi í athafnalífinu en karlar. Þær eru sammála um að börnin og heimilið hafi sitt að segja en einnig geti verið að konur séu varkárari. „Þegar við förum í bankann og biðjum um fimm milljóna króna lán biður karlmaður um margfalt hærri upphæð,“ segir Sigrún.

Þær benda hins vegar á að margar konur reki sérvöruverslanir við Laugaveg, í Kringlunni og Smáralind og því sé víða að finna öflugar athafnakonur. Það sé auðvelt fyrir konur að eiga viðskipti við Norðurlandabúa og lönd í Vestur-Evrópu þar sem meira jafnrétti ríki.

Mikið álag og vinna geta fylgt því að reka verslun í stórri verslunarmiðstöð eins og Kringlunni. „Auðvitað er alltaf mikið að gera um jólin, í kringum brúðkaupin og á tilboðsdögunum sem Kringlan stendur fyrir. Við erum í vinnunni alla daga vikunnar og álagið getur verði gríðarlegt á tímum eins og fyrir jólin,“ bendir Aðalbjörg á. „Og það er gaman að vera með systrum sínum,“ stingur Sigrún inn í. „Enda gengi þessi rekstur ekki upp ef við værum ekki samrýndar.“ En kosturinn við að vera sjálfs síns herra bætir upp hinar löngu vinnutarnir.

Ásókn kaupmanna eftir því að komast inn í Kringluna og Smáralind hefur aukist. Systurnar eru spurðar að því hvort þær ætli sér í útrás eins og flestöll fyrirtæki. Þær segjast hafa hug á því að opna fleiri búðir en ekkert hafi verið ákveðið. Eins og staðan er nú eru þær sáttar og sjálfum sér nógar í Kringlunni.



Fréttablaðið/GVA

**STEFANÍA, AÐALBJÖRG OG SIGRÚN GUNNARSDÆTUR, KAUPMENN Í DUKA** DUKA var opnuð í Kringlunni árið 2001 og hefur náð sterkri stöðu á gjafavöru- og búsáhaldamarkaði. DUKA leggur áherslu á fjölbreytta merkjavöru og hagstætt verð.

## BESTA RÁÐIÐ

# Frestum ekki hamingjunni

Hörður Arnarson, forstjóri Marels, heldur mikið upp á spakmælið að lífið sé ferðalag en ekki áfangastaður. Þess vegna er það mikilvægt að hans mati að gefa sér tíma til að njóta lífsins í dag með samferðamönnum en fresta ekki þeim atriðum sem skipta máli. „Við megum ekki fresta hamingjunni þegar við eigum að njóta hennar.“

Hörður, sem er rafmagnsverkfræðingur að mennt, hefur starfað hjá Marel frá 1985 og verið forstjóri frá árinu 1999.

„Ég man ekki hvenær ég heyrði þetta fyrst. Ætli það séu ekki tíu ár síðan. Ég er ekki að segja að ég hafi alltaf lifað lífi mínu samkvæmt þessari lífsspeki en ég reyni að hafa hana sterklega í huga,“ segir Hörður. - eþa



Fréttablaðið/E. Ól.

**HÖRÐUR ARNARSON, FORSTJÓRI MARELS** Leggur áherslu á að fresta ekki hamingjunni. Maður eigi að njóta lífsins meðan maður getur.

# Daður og matur

## Fer vel saman samkvæmt könnun Geest

Matarboð eru besti staðurinn til að finna nýjan kærasta eða kærustu fyrir fullorðið fólk samkvæmt nýrri könnun sem breska matvælafyrirtækið Geest lét gera. Af þúsund einhleypingum sögðu 34 prósent að þá langaði til að blanda saman mat og daðri. Þeir sem svöruðu voru einnig sammála um að betra væri að hitta einhvern í matarboði þar sem fleiri væru staddir því að þá væri hægt að tala við fleiri ef félagsskapurinn væri leiðinlegur. Adrian Pickett, markaðsstjóri Geest, segir þessar niðurstöður undirstrika það að matarborðið sé hjarta heimilisins.

Næstbesti staðurinn til að hitta nýjan félaga samkvæmt könnuninni er úti að borða, 23 prósent mæltu með því. Átta prósent kjósa að fara í bíó á stefnumót og á bari en 20 prósent unglinga kjósa bíóin. - dh



**TAPAS** Matarboð best til að hitta nýja elskhuga.



**SJÖ ÁRA AFMÆLI ATLANTSSKIPA** Fjölmenni fagnaði þessum tímamótum.

# Almennileg afmælisveisla

**Nýlega héldu Atlantsskip upp á sjö ára afmæli fyrirtækisins og þriggja ára afmæli Evrópulínunnar. Boðið var upp á veitingar og skemmtun fram eftir kvöldi en Guitar Islancio með Björn Thoroddsen í fararbroddi sá um að halda fjörinu gangandi. Gríðarlegur fjöldi fólks mætti til að samfagna starfsmönnum fyrirtækisins við þessi merku tímamót.** - dh



Gunnar I. Birgisson lét sjá sig í afmæli Atlantsskipa.

HÚSIÐ
FYRIRTÆKJASALA
- heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík
533 4300
Ingvaldur Mar Ingvaldsson · viðskiptafræðingur
Símar 513-4319 & 821-2577 · ingvaldur@husid.is
TIL SÖLU...

Hársnyrtistofa,
6 stólar, góð rekstrarsaga, upplagt fyrir eina til tvær manneskjur.

Matsölustaður,
tveir staðir, lítið mannahald og góðar staðsetningar. Tilvalið til enn frekari stækkunar.

Jólatrésala,
gott tækifæri fyrir ungt athafnafólk, stutt vertíð og góð innkoma. Þekkt nafn með tvær af bestu staðsetningunum í þessum geira.

Er að leita að hentugu fyrirtæki til flutnings út á landsbyggðina. Margt kemur til greina, skilyrði er að viðkomandi fyrirtæki sé í góðum rekstri.

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali




REHAU
KNOW HOW
Gebäudetechnik
FJÖLTÆKNI ehf
Ágætu viðskiptavinir!
Fjöltækni ehf opnar á nýjum stað 18. apríl að Súðarvogi 14, gengið inn að vestanverðu.

# Samningsfrelsi verði virt

## Stjórnmálamenn berjast nú fyrir afnámi verðtryggingar og segja hana aðeins gagnast lánveitendum. Forstöðumaður Hagfræðistofnunar telur að virða eigi samningsfrelsi á markaðnum og tekur undir með Seðlabankanum í þeim efnum. Hagfræðingur Kaupþings banka segir verðtryggingu gagnast bæði þeim sem lána og skulda.



Löggjafarvaldið skipti sér ekki af frjálsum samningum fólks. Seðlabanki Íslands mælir með því að samningsfrelsi verið virt og það form samninga sem felist í verðtryggingu lengri lána verði látið afskiptalaust.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Verðtryggingu lána, svipaða þeirri sem þekkist á Íslandi, er helst að finna í vanþróuðum ríkjum á borð við Brasilíu, Chile og Ísrael, segir Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að verðtryggingu hafi aldrei verið beitt í útlánum til heimila í ríkjum OECD að Íslandi undanskildu. Notkun verðtryggingar hafi einskorðast við ríkisskuldabréf.

Á þingi bíður þingsályktunartillaga Samfylkingarinnar um afnám verðtryggingar á lánum afgreiðslu. Á flokksþingi Framsóknarflokksins nýlega var samþykkt ályktun um afnám verðtryggingar. Frjálslyndi flokkurinn vill það einnig og Vinstri grænir eru að skoða málið. Það er því búið að móta skýra pólitíska stefnu í þessum efnum í öllum stjórnmálaflokkum nema Sjálfstæðisflokknum.

Þetta ákall um afnám verðtryggingar lána er drifið áfram með þeirri fullyrðingu að með henni sé allri áhættu velt yfir á skuldarana. Verðtryggingin gagnist aðeins lánveitendum en ekki lántakendum, sem sitji uppi með óvissuna.

**VERÐTRYGGING GAGNAST BÁÐUM**

Snorri Jakobsson, hagfræðingur á greiningardeild Kaupþings banka, segir staðreyndina þó þá að verðtrygging gagnist báðum aðilum. Ástæðan sé einfaldlega sú að lánveitendur séu fúsir til þess að lána fjármagn út á lægri vöxtum þegar óvissu um verðlagsþróun hafi verið eytt. „Í raun má segja að bæði lánardrottinn og skuldunautur skipti með sér ávinningi af verðtryggingu," segir Snorri.

Tryggvi Þór Herbertsson skilaði greinargerð í lok síðasta árs um áhrif afnáms verðtryggingar á íslenska lífeyrissjóði. Hann segir menn hafa bent á það í þessari umræðu að í rúman áratug hafi verðbólga verið hófleg hér á landi. Þá sé undan skilið verðbólguskotið sem varð í kjölfar aðlögunar íslenska hagkerfisins rétt eftir síðustu aldamót. Þrátt fyrir viðvarandi stöðugleika sé obbi langtímalána vísitölutengdur og það sé úr takti við það sem gerist almennt í heiminum. Óðaverðbólga líkt og varð á fyrstu árum níunda áratugar síðustu aldar geti ekki orðið við þær efnahagslegu kringumstæður sem nú séu. Þá sé sérstaklega horft til þess hve gríðarleg framþróun hafi orðið á peningastefnunni á síðustu tveimur árum, bæði hér á landi og í öllum hinum vestræna heimi.

**Rök sem styðja verðtryggingu:**

- Hægt er að fá lán á lægri vöxtum
- Áhætta lánveitenda minnkar
- Auðveldara er að gera framtíðaráætlanir
- Sveiflur í afborgunum eru minni
- Hluti af samningsfrelsi fólks

**Rök sem styðja ekki verðtryggingu:**

- Ekki algengt fyrirkomulag erlendis
- Skuldarar bera alla áhættu
- Ytri áhrifaþættir geta hækkað lánin
- Tortryggilegt í augum útlendinga



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Verðtrygging tortryggileg í augum erlendra fjárfesta.



**SNORRI JAKOBSSON** Minni óvissa þýðir lægri vextir.



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON** Afnám verðtryggingar myndi taka áratugi.

**SAMNINGSFRELSI VIRT**

Tryggvi Þór segir ekki einhlítt hverjir hagnist og hverjir tapi á verðtryggingu. „Við mikinn óstöðugleika í efnahagslífinu og tíð óvænt verðbólguskot er líklegra að skuldarar hagnist á því að verðtrygging sé afnumin. Hins vegar er líklegra að þeir tapi ef stöðugleiki ríkir og jöfn verðbólga," segir hann. Við stöðugleika yrðu lánin dýrari en þau gætu orðið ef engin verðtrygging væri.

Í efnahagsfregnum greiningardeildar Kaupþings banka í apríl segir að verðmætin sem felist í verðtryggingunni skili sér í lægri væntum raunvöxtum en ella. Fyrir fjárfesta sé verðtrygging eins og brunatrygging á sparifé því alla tuttugustu öldina hafi það verið verðbólgan sem rýrði sparnað mest. Snorri Jakobsson segir fjárfesta því tilbúna að slá af kröfum sínum um ávöxtun til að verjast þeirri vá. Metur hann verðmæti verðtryggingar upp á eitt prósent. Það þýðir að fjárfestar krefjast eins prósents álags fyrir óvissuna að fjárfesta í óverðtryggðum bréfum.

Tryggvi segir ekki ljóst hvað kæmi í stað verðtryggingar, sem grunnur að vöxtum á langtímalánum, ef vísitölutenging yrði afnumin. Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingar muni taka nokkra áratugi í framkvæmd því ekki sé hægt að breyta gerðum lánasamningum. Jafnframt sé líklegt að ekki verði hægt að fá lán til jafn langs tíma og nú sé. Hann segir óhætt að taka undir greiningu Seðlabanka Íslands frá árinu 2003 þar sem hann mæli með því að samningsfrelsi verði virt og það form samninga sem felist í verðtryggingum lengri lána verði látið afskiptalaust.

**TORTRYGGILEGT Í AUGUM ÚTLENDINGA**

„Vissulega eru rök bæði með og á móti verðtryggingu. Þar má nefna að verulegum hluta áhættunnar vegna veðskulda og lánasaminga er komið yfir á skuldara. Sömuleiðis kemur misvægi í þróun launa og verðlags illa við fjárhag skuldarans, skekkir allar fjárhagsáætlanir heimilanna og hækkar oft verulega með sjálfvirkum hætti höfuðstól lána. Þekkt er líka að ýmsir þættir sem við höfðum engin áhrif á, eins og verðhækkanir erlendis, geta keyrt upp vísitöluna," sagði Jóhanna Sigurðardóttir þegar hún mælti fyrir þingsályktunartillögu um afnám verðtryggingar.

„Nefna má enn fremur að verðtrygging er oft tortryggileg í augum erlendra fjárfesta og getur torveldað og jafnvel komið í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila hér á landi sem ekki þekkja til notkunar verðtryggingar á fjárskuldbindingum. Trú á viðvarandi stöðugleika er líka forsenda þess að hægt sé að stíga stórt skref í afnámi verðtryggingar því ella er hætta á að lánveitendur vilji áskilja sér verulega hátt áhættuálag sem kemur fram í hærri vöxtum. Afnám verðtryggingar gæti líka leitt til styttri lánstíma og hærri raunvaxta ef ekki er farið varlega í sakirnar," sagði Jóhanna.

**LEIÐIR AF SÉR ÁHUGA**

Snorri segir lönd með hærri verðbólgu eða sögu um háa verðbólgu líkt og Ísland hafa meiri hag af útgáfu verðtryggðra bréfa. Þar sé hættan á óvæntu verðbólguskoti meiri og verðtryggingin því verðmætari. Upp úr 2001 hafi áhugi erlendra fjárfesta á innlendum verðtryggðum skuldabréfum aukist verulega. Þeir eigi um 25 til 30 prósent af verðtryggðum ríkisskuldabréfum hér á landi.

**Verðtryggð lán 1955** Fyrstu tilraunir með verðtryggingu á Íslandi voru gerðar árið 1955 við húsnæðisfjármögnun. Full framkvæmd verðtryggingar hófst síðan með spariskírteinum ríkissjóðs árið 1964. Sú ráðstöfun nýttist til almennrar lagasetningar um verðtryggingu fjárskuldbindinga árið 1966. Þessi lagasetning var þó svo miklum annmörkum háð að verðtrygging varð ekki almenn fyrr en rúmum áratug síðar með svokölluðum Ólafslögum 1979. Voru þau nefnd eftir þáverandi forsætisráðherra, Ólafi Jóhannessyni. Framkvæmd laganna tafðist nokkuð vegna þess að vaxtaákvarðanir nutu áfram að nokkru leyti opinberrar íhlutunar. Vaxtafrelsi innlánsstofnana var innleidd í tveimur áföngum 1984 og 1986. Með auknu frjálsræði í vaxtamyndun um miðjan níunda áratuginn breyttist inntak og eðli verðtryggingar í valfrjálst samningsform.

# Eftirlaun myndu lækka

## Áhrif afnáms verðtryggingar á lífeyrissparnað

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, tekur ýkt dæmi um hvernig afnám verðtryggingar getur haft áhrif á eignir ímyndaðs fjölskylduföður.

„Ímyndum okkur einstakling sem leggur tvö prósent af launum sínum til viðbótarlífeyrissparnaðar og fær tveggja prósenta mótframlag frá vinnuveitanda. Laun þessa manns hækka að meðaltali um 1,5 prósent á ári að raunvirði og hann er fjörutíu ár á vinnumarkaði.

Gerum nú ráð fyrir að vegna þess að allar eignir lífeyrissjóðsins eru óverðtryggðar sé raunávöxtun að meðaltali einu prósent lægri en ef allar eignir sjóðsins hefðu verið verðtryggðar. Það þýðir fjögurra prósenta raunávöxtun í stað fimm prósenta. Miðað við þessar forsendur væri lífeyrissjóður þessa manns við starfslok 21 prósenti lægri en ef allt hefði verið verðtryggt. Eignir sjóðsins hefðu verið rýrðar með afnámi verðtryggingarinnar og eftirlaunin lækkuð," segir Tryggvi.

Þó ber að hafa í huga að þessir peningar hafi ekki gufað upp. Þeir hafi færst til þeirra sem skulda sjóðnum. Og ekki eingöngu hafi peningarnir verið færðir milli aðila heldur einnig á milli kynslóða. Eignamenn framtíðarinnar – lífeyrisþegarnir – niðurgreiddu lán skuldara í nútíðinni.



**ÍHUGAR KOSTI OG GALLA VERÐTRYGGINGAR** Heiðar Már Antonsson og Ellen Rós Baldvinsdóttir ásamt börnum sínum. Þau íhuga eins og flestar fjölskyldur á Íslandi hvaða áhrif afnám verðtryggingar hefur á hag heimilisins til lengri tíma litið.

# Hættulegt að banna verðtryggingu

**„Almennt bann [við verðtryggingu] er ástæðulaust með öllu og raunar stórhættulegt. Enda þótt verðbólga liggi í láginni eða hverfi alveg um sinn, eru öll þau öfl í dvala fremur en dauð, sem hana vöktu áður, þar á meðal hugsanlegar miklar sveiflur í afrakstri auðlinda og erlendu afurðaverði, ásamt stöðugum viðbúnaði hagsmunasamtaka til að breiða slíkan ávinning út um allt hagkerfið. Eini öryggisventill lífeyrisþega og annarra fjáreigenda gagnvart slíkum uppákomum er fullt vaxtafrelsi að meðtöldu formi verðtryggingar, þar sem það hentar."**

**Þetta er haft eftir Bjarna Braga Jónssyni, fyrrverandi aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands. Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, gerir þessi orð að sínum þegar hann fjallar um áhrif afnáms verðtryggingar á íslenska lífeyrissjóðina.**




# SVEFN & HEILSA FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR

**Veldu það besta!**

## SOFÐU VEL Í SUMAR




## Nýjar amerískar heilsudýnur
sem aldrei þarf að snúa

**Njóttu lífsins! með nýrri og betri Chiropractic heilsudýnu.**

Chiropractic eru einu heilsudýnurnar sem eru þróaðar og viðurkenndar af amerísku og kanadísku kírópraktorsamtökunum.

Yfir 32.000 kírópraktorar mæla því með Chiropractic þar á meðal þeir íslensku.







## GÓÐAR DÝNUR Í SUMARBÚSTAÐINN

Takmarkað magn.

**Bonnel Boxspring**
- 90x200 kr. 19.900.- stgr.
- 120x200 kr. 22.900.- stgr.
- 140x200 kr. 24.900.- stgr.

**Pocket Boxspring**
- 90x200 kr. 24.900.- stgr.
- 120x200 kr. 29.900.- stgr.
- 140x200 kr. 34.900.- stgr.

**Beauty Sleep** 8 ára ábyrgð
- 90x200 kr. 29.900.- stgr.
- 97x200 kr. 34.900.- stgr.
- 120x200 kr. 39.900.- stgr.
- 135x200 kr. 44.900.- stgr.
- 153x200 kr. 49.900.- stgr.

**Healthy Sleep** No Turn 10 ára ábyrgð
- 90x200 kr. 44.900.- stgr.
- 97x200 kr. 49.900.- stgr.
- 120x200 kr. 59.900.- stgr.
- 135x200 kr. 64.900.- stgr.
- 153x200 kr. 69.900.- stgr.

Öll verð með fótum og þykkri áfastri yfirdýnu.








- GÆÐI
- GÓÐ VERÐ
- ÞJÓNUSTA
- ÚRVAL
- ÞEKKING




Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



**KÍNAMÚRINN** Stærsta mannvirki heims

# Kína land tækifæranna

Íslendingar líta til Kína með stjörnur í augunum líkt og aðrir alþjóðlegir fjárfestar. Tækifærin virðast endalaus en mörg ljón eru í veginum. **Dögg Hjaltalín** kannaði hvers vegna augu heimsins beinast þangað og hvað þar er að finna.



**KÍNVERSKUR HERMAÐUR**



**PEKING** Orkuþörf kínverja eykst gríðarlega hratt

Kína er án efa land viðskiptatækifæranna, bæði vegna fólksfjöldans og vegna þess hversu stutt er síðan landið opnaði fyrir erlend viðskipti. Aðeins 25 ár eru síðan Kínverjar opnuðu landið fyrir erlendum fyrirtækjum og efnahagsumbótum var hrundið af stað.

„Made in China“ er áletrun sem flestir kannast við á fötunum sem þeir klæðast. En hvað hefur Kína meira upp á að bjóða en framleiðslu á fatnaði?

Þúsundir bandarískra fyrirtækja hafa komið á fót starfsemi í Kína á síðustu áratugum og sífellt fleiri bætast í hópinn. Iðnaður hefur stóraukist í Kína og er vinnuaflið þar ódýrt miðað við vestrænt vinnuafl.

Kína er sjötta stærsta hagkerfi heims en ef tekið er tillit til verðlags er það annað stærsta hagkerfi í heimi, aðeins Bandaríkin eru stærri.

Stærð kínverska markaðarins gefur fyrirtækjum sem hyggjast flytja starfsemi sína á nýja markaði miklar vonir. Að mörgu er þó að hyggja þegar nýir og framandi markaðir eru sóttir heim og hafa ber í huga að ekki er allt gull sem glóir. Íslensk fyrirtæki sjá augljóslega gríðarleg tækifæri í Kína ef marka má þátttöku í viðskiptasendinefnd til Kína sem fyrirhuguð er um miðjan maí. Hátt í 200 manns á vegum 100 fyrirtækja fara utan.

**Staðreyndir um Kína**

Íbúar: 1.300 milljónir
Fjöldi á vinnumarkaði: 700 milljónir manns
Landsframleiðsla: 84.000 milljarðar króna
Landsframleiðsla á mann: 60 þúsund krónur á ári
Lengd meðalvinnuviku: 48 tímar

**EIN MENNINGARHEILD**

Kína er fjölmennasta ríki heims með 1,3 milljarða íbúa og er markaðurinn því gríðarlega stór. En stærð markaðarins er ekki endilega mælikvarði á hversu mikil tækifæri eru til að selja vöru sína í stórum stíl. Þrátt fyrir að Kínverjar séu meira en fjögur þúsund sinnum fleiri en Íslendingar er landsframleiðsla þeirra einungis 100 sinnum meiri en landsframleiðsla Íslands.

Einn af kostum Kína er að þrátt fyrir þennan mannfjölda eru Kínverjar að stærstum hluta ein þjóð. Han-Kínverjar eru 90 prósent allra íbúa Kína en til að mynda í Indlandi úir og grúir af mismundi þjóðernum og að sama skapi mismunandi tungumálum. Einsleitari þjóð þýðir að auðveldara er að laga sig að siðum og venjum því að líklega gildir það sama fyrir allt landið. Kína hefur verið til í fjögur þúsund ár og ávallt verið ein menningarheild og því auðvelt að líta á Kína sem eitt land þrátt fyrir allan þennan fjölda fólks.

Höfuðborgin er Peking og þar búa um 14 milljónir manna. Shanghai er stærsta borg Kína með 15 milljónir íbúa og er hún ein mesta viðskipta- og verslunarborg Kína. Stærsta hafnar- og iðnaðarborg landsins er Tianjin.

Stjórnvöld í Kína, einræðisstjórn kommúnistaflokkksins, hefur áttað sig á því að viðskipti eru undirstaða velfarnaðar og því hefur flokkurinn stutt við efnahagslegar framfarir í Kína og reynir að laða að frumkvöðla. Landið hefur smátt og smátt fikrað sig frá því að vera áætlunarhagkerfi í anda kommúnisma í markaðshagkerfi.

**LÍFSKJÖR BATNA HRATT**

Kína hefur verið undir stjórn kommúnista síðustu áratugi en Mao Zedong komst til valda í Kína árið 1949. Undir hans stjórn var allt efnahagskerfið rekið í anda kommúnistahreyfingarinnar.

Frelsi einstaklingsins var lítilsmetið og fólk fylgdi Mao í einu og öllu.

Deng Xiaoping varð leiðtogi Kína árið 1977 eftir fráfall Mao og boðaði hann efnahagslegar umbætur og sá aukna möguleika í viðskiptum við önnur lönd.

Breyting varð á atvinnuháttum Kínverja í kjölfarið en áður hafði nokkurs konar sjálfsþurftarbúskaður verið við lýði. Iðnaður ruddi sér til rúms á kostnað landbúnaðar og Kínverjar fóru að byggja verksmiðjur og sinna iðnaði fyrir Vesturlönd, sem fóru að ausa peningum inn í landið. Helstu atvinnuvegir Kínverja eru járn- og stáliðnaður, kolavinnsla, vélaframleiðsla, vopnaframleiðsla, vefnaður og fatagerð. Tæpur helmingur vinnuaflsins starfar enn við landbúnað, enda landið mjög víðáttumikið og byggð í dreifbýli mikil. Fjórðungur starfar við iðnað og fjórðungur við þjónustu.

Lífskjör í landinu hafa stórbatnað á undanförnum árum og hefur miðstéttin vaxið hraðast. Kínverjar eru mjög stoltir yfir því að verða gestgjafar Ólympíuleikanna árið 2008 og sýnir það áhuga þeirra á að vera mikilvægur hluti af alþjóðasamfélaginu.

Viðskipti Íslands og Kína hafa vaxið á undanförnum árum en þó hefur innflutningur aukist töluvert meira en útflutningur. Uppistaða útflutnings hefur verið sjávarafurðir en á síðastliðnum árum hafa iðnaðarvörur þó verið að sækja í sig veðrið. Af innflutningi frá Kína vegur fatnaður langmest. Einnig hafa skip verið smíðuð fyrir Íslendinga í Kína.







**RÍKIR KÍNVERJAR** Veraldleg gæði skapa öfund.

## Auður vekur ekki aðdáun

**Kína er kommúnistaríki og hefur því jöfnuður einkennt lífshætti Kínverja síðustu áratugi en hæg breyting er að verða þar á. Aðeins tveir Kínverjar komust inn á milljarðamæringalista Forbes á þessu ári.**

**Að eyða peningum í eignir, bíla og afþreyingu skapar meiri öfund en aðdáun og því augljóst að ríkir Kínverjar sækjast ekki eftir að baða sig í veraldlegum gæðum, að minnsta kosti ekki heima fyrir.**

**Ríkir Kínverjar eru fyrst núna að stíga fram og sýna auð sinn en kapítalistar hafa hingað til ekki verið efstir á vinsældalista Kínverja.**

**Í The Economist segir að þegar listi yfir ríkasta fólk Kína var tekinn saman árið 1999 var blaðamanninum hótað af nokkrum af þeim sem þóttu koma til greina á listann. Nú eru þeir sagðir kvarta sem komast ekki á listann en eru nálægt því að fínt þyki að vera ríkur.**



**KÍNVERSK TÍSKA** Kínverjar framleiða gríðarlega mikið af fatnaði.

### GRÍÐARLEGAR UMBÆTUR

Efnahagskerfið var endurskipulagt árið 1978 og tóku breytingarnar fyrst til landbúnaðarins, til dæmis var bændum leyft að selja umframframleiðslu. Um miðjan níunda áratuginn voru svo hafnar umbætur á þéttbýlissvæðunum. Breytingarnar fóru fyrst fram á nokkrum svæðum í tilraunaskyni og eru þessi svæði í dag sterkustu efnahagssvæði landsins.

Erlendar fjárfestingar, einkarekstur fyrirtækja og hagnaðarsjónarmið í rekstri, virkari fjármálastefna og sterkara fjármálakerfi eru aðalatriðin í framförum í Kína.

Á tíunda áratugnum var Þjóðarbankanum breytt í seðlabanka og viðskiptabankar voru settir á stofn. Skattakerfið var endurskipulagt, sem og gjaldeyriskerfið og bankakerfið.

Lífskjör hafa batnað og neysla aukist. Sagt er að fyrirtæki sem taki ekki þátt í kínverska hagkerfinu taki ekki þátt í hagkerfi heimsins á þessari öld.

Skortur á orku er einn af þáttunum sem hamla framförum í Kína en orkuþörf eykst gífurlega hratt. Regluumhverfið er mjög flókið en dómstólar og réttarkerfi eru mjög veikburða. Þetta dregur úr skilvirkni efnahagslífsins.

### GÓÐ ÁVÖXTUN

Mikil áhætta fylgir fjárfestingum í Kína en á móti kemur að gríðarleg ávöxtun fæst ef vel tekst til. Kína er einn af þeim mörkuðum sem hafa verið að stíga sín fyrstu skref í átt til kapítalisma, þrátt fyrir að Kommúnistaflokkurinn sé þar við lýði. Erlendar fjárfestingar eru sífellt að aukast og fjárfestar binda miklar vonir við að framtíðin liggi í Kína.

Alþjóðlegir fjárfestar eru spenntir fyrir Kína og er fjárfesting erlendra fjárfesta einn milljarður dollara í hverri viku.

**Kína er sjötta stærsta hagkerfi heims en ef tekið er tillit til verðlags er það annað stærsta hagkerfi í heimi, aðeins Bandaríkin eru stærri.**

Erlend fjárfesting eykst sífellt, aðstæður batna að sama skapi og þau svæði sem heimila erlendar fjárfestingar hafa verið stækkuð. Stærstu fjárfestingarnar koma frá Hong Kong, Bandaríkjunum, Malasíu, Japan og Singapúr. Fjölbreytni fjárfestinga er einnig meiri en áður en þá var mest fjárfest í iðnaði, til dæmis vinnslu á innfluttu hráefni. Hluti þekkingar- og hátækniiðnaðar hefur aukist.

Mikill fjöldi af ráðgjafarfyrirtækjum býður alþjóðlegum fyrirtækjum aðstoð við að kanna kínverska markaðinn ef markmiðið er að opna þar skrifstofu eða stofna fyrirtæki.

Til að laða að erlenda fjárfesta hefur kínverska ríkisstjórnin sett fram ívilnanir á sviði skattaálagningar innflutnings og útflutnings.

Samkvæmt könnun bandaríska verslunarráðsins árið 2002 skiluðu 75 prósent þeirra fyrirtækja sem áttu viðskipti í Kína hagnaði. 40 prósent sögðu hagnað af viðskiptum við Kína meiri en annars staðar í heiminum.

Ríki Kína eru misjafnlega opin fyrir viðskiptum við erlenda aðila og því skiptir miklu máli að velja ríki þar sem umhverfi er hagstætt og vel tekið á móti erlendum aðilum. Fyrirtæki hópast til þeirra ríkja þar sem hagstætt þykir að eiga viðskipti og þar hafa lífskjör stórbatnað.

### ÓSKILVIRKUR HLUTABRÉFAMARKAÐUR

Ein af auðveldu leiðunum til að meta hversu þróuð lönd eru er að skoða hvernig hlutabréfamarkaðurinn hefur þróast. Fjárfestingarbankar hafa grætt mikið á því að koma að skráningum kínverskra fyrirtækja á markaði utan Kína. Hluthafar í þessum fyrirtækjum hafa einnig fengið góða arðsemi. Sömu sögu er ekki að segja af kínverska hlutabréfamarkaðinum en markaðurinn í Shanghai og Shenzhen hefur lækkað um 30 prósent síðan í júní 2001. Þykir þessi þróun endurspegla hversu illa hefur tekist til með kínverskan hlutabréfamarkað en hann er 14 ára gamall. Þessa lélegu ávöxtun má líklega rekja til þess hversu þröng eignaraðild er á fyrirtækjunum en ríkið á enn tvo þriðju hlutafjárins í þeim tæplega 1.300 fyrirtækjum sem skráð eru. Sögusagnir um að ríkið ætli að minnka hlut sinn halda verðinu niðri.

Mesti veikleikinn er samt hversu léleg sjálf fyrirtækin eru. Könnun kínversku eftirlitsstofnunarinnar árið 2002 sýndi að hjá einu af hverjum tíu skráðum fyrirtækjum hafði verið átt við bókhaldið.

Heildarverðmæti fyrirtækja á markaði er 500 milljarðar dollara; 30 þúsund milljarðar íslenskra króna. Virði markaðarins er því aðeins 36 prósent af þjóðarframleiðslunni og er hlutinn sem er seljanlegur enn minni.

### SIÐIR OG VENJUR SKIPTA ÖLLU MÁLI

Siðir og venjur skipta Kínverja miklu máli og er vanvirðing við þá aðalástæða þess að viðskipti í Kína ganga ekki samkvæmt óskum. Að virða þessa hluti er því einn af mikilvægustu þáttum þess að viðskipti gangi vel í Kína.

Sameignarfyrirtæki er eitt helsta fyrirtækjaformið í Kína og mikilvægt er að leggja áherslu á samvinnu. Opin og heiðarleg samskipti eru eitt af grundvallaratriðunum þegar viðskipti eru í Kína og alls ekki má bíða með að taka á vandamálunum.

Á fundum sitja Kínverjar þöglir og hlusta og þeir spyrja ekki spurninga eða koma með athugasemdir. Þögnin er talin tákna virðingu við þann sem talar og það væri móðgun að trufla hann.

Viðskiptatengsl eru mjög mikilvæg og skipta persónuleg tengsl miklu máli. Persónuleg tengsl koma á undan viðskiptatengslum.

Hraði viðskipta er einnig allt annar en á Vesturlöndum og taka verður tillit til þess að hlutirnir taka sinn tíma í Kína.

Stuðningur ríkisins skiptir máli í samstarfi Íslands og Kína. Viðskiptaferðir til Kína í fylgd embættismanna eru því mjög mikilvægar til að auðvelda viðskipti í Kína og má gera ráð fyrir að íslensku fyrirtækin séu að undirbúa jarðveginn fyrir aukin viðskipti í Kína á næstu árum og áratugum. Í það minnsta hafa allar ferðir íslenskra embættismanna til Kína skilað einhverjum árangri.

Byggt að hluta á úttekt The Economist.

**VÖRUSKIPTAJÖFNUÐUR ÍSLANDS OG KÍNA**

- í milljónum króna

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Útflutningur | 879 | 905 | 1.310 | 1.327 | 1.128 |
| Innflutningur | 3.773 | 5.447 | 6.112 | 7.719 | 9.806 |
| Vöruskiptajöfnuður | -2.894 | -4.542 | -4.802 | -6.392 | -8.678 |

Heimild: Hagstofa Íslands

# Skype breytir landslaginu

**Símafyrirtæki gætu átt í vændum verulega breytingu á eigin högum ef ókeypis símtöl á netinu fara að höggva í tekjurnar. Fulltrúar Símans og Og Vodafone kannast ekki við að Skype sé farið að draga úr notkun í hefðbundna símakerfinu.**

**Þórlindur Kjartansson**
skrifar

Tilkynnt var síðasta föstudag að yfir hundrað milljón manns hefðu hlaðið niður forritinu Skype. Forritið gerir notendum kleift að tala saman í gegnum netið á svipaðan hátt og notendur MSN Messenger nema hvað í stað þess að flytja textaboð á milli manna flytur Skype talmál.

Auk þess að tengja saman tvo notendur Skype er hægt að hringja í venjulegan síma í gegnum Skype og þannig geta notendur sparað gríðarlega í millilandasímtölum þar sem taxtinn á öllum samtölum er innanlandstaxti.

Atli B. Guðmundsson hjá greiningardeild Íslandsbanka segir að áhugavert verði að fylgjast með því hvort þjónusta á borð við Skype muni breyta miklu í rekstri símafyrirtækja. Þegar ný tækni hefur komið á sjónarsviðið í samskiptum hefur það jafnan tekið hana nokkurn tíma að festa sig í sessi. Atli bendir til dæmis á tölvupóstinn, sem hafi verið til staðar í áratugi áður en hann varð raunhæft samskiptatæki fyrir þorra fólks.

Hið sama gæti átt við um Skype. Ef hægt er að komast í samband við nánast hvern sem er í gegnum netið og tala við hann án kostnaðar má gera ráð fyrir að flestir velji þann kost umfram hefðbundið símtal. Þá standa eftir farsímar, sem verða sífellt mikilvægari í tekjuöflun símafyrirtækja. Nú þegar hefur Skype þróað hugbúnað sem hentar nettengdum farsímum auk þess sem hægt er að nota Skype á nettengdum handtölvum. Þar sem stöðugt fleiri staðir bjóða upp á þráðlausar nettengingar fækkar þeim stöðugt sífellt þar sem menn eru án netsins – og þar sem netið er til staðar er mögulegt að eiga samskipti í gegnum netsíma.

„Skype og aðrar ókeypis lausnir eru óneitanlega ógn við símafyrirtæki rétt eins og ókeypis miðlar eru ógn við þá sem gjaldfæra. Við sjáum þó nokkra þróun í talsímanotkun sem felst í því að notendum fækkar og umferð minnkar. Aðrir miðlar sækja á hlutverk hans og netumferð er að færast á sítengt internet, sem þýðir minni símaumferð um talsímanetið,“ segir Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans. Hún segir að enn sem komið er hafi Síminn ekki fundið fyrir því að notkun á Skype hafi dregið úr viðskiptum við Símann en hugsanlega hafi Skype hingað til verið hrein viðbót við þá umferð sem fyrir var. Nú um helgina kynnti Og Vodafone nýja þjónustu, Og1, sem meðal annars gerir mönnum kleift að hringja gjaldfrjálst milli heimasíma og í eitt símanúmer erlendis. Sverrir Hreiðarsson, markaðsstjóri Og Vodafone, segir þessa nýjung ekki koma til vegna flutnings viðskipta úr símakerfinu yfir á netið. „Enn sem komið er nýtir mjög þröngur hópur sér Skype og við finnum í raun ekki fyrir því,“ segir Sverrir.

Atli veltir því fyrir sér hvort hin nýja þjónustuleið Og Vodafone sé merki um það sem koma skuli. „Það getur verið að símafyrirtækin fari í auknum mæli að rukka fast gjald í staðinn fyrir að mæla notkun og rukka eftir því,“ segir Atli.





Markaðurinn/Valli

**ÓKEYPIS SÍMI Á NETINU** Sífellt fleiri nýta sér möguleika netsins til að tala saman enda er það ókeypis. Velgengni þeirrar tækni byggist þó á þeirri forsendu að nægilega margir noti hana til að hún sé raunhæfur valkostur í stað símans.



Markaðurinn/AP

**SIXTÍNSKA KAPELLAN** GSM-símar í þessu herbergi verða utan þjónustusvæðis á meðan val á páfa stendur yfir.

## Engir gemsar í kapellunni

Leyndin sem hvílir yfir kjöri á nýjum páfa er mikil en sífellt erfiðara er að tryggja þá leynd eftir því sem tækninni fleygir fram.

Síðast þegar kjörinn var páfi var mun auðveldara að tryggja öryggi, enda gengu kardinálar og starfsmenn Vatíkansins ekki með farsíma á sér árið 1978.

Þetta er hins vegar mikið breytt og þótt allir sem koma að kjörinu hafi svarið þagnareið hafa yfirvöld kaþólsku kirkjunnar gripið til sinna ráða til að hnýta alla lausa enda. Meðal þeirra úrræða sem gripið hefur verið til er að komið hefur verið upp búnaði í sixtínsku kapellunni til þess að koma í veg fyrir að þar sé hægt að nota farsíma.

## Eykur ekki kvenhylli

Það er misskilningur að konur hrífist af mönnum sem sýna fram á karlmennsku sína með því að taka þátt í áhættusamri hegðun eins og hraðakstri. Þekkt er að ungir karlmenn eru gjarnir á ýmiss konar fífldirfsku og kjánaskap til þess að reyna að ganga í augun á stúlkum en ný könnun hefur leitt í ljós að eina fólkið sem hrífst af tilgangslausum „hetjudáðum“ karlmanna eru aðrir karlmenn.

## Sjónvarpið í Símann

Framleiðendur afþreyingarefnis í sjónvarpi velta nú vöngum yfir því hvers kyns efni notendur eru líklegir til að vilja sjá í farsímunum sínum.

Gert er ráð fyrir að tæpur milljarður manna verði kominn með farsíma, sem geta tekið við sjónvarpssendingum, innan þriggja til fjögurra ára. Spurningin er hins vegar hvernig þessir möguleikar verða nýttir.

Flestir gefa sér að fréttaefni og íþróttir verði meðal þess fyrsta sem fólk vill hafa aðgang að í gegnum farsíma. Miðað við reynsluna af netinu má einnig gera ráð fyrir að klám verði brautryðjandi í sendingum af þessu tagi.

Meðal hugmynda sem sjónvarpsmenn hafa er að bjóða upp á stutt myndskeið úr sjónvarpsþáttum og jafnvel að framleiða sérstakt hliðarefni við vinsæla sjónvarpsþætti sem farsímaáhorfendum yrði boðið upp á.

## Hamingja góð fyrir heilsuna

Heilsufar þeirra sem eru hamingjusamir er betra en þeirra sem eru fúllyndir. Ekki er þó hægt að fullyrða um hvort fólk verði fúllynt við heilsuleysi eða heilsulaust við fúllyndi.

Rannsókn við University College háskóla í Lundúnum sýnir fram á að ákveðin mótefni virka betur í glaðværu fólki en viðskotaillu. Í rannsókninni var heilsu- og lundarfar 216 miðaldra ríkisstarfsmanna til rannsóknar.



Áður hefur verið sýnt fram að þunglyndi getur valdið líkamlegum sjúkleika en þetta mun vera í fyrsta sinn sem sýnt er fram á jákvæð tengsl milli skapferlis og heilsu.

Traust
dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.



VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

# Adobe kaupir Macromedia

**Mælt með kaupum í kjölfarið**

Adobe Systems hafa keypt Macromedia fyrir 3,4 milljarða dollara eða rúmlega 200 milljarða íslenskra króna. Adobe hefði getað keypt fyrirtækið á mun betra verði síðustu tvö árin en forstjóri Adobe, Bruce Chizen, segist ekki hafa viljað trufla fyrirtækið við að byggja upp sig eigin hugbúnað. Verðið var 25 prósentum hærra en lokagengi Macromedia síðasta föstudag. Bæði fyrirtækin voru skráð á Nasdaq í Bandaríkjunum.

Adobe keypti fyrirtækið til að herja á nýja markaði og til að auka vöxt fyrirtækisins. Chizen segir fyrirtækið stefna að því að verða fullburða hugbúnaðarfyrirtæki á innan við fimm árum.

Forstjóri Macromedia, Stephen Elop, sem hefur aðeins stjórnað fyrirtækinu frá því í janúar, segir að Macromedia hafi verið í sífelldri endurnýjun á síðustu árum og hafi komið auga á ný vaxtatækifæri. Það hefur trú á því að sameiningin við Adobe muni hjálpa þeim að vaxa á nýjum sviðum en kjarnastarfsemi þeirra hefur verið í PC tölvum.

Sameiningin er álitin sterk.



**ADOBE SYSTEMS** Samruninn er talinn skapa tækifæri fyrir fjárfesta því að hlutabréf í Adobe lækkuðu um hátt í 10 prósent eftir að tilkynnt var um kaupin.

Adobe-lesarinn sem les pdf-skjöl er notaður af tugum milljóna. Hægt er að nálgast Adobe-lesarann á netinu. Einnig hefur annar hugbúnaður frá Adobe líkt og PhotoShop og Illustrator notið mikilla vinsælda.

Macromedia Flash og Shockwave eru meðal forrita sem Macromedia framleiðir. Þeir vonast til að geta nýtt þessa tækni á fleiri sviðum en í PC tölvum, meðal annars farsímum, tölvuleikjum og jafnvel stafrænum spilurum.

Þessi samruni er talinn skapa tækifæri fyrir fjárfesta því að hlutabréf í Adobe lækkuðu um hátt í 10 prósent eftir að tilkynnt var um kaupin. Standard & Poor mælir með kaupum á Adobe eftir samrunann.

Fyrirtækið hefur einnig tilkynnt um að afkoman á öðrum fjórðungi verði góð því að sala hafi gengið vel. - dh



Markaðurinn/Vilhelm

**ERFITT AÐ RÍFA SIG Á LAPPIR?** Ný gerð af vekjaraklukku kann að valda byltingu fyrir þá sem eiga erfitt með að vakna á morgnana.

# Mannúðleg vekjaraklukka

## Ný tegund vekjaraklukku mun gæta þess að vekja eigandann ekki þegar hann er í djúpsvefni.

Allir kannast við að það er misóþægilegt að vakna á morgnana. Suma daga er það ömurlegt en stundum spretta menn fram úr rúminu tilbúnir til að takast á við hvað sem dagurinn býður. Meðal þess sem ræður því hvernig skapi fólk er í þegar það vaknar á morgnana er í hvaða fasa svefns það er þegar það vaknar. Nú gæti ný gerð af vekjaraklukku litið dagsins ljós innan skamms. Í stað þess að hringja á fyrirfram ákveðnum tíma fylgist nýja klukkan með svefnmynstri og velur rétta tímann til að vekja eigandann.

Mun auðveldara er að vakna upp úr léttum svefni en djúpsvefni. Talið er að það geti haft mikil áhrif á afköst og líðan manna hvort þeir fara á fætur úr djúpsvefni eða úr léttari fasa. Þá er talið að með því að vakna á réttum tíma miðað við líkamsklukkuna þurfi menn að sofa skemur.

Til þess að nýta sér kosti nýju klukkunnar þarf að líkindum að sofa með hausband sem mælir heila-starfsemina og gefur vekjaraklukkunni til kynna hvenær heppilegast er að vekja eigandann.

Hópur stúdenta við Brown-háskóla í Bandaríkjunum hóf rannsóknir á þessu sviði og hefur síðan fengið styrki til að þróa hugmyndina. Stúdentarnir vonast til að geta markaðssett vöruna strax á næsta ári.

Frá þessu sagði í tímaritinu New Scientist í vikunni. **- þk**

Geymslu-
og dekkjahillur



í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman. Skrúfufrítt og smellt saman.

kr.7.700.-
viðbótareining kr. 5.586.-

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
www.isold.is

Það eru ekki endilega þeir stóru sem éta þá smáu.

MetroNet

Í SAMVINNU VIÐ:
Orkuveita Reykjavíkur

Hraði skiptir sífellt meira máli í rekstri fyrirtækja. Þau þurfa að geta brugðist hratt við og fengið upplýsingar með öruggum hætti á undan keppinautum. **MetroNet** er fjölhæft flutningsnet um ljósleiðara sem svarar þörfum um síaukinn hraða. Það hentar vel fyrirtækjum sem hafa dreifðar starfsstöðvar, leggja áherslu á gagnaþörf, hnökralausan flutning og öryggi í netsamskiptum.

**MetroNet**, í samvinnu **Og Vodafone** og **Orkuveitu Reykjavíkur**, er hagkvæm lausn í gagnaflutningum fyrir stór og smá fyrirtæki - sniðin að þörfum hvers og eins. MetroNet hentar fyrirtækjum í dag, á morgun og um ókomna framtíð.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 27994 04/2005



Hafðu samband við ráðgjafa **Og Vodafone** í síma 599 9500 eða sendu tölvupóst á metronet@ogvodafone.is og kynntu þér kostina strax í dag.

og vodafone
Heyrumst!

AURASÁLIN

## Nú græðir Aurasálin

**Aurasálin er fyrir** löngu búin að fá sig fullsadda á samþjöppun valds í íslensku samfélagi. Er það virkilega vilji þjóðarinnar að örfáir iðjuhöldar og stórkapítalistar eignist allt Ísland? Það efast Aurasálin um og vinir hennar eru allir á sama máli. Mikilvægasta verkefni samtímans er að koma í veg fyrir þessa samþjöppun valds til aðila sem ekki kunna með slíka ábyrgð að fara.

**Jónína Benediktsdóttir** á heiður skilinn fyrir að þora að bjóða hinu alþjóðlega peningaveldi birginn. Hún talar máli okkar – litlu fjárfestanna sem höfum verið arðrændir með fjárfestingum okkar í bönkunum. Jú, jú – vitanlega hefur ávöxtunin verið ágæt en spurningin hlýtur að vera hvernig standi á því að ákveðnir menn hafi grætt milljarða á meðan hinn venjulegi fjárfestir þarf að gera sér milljónir að góðu?



**Þar sem einn** græðir tapar annar. Þetta eru alþekkt sannindi í viðskiptalífinu og almenningur hefur svo sannarlega orðið fyrir barðinu á ofsagróða örfárra pólitískra gæðinga. Þeirra gróði er okkar tap en vefur spillingarinnar er svo þéttofinn að það er einungis á færi örfárra að sjá í gegnum hann.

**Aurasálin var grunlaus** eins og flestir aðrir Íslendingar þegar henni bauðst að kaupa hlutabréf í bönkunum undir lok síðustu aldar og skráði sig fyrir hámarkshlut haldandi að allt yrði með eðlilegum hætti. Hvað gerist svo? Svo rjúka þessi verðbréf upp en þegar Aurasálin ætlaði að innleysa hagnaðinn þá var það ekki hægt. Bara vegna einhvers formsatriðis um hvenær greiðsluseðill yrði greiddur. Aurasálinni datt vitaskuld ekki í hug að borga greiðsluseðilinn fyrr en reynsla væri komin á það hvort bréfin myndu hækka en þegar þau gerðu það þá var búið að selja bréfin til annarra. Svona er níðst á almenningi til að vernda hagsmuni stórgróssera og fjárplógsmanna.

**Aurasálin lætur ekki** grípa sig í bólinu aftur. Aurasálin hefur nú þegar sent Agnesi Bragadóttur póst. Aurasálin er tilbúin að setja þrjátíu milljónir í þetta Símadæmi að því gefnu að þær þrefaldist á tiltölulega skömmum tíma. Þá græðir Aurasálin sextíu milljónir með litilli sem engri fyrirhöfn. Og ef einhverjum finnst það ósanngjarnt minni ég á milljarðana sem eigendur bankanna hafa sópað til sín á minn kostnað og annarra á síðustu árum. Nú er röðin komin að Aurasálinni að græða!

# Kvíðir ekki framtíð sjávarútvegs

Síminn hringir ekki eins oft á kvöldin hjá **Kristjáni Ragnarssyni** eftir að hann hætti sem formaður LÍÚ og formaður bankaráðs Íslandsbanka. Ferillinn var langur og erilsamur. *Hafliði Helgason* hitti hann yfir hádegisverði og ræddi við hann um hugðarefni hans.



Markaðurinn/Vilhelm

**RÆKTAR TENGSLIN** Kristján Ragnarsson er orðinn samkvæmishæfur í golfi. Hann hefur hitt briddsfélaga sína síðan í Versló og stundar líkamsrækt með félögum sínum.

Norðvestanáttin ber væga bræðslulykt, sennilega ofan af Skaga, gegnum miðbæinn og fylgir manni inn í matarlyktina á Lækjarbrekku. Kristján Ragnarsson hefur átt annasama starfsævi, en á nú heldur rólegri daga, þótt alltaf sé nóg fyrir stafni. „Ég finn mestan mun á því að síminn hringir ekki öll kvöld, eins og hann gerði,“ segir Kristján. „Maður saknar þess á vissan máta, en um leið gleðst maður yfir því að vera laus frá þessu og þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessum samtölum öllum.“

**Kristján Ragnarsson**
Starf: Fyrrverandi formaður LÍÚ
Fæðingardagur: 22. júlí 1938
Maki: Kristín Möller
Börn: Margrét Vala f. 1962, Tómas f. 1965 og Hildur Ragna f. 1970

Hann hætti sem formaður LÍÚ fyrir hálfu öðru ári og sex mánuðum síðar sté hann úr stól formanns bankaráðs Íslandsbanka. Sjávarútvegurinn er honum enn ofarlega í huga og við spjöllum um afskráningar sjávarútvegsfyrirtækja meðan Kristján pantar sér saltfisk. Ég vel bleikjuna enda aldrei migið í saltan sjó.

### HARMAR AFSKRÁNINGU

Samherji er á leið úr Kauphöllinni. „Mér finnst það mjög leitt,“ segir Kristján. „Maður hefur samt skilning á því. Fjárfestar hafa verið áhugalitlir um greinina. Af hverju eru þeir það? Það er vegna óróleika um greinina; uppákomur fyrir alþingiskosningar og að menn vita ekki hvar þeir standa.“ Á hlutabréfamarkaði kaupa fjárfestar framtíð. Kristján segir það liggja í eðli greinarinnar að frumkvöðlum innan hennar líki illa að búa við óvissu sem hlutabréfamarkaður skapi um eignarhald og helstu stjórnendur hafi því keypt félögin af markaði til þess að hafa fulla stjórn á fyrirtækjunum. „Það neikvæða við þetta er að félögin hafa horfið úr eigu almennings. Þetta er að verða einkarekstur, eins og þetta var í gamla daga, tengdur einstökum fjölskyldum.“

Í umræðum um kvótakerfi sóttu fylgjendur þess gjarnan röksemd um að almenningur hefði kost á eign í kvótanum gegnum skráð félög. Með afskráningu er ekki lengur hægt að sækja rök í þennan brunn. „Þess vegna harma ég þessa þróun. Maður getur vænst betri skilnings á stöðu greinarinnar ef almenningur á beinan þátt í henni.“

### GÓÐ SAMSKIPTI VIÐ FJÖLMIÐLA

Kristján var sem forystumaður útgerðarmanna afar áberandi talsmaður og iðinn við að koma sjónarmiðum LÍÚ á framfæri. Hann gerir ekki mikið úr því að samtökin séu minna áberandi nú en meðan hann var í forystusveit. „Ég held að það stafi mest af breyttu umhverfi. Ég tel mig alltaf hafa verið í einstaklega góðu sambandi við fjölmiðlana. Þegar þeir áttu stundum eitthvað lítið að skrifa um var ég þátttakandi í að svara þeim nánast hvenær sem var. Mér fannst ég ná vinskap við einstaka menn sem mér fannst aftur birtast í því að þeir voru þægilegri í samkiptum og ekki með neikvæðni eins og mér finnst núna bera svo mikið á í umfjöllun fjölmiðla.“

Kristján var í bankaráði Úvegsbankans og hélt áfram í bankaráði Íslandsbanka við stofnun hans. Síðan sameinaðist Íslandsbanki Fjárfestingarbanka atvinnulífsins undir forystu Kristjáns í bankaráðinu. „Þetta var allt saman mikil lífsreynsla og maður hefur kynnst mörgum skemmtilegum karakterum í gegnum þetta.“ Bankakerfið tók gríðarlegum breytingum á þessu tímabil. „Þær standa enn,“ segir Kristján. „Íslandsbanki er í útrás í Noregi sem er sérlega ánægjuleg og ég vona að takist vel. Þó maður hafi ekki alltaf verið hrifinn af kollegunum í Noregi,“ segir Kristján og hlær. Hann segir Norðmenn hafa gert endalausar kröfur og verið erfiða í samkiptum. „Við höfum verið svo góðir við þá að hleypa þeim í loðnuna sem þeir hafa engan rétt á, því að það hefur ekki veiðst loðna við Jan Mayen í fjöldamörg ár. Þeir hafa sjálfsagt einhverja aðra sögu að segja.“

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Kristjáni Ragnarssyni*
*fyrrverandi formanni LÍÚ og bankaráðs Íslandsbanka*

*Hádegisverður á Lækjarbrekku fyrir tvo*

*Pönnusteiktur saltfiskur með ristuðum hnetum, kartöflumauki og búrgúndarsósu*
*Ristuð bleikja með stökku brauði, geitaostur og basil*
**Drykkir**
*Vatn og kaffi*
*Alls krónur: 4.290*

### SAMKVÆMISHÆFUR Í GOLFI

Vígstöðvarnar hafa verið víða og Kristján segir mörg mál hafa verið leyst án þess að deilur kæmust í hámæli. „Það hefur verið miklu meira um það en þær sem hafa verið á opinberum vettvangi.“ Viðbrigðin eru væntanlega töluverð að stíga af vígvellinum; það er ekki bara síminn sem ónáðar sjaldnar á kvöldin. Kristján kvartar samt ekki yfir aðgerðaleysi. „Ég hef nóg fyrir stafni.“ Hann situr í stjórn Sjóvár og svo mundar hann golfkylfurnar. „Ég vænti einskis í því nema að vera það sem maður kallar samkvæmishæfur. Það felst í því að ef maður lendir í að spila með einhverjum sem maður þekkir ekki, að maður valdi ekki öðrum erfiðleikum. Ég tel mig vera kominn á það skor. Konan mín er komin í þetta með mér og þetta er gaman, auk þess að vera heilsusamlegt.“ Fyrsta golfferðin til útlanda er nú í vor og svo er sumarið framundan með endalausum tækifærum til golfiðkunar innanlands.

Kristján flutti á Kirkjusand og býr því rétt hjá Laugardalslauginni, þar sem hann hittir hóp vinnufélaga og stundar leikfimi. Hann hefur einnig átt briddsfélaga síðan í Verslunarskólanum. „Það er mikils virði að rækta félagstengslin þó að maður sé í erilsömu starfi.“ Kristján á félaga víða um land eftir starfsferilinn. „Þegar ég fer út á land segir konan mín að ég þurfi að tala við menn á hverri einustu bryggju. Ég hef notið þess að menn vissu hver ég var og getað komist beint að efninu. Ég hef mjög gaman af því.“

### HÆLIR VINSTRISTJÓRN

Sjávarútvegurinn gekk í gegnum ýmislegt meðan Kristján var í forystusveitinni. „Ég tel að ekki þurfi að óttast um greinina. Menn hafa verið að tala um að leyfa sölu til erlendra aðila. Ég hef verið hvað íhaldssamastur í því. Ég hef talið að það væri erfitt gagnvart almenningi að túlka það að hægt sé að selja erlendum aðilum hlut í auðlindinni. Fyrirtækin eru hins vegar orðinn miklu öflugri núna og standa betur en erlendu aðilarnir. Það ætti ekki mikið lengur að þurfa að hafa þessar áhyggjur. Íslensku fyrirtækin eru betur rekin og umhverfi og skilyrði eru betri. Ef maður horfir til Noregs, þá hefur afkoman þar verið skelfileg á sama tíma og okkur hefur gengið vel. Þeir eru með miklu meiri tilkostnað en við á öllum sviðum. Það kerfi sem við búum við hefur skapað þessa hagræðingu.“ Kristján minnist gamalla yfirlýsinga í upphafi kvótakerfis þar sem hann fullyrti að hægt væri að leggja öðrum hverjum togara. Síðan þá hefur nýting íslensks fiskiskipaflota gjörbreyst til batnaðar. „Þetta komst fyrst til alvarlegra framkvæmda árið 1990 þegar framsalið er gefið frjálst. Svo skemmtilegt sem það nú er þá var það vinstristjórn sem er ábyrg fyrir því; þeim til mikils hróss að mínu mati. Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir því í dag hver staða greinarinnar væri ef þessi leið hefði ekki verið farin eða staða efnahagslífsins.“

Fiskréttirnir á Lækjarbrekku voru ljómandi og hádegið liðið. Kristján heldur heim að sinna einu afabarnanna sem eru níu talsins. „Við höfum verið að gæta hennar. Konan mín segir að ég sé miklu betri afi en ég var pabbi,“ segir Kristján og sennilega er það oftast þannig.

**„Ég tel mig alltaf hafa verið í einstaklega góðu sambandi við fjölmiðlana. Þegar þeir áttu stundum eitthvað lítið að skrifa um var ég þátttakandi í að svara þeim nánast hvenær sem var. Mér fannst ég ná vinskap við einstaka menn sem mér fannst aftur birtast í því að þeir voru þægilegri í samkiptum.“**

**Vertu á bíl frá AVIS í útlöndum**



**AVIS á Íslandi tryggir þér bíl í 170 löndum og 5000 stöðum um víða veröld.**

Kynntu þér AVIS tilboðin á bílaleigubílum.Pantaðu AVIS bílinn sjálfur á netinu www.avis.is eða með einu símtal í síma 591 4000.

**AVIS Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 591 4000**

AVIS
Við gerum betur



## Samkeppni um skatta

Flatskattslöndin hafa áhrif á skattastefnu í fjölmörgum ríkjum. Þótt fæst Evrópuríki hafi tekið upp flata skatta hefur þróunin í mörgum þeirra verið í átt til lægri og flatari skatthlutfalla og gagnsærra skattkerfis. Norðurlönd eru til dæmis í beinni samkeppni um fólk og fyrirtæki við Eystrasaltslöndin.

Dr. Daniel Mitchel hjá Heritage Foundation rannsóknastofnuninni í Bandaríkjunum segir í samtali við Markaðinn í dag að skattasamkeppni sé öflug leið til að leysa hagkerfi úr viðjum ríkisvaldsins. Hún sé áhrifaríkasta aðferðin til að takmarka útþenslu hins opinbera og stuðli að skattastefnu sem leiðir af sér hagvöxt og fleiri störf. Það gagnist ekki síst þeim efnaminni.

**FLATSKATTSLÖNDIN**

| Land | skatthlutfall | Innleitt |
|---|---|---|
| Eistland | 26% | 1994 |
| Litháen | 33% | 1994 |
| Lettland | 25% | 1995 |
| Rússland | 13% | 2001 |
| Serbía | 14% | 2003 |
| Úkraína | 13% | 2004 |
| Slóvakía | 19% | 2004 |
| Gerorgía | 12% | 2005 |
| Rúmenía | 16% | 2005 |

Heimild: Economist – skatthlutfall af tekjum einstaklinga.

# Tvo sólarhringa að fylla út skattframtalið

**Skattkerfi vestrænna ríkja eru orðin of flókin og undantekningar of margar. Til að einfalda kerfið er heppilegast að taka upp flatan skatt segir Economist. Verslunarráð stingur upp á fimmtán prósenta flötum skatti.**

Björgvin Guðmundsson
skrifar



**BÚIN AÐ FYLLA ÚT FRAMTALIÐ** Ekki hefur verið rannsakað hve lengi Íslendingar eru að fylla út skattframtöl sín og gera skattstjórum landsins grein fyrir tekjum sínum og gjöldum. Í Bandaríkjunum er áætlað að meðalskattgreiðandi eyði rúmlega 27 klukkustundum í skattskýrsluna ár hvert.

Bandarískir skattgreiðendur eyða rúmlega 27 klukkustundum í að fylla út skattaskýrsluna sína að því er fram kemur í nýjasta hefti Economist. Þó sé tíminn mjög breytilegur því tæp þrjátíu prósent eyða færri en fimm klukkustundum í þessa lagalegu skyldu sína. Það þýðir að stór hópur Bandaríkjamanna eyðir langt á annan sólarhring í að gera yfirvöldum grein fyrir tekjum sínum og gjöldum.

Skattkerfi vestrænna ríkja eru orðin of flókin og undanþágurnar of margar, segir í Economist. Tími sé kominn til að ráðast í endurskipulagningu skattkerfa og einfalda þau svo um munar. Einfaldasta leiðin sé að innleiða flatan skatt og sama skatthlutfall verði innheimt af öllum tekjum – hvar sem þeirra er aflað. Slíkt kerfi sé ekki draumsýn. Eistland hafi fyrst Evrópuríkja tekið upp flatan tekjuskatt einstaklinga og fyrirtækja árið 1994. Engar undantekningar séu innbyggðar í kerfið.

Á viðskiptaþingi Verslunarráðs Íslands í febrúar voru kynntar róttækar breytingar í skattamálum. Ein tillaga fólst í því, eins og mælt er með í nýjasta hefti Economist, að einfalda skattkerfið verulega með því að tekjuskattur og útsvar yrðu samtals fimmtán prósent af tekjum. Undanþágur frá skattgreiðslum myndu um leið falla niður.

Í skýrslu Verslunarráðs kemur fram að þátttaka á vinnumarkaði í Eistlandi jókst og framleiðni hækkaði eftir að flatur skattur var tekin upp. Hin Eystrasaltsríkin, Lettland og Litháen, hafi svo fylgt í kjölfarið og séu í fararbroddi í þessari þróun.

Andstaðan við flatan skatt er þrepaskipt skattkerfi þar sem skatthlutfallið hækkar um leið og tekjur. Samfylkingin talaði fyrir þrepaskiptu skattkerfi fyrir alþingiskosningar 1999 og einstaka frambjóðendur 2003. Hátekjuskattur, sem leggst af um næstu áramót, er eitt form af þrepaskiptu skattkerfi.

Í Economist kemur fram að heppilegast sé að flatur skattur sé á tekjur án tillit til þess hvernig þeirra er aflað. Það á þá við um tekjur fyrirtækja og einstaklinga. Bent er á að tekjuskattsprósentan geti verið mismunandi há eftir löndum. Ekki sé endilega sjálfgefið að hún sé lág. Einnig er bent á að í Rússland hafi sem dæmi innleitt þrettán prósent flatan skatt á tekjur einstaklinga. Hins vegar sé skattur á fyrirtæki 35 prósent.



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Órökstudd gagnrýni einkennir einkavæðingarumræðu en stjórnvöld geta sjálfum sér um kennt.

# *Gagnsæið og Gróa*

**Hafliði Helgason**

Greinilegt er á umræðum í samfélaginu að einkavæðingarferli Símans, eins og það liggur, fyrir skortir trúverðugleika. Ástæðan er sú að í einkavæðingu undanfarinna ára hefur ekki verið unnið eftir ítrustu kröfum um gagnsæi.

Þessi vinnubrögð hafa skapað tortryggni meðal almennings og fullyrðingar hafa að undanförnu flogið um afhendingu ríkiseigna til gæðinga tengdra flokknum. Í þessu sambandi er mikilvægt að gagnrýnendur vandi málflutning sinn og beini honum að réttum aðilum. Stjórnvöld bera fyrst og fremst ábyrgð á vinnubrögðum við einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Þeir sem kaupa gera það á forsendum viðskipta, sem eru þau að hámarka arðsemi af fjárfestingu sinni. Ekki verður framhjá því litið að sala bankanna skilaði miklum árangri. Út úr þeirri einkavæðingu komu tveir sterkir einkareknir bankar með ólíkt eignarhald. Annars vegar Landsbankinn, þar sem kjölfestufjárfestar ráða yfir fjörutíu prósentum atkvæða, og hins vegar KB banki, sem er í dreifðri eignaraðild þar sem stærsti hluthafinn á tæplega sautján prósenta hlut. Í kjölfar einkavæðingarinnar hefur verið ánægjulegt að sjá árangur fjármálakerfisins sem skilað hefur almenningi sem keypti í bönkunum frábærri ávöxtun af fjárfestingu sinni.

**Annað mál er að söluferlið átti að vera gagnsærra og afleiðing þess að svo var ekki er sú að fjöldi fólks treystir ekki einkavæðingarferlinu. Umræðan og gagnrýnin hefur oftar en ekki verið illa studd rökum og fullyrðingar um spillingu og óeðlilegan gróða fyrirtækja og einstaklinga byggðar á gróusögum og öfund.**

Sú mikla verðmætaaukning sem orðið hefur í bönkunum veldur mörgum heilabrotum og hefur skapað órökstudda umræðu um að bankarnir hafi verið afhentir gæðingum á undirverði. Fyrirtæki eru jafn mikils virði og menn eru tilbúnir að borga fyrir þau. Bankarnir voru á markaði og verðmiðinn í samræmi við það. Fáránlegt er að bera saman fyrirtæki eins og það var fyrir nokkrum árum og hvernig það er í dag. Með þeim rökum má allt eins segja að félög eins og Actavis, Burðarás, Straumur og Íslandsbanki hafi verið seld á undirverði um það leyti sem bankarnir voru seldir, en gengi hlutabréfa þessara félaga hefur hækkað umtalsvert síðustu tvö ár. Verðmæti fyrirtækja ræðst á endanum af rekstri þeirra og þeim verðmætum sem þau skapa. Fullvíst má telja að gömlu ríkisbankarnir séu umtalsvert betur reknir í dag en þeir voru meðan stjórnmálamenn stýrðu starfsemi þeirra.

Annað mál er að söluferlið átti að vera gagnsærra og afleiðing þess að svo var ekki er sú að fjöldi fólks treystir ekki einkavæðingarferlinu. Umræðan og gagnrýnin hefur oftar en ekki verið illa studd rökum og fullyrðingar um spillingu og óeðlilegan gróða fyrirtækja og einstaklinga byggðar á gróusögum og öfund. Annað veifið verður mönnum á í viðskiptalífinu eins og annars staðar í samfélaginu. Ekkert bendir til þess að íslenskir kaupsýslumenn séu óheiðarlegri og svikulli en gengur og gerist almennt eða í nágrannalöndum okkar. Sú tortryggni sem vart verður í garð einkavæðingar og viðskiptalífsins er hins vegar vond og mikilvægt að bæði stjórnmálamenn og viðskiptalífið geri sitt til þess að hreinsa andrúmsloftið og vinna eftir reglum heiðarleika og gagnsæis. Einkavæðing Símans er lykilverkefni sem getur ráðið því hvort niðurrifsumræða verði áfram ríkjandi um viðskiptalífið eða ekki.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | thkjart@markadurinn.is




# Hafa íslensk fyrirtæki stefnu í góðgerðarmálum?

**ORÐ Í BELG**



**Lilja Dóra Halldórsdóttir**
aðjúnkt í Háskóla Reykjavíkur og stjórnarmaður í Samskipum

Mörg íslensk fyrirtæki styrkja góð málefni á myndarlegan hátt. Íþróttafélög, listamenn, menningarviðburðir, góðgerðarfélög og jafnvel opinberir aðilar njóta þar góðs af. Styrkir eru oft í formi beinna peningagreiðslna, auglýsinga, aðstöðu, tækja eða jafnvel fræðslu. Erfitt er að áætla heildarfjárhæð sem „góðgerðarmarkaðurinn“ veltir, en ekki er ólíklegt að íslensk fyrirtæki láti þannig af hendi rakna hundruð og jafnvel þúsundir milljóna ár hvert.

Styrkir til góðgerðarmála eru ein birtingarmynd svokallaðrar samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja. Í grófum dráttum má skipta viðhorfum til samfélagslegrar ábyrgðar í þrennt. Í fyrsta lagi að fyrirtæki eigi einungis að hugsa um að hámarka arð sinn með hefðbundnum rekstri; þannig séu gjafir til góðgerðarmála ekkert annað en notkun stjórnenda á peningum annarra (hluthafa). Í öðru lagi að fyrirtæki séu samfélagsþegnar sem eigi að láta sig þróun samfélagsins varða og leggja sitt af mörkum til góðra málefna, óháð því hvað þau sjálf beri úr býtum við það. Í þriðja lagi að samfélagslegir hagsmunir og hagsmunir fyrirtækja fari saman, fyrirtæki hagnist beint eða óbeint af þátttöku í góðgerðarmálum, til dæmis með aukinni viðskiptavild. Umræðan um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja virðist þó ekki snúast um hvort fyrirtæki eigi yfirhöfuð að sinna henni, heldur hvernig.

### STYRKUR EÐA MARKAÐSMÁL?

Oft virðist óljóst hvort fyrirtæki hér á landi hafi almennt stefnu varðandi gjafir sínar til góðgerðarmála, og hver hún sé þá, eða þá hvort litið sé á slíka styrki í einhverjum tilvikum sem markaðsmál. Fræðimenn á sviði stefnumótunar, eins og Porter, Kaplan og Norton, hafa bent á að mikilvægt sé að fyrirtæki hafi stefnu í þessum málum, líkt og öðrum sem snúa að rekstrarlegum þáttum. Arðsemiskröfur, áhersla á skýra stefnu og árangursmælingar í fyrirtækjum kalla í auknum mæli á að styrkveitingar eigi í það minnsta einhverja samleið með framtíðarsýn eða þeim gildum sem fyrirtæki starfa eftir.

Fyrsta skrefið hjá fyrirtækjum gæti verið að greina skýrt á milli þess hvað sé markaðsmál og falli þar með undir hefðbundin viðhorf og mælikvarða um árangur á því sviði og hvað sé framlög til góðgerðarmála í því skyni að bæta það samfélag sem fyrirtækið starfar í. Í annan stað þurfa fyrirtæki að íhuga hvernig styrkveitingar þeirra geti nýst á sem hagkvæmastan hátt. Það eru sterkar líkur fyrir því að það sé á sviðum þar sem saman fara hagsmunir samfélagsins og fyrirtækisins.



**Oft virðist óljóst hvort fyrirtæki hér á landi hafi almennt stefnu varðandi gjafir sínar til góðgerðarmála, og hver hún sé þá, eða þá hvort litið sé á slíka styrki í einhverjum tilvikum sem markaðsmál.**

### HVAR NÝTIST STYRKUR BEST?

Með því að einbeita sér að verkefnum sem fyrirtækið þekkir er það betur í stakk búið til að velja réttu verkefnin og getur hugsanlega veitt annars konar og jafnvel verðmætari aðstoð en eingöngu fjárframlög, til dæmis með sérþekkingu starfsmanna sinna, samböndum eða stjórnunarlegri ráðgjöf. Þannig kemur stefnumiðuð stjórnun styrkþegum og samfélaginu til góða. Stefnumiðuð samfélagshjálp getur líka stutt við fyrirtækið sjálft þegar til lengri tíma er litið. Verkefnið getur eflt framleiðni eða samkeppnishæfni fyrirtækisins, til dæmis gæti styrkur banka til meistaranáms í fjármálafræðum skilað fyrirtækinu hæfara starfsfólki þegar til lengri tíma er litið. Styrkveiting gæti haft áhrif á eftirspurn eftir vöru eða þjónustu fyrirtækisins með því að stækka markaðinn eða auka þekkingu neytenda. Dæmi um þetta gæti verið að hugbúnaðarfyrirtæki gefi skólum tölvur og hugbúnaðarlausnir og stuðli þannig að aukinni notkun á slíkum búnaði.

Ef fyrirtæki ákveða að móta skýra stefnu varðandi styrki til góðgerða- og menningarmála er spurning hvort hægt sé að mæla árangurinn með einhverjum hætti. Ég hef ekki rekist á mörg dæmi þess að íslensk fyrirtæki mæli arðsemi (samfélagsins) eða árangur af styrkveitingum og oft virðist hrein tilviljun ráða því hverjir fá verðmæti að gjöf og hverjir ekki.

### STYRKIR OG STEFNA

Það er ekkert nema gott um það að segja að fyrirtæki styrki góðan málstað. Kröfur um stefnumörkun og arðsemi eru gerðar á öllum sviðum rekstrar, en einhverra hluta vegna virðast styrkir til góðgerðarmála ekki lúta sömu reglum. Ástæður geta auðvitað verið fjölmargar – nálægð við náungann í litlu landi, áhugaleysi hluthafa eða bara hreinlega að slíkt þyki ekki við hæfi. Stefnumiðuð þátttaka í verðugum málefnum getur hins vegar skilað fyrirtækjum auknu virði, en ekki síður samfélaginu og góðum málstað.

**UM VÍÐA VERÖLD**

## *Milljarðabarátta*

**The New York Times** | Bandarískir stjórnmálamenn þurfa óheyrilega mikla peninga til að reka kosningabaráttu sína. Í New York Times í gær er sagt frá því að öldungadeildarþingmaðurinn Hillary Clinton fari hressilega af stað í fjáröflun sinni það sem af er árinu. Mun hún standa framar en aðrir sem hyggja á framboð í þingkosningunum á næsta ári. Upplýst er að framboð hennar hafi þegar safnað 250 milljónum króna fyrstu þrjá mánuði ársins. Í lok fyrsta ársfjórðungs muni um 550 milljónir króna bíða þess að vera útdeilt í þágu baráttunnar. Ráðgjafar Hillary eru tregir til að upplýsa hvert endanlegt markmið fjársöfnunarinnar sé. Árið 2000 söfnuðust 1,9 milljarðar króna þegar hún vann Daniel Patrick Moynihan í dýrustu kosningabaráttu í sögu New York.

## *Taugatitringur*

**Financial Times** | Í gær segir Financial Times frá því að hlutabréfamarkaðurinn hafi verið tiltölulega stöðugur fyrir fáum vikum, áhættusæknin mikil og fjárfestar fullir tilhlökkunar að uppskera ábata af útþenslu fyrirtækja á alþjóðamörkuðum. Síðustu dagar hafi hins vegar einkennst af taugatitringi. Engar hækkanir urðu þegar bandaríska kauphöllin opnaði í fyrradag og búast megi við frekari hiki á markaðnum á næstunni. Stór fyrirtæki skiluðu ekki viðunandi uppgjörum og enn hægðist á bandaríska hagkerfinu á fyrsta ársfjórðungi. Sagt er að óttinn við að efnahagslífið nái sér ekki á strik sé óþarflega mikill þó að búast megi við að tekjur standi ekki undir væntingum.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalín, Eggert Þór Aðalsteinsson, Þórlindur Kjartansson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni.
Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Góðærið og ríkissjóður

Katrín Ólafsdóttir
skrifar

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum að hagvöxtur er mikill um þessar mundir og kemur hann einkum fram í aukinni einkaneyslu og fjárfestingu. Þar sem við greiðum skatta af þeim vörum og þeirri þjónustu sem við kaupum, þá má búast við að skatttekjur ríkissjóðs hafi að sama skapi aukist til muna að undanförnu.

Á tímabilinu september 2004 til febrúar 2005 voru skatttekjur ríkissjóðs í heild 10,6 prósentum hærri en á sama tíma fyrir ári síðan, þegar búið er að leiðrétta fyrir verðbólgu. Þetta kemur fram á heimasíðu fjármálaráðuneytisins. Af skatttekjum ríkissjóðs eru tekjur af virðisaukaskatti langmestar, en tekjur af honum eru nú 12,5 prósentum hærri að raunvirði en fyrir ári síðan og hefur breytingin ekki verið svona mikil síðan í september 1999. Þetta er skýrt merki þess að umsvif í þjóðarbúskapnum eru nú mikil og ef litið er til þróunar tekna af virðisaukaskatti síðustu mánuði eru umsvifin fremur að aukast en hitt.

Eins og alþjóð veit er mikið flutt inn af bifreiðum um þessar mundir og það endurspeglast í miklum tekjum ríkissjóðs af vörugjöldum af bifreiðum. Á tímabilinu september 2004 til febrúar 2005 innheimti ríkissjóður 50,4 prósentum meira í tekjur af vörugjaldi af bifreiðum að raunvirði en á sama tíma fyrir ári síðan. Innflutningur á bifreiðum fylgir hagsveiflunni mjög náið og geta þessar tekjur ríkissjóðs því sveiflast mikið yfir tíma. Þannig hefur aukning í tekjum af vörugjaldi af bifreiðum verið á bilinu tuttugu til fimmtíu prósent að raunvirði frá því í mars 2003. Aftur á móti var samdráttur í þessum tekjum á bilinu tuttugu til fimmtíu prósent að raunvirði frá því í desember 2000 og fram í júní 2002. Það er því ljóst að tekjur ríkissjóðs hafa hækkað umtalsvert að undanförnu og því eðlilegt að spyrja næst hvað verði um þessar tekjur sem við greiðum í ríkissjóð. Stærstur hluti útgjalda ríkissjóðs er til rekstrar. Frá september 2004 til febrúar 2005 hafa rekstrargjöld ríkissjóðs í raun dregist saman um 6,1 prósent. Skýringin á þessum samdrætti er sú að stærstur hluti rekstrargjalda er launakostnaður og kjarasamningar flestra ríkisstarfsmanna hafa verið lausir frá því fyrir áramót. Því eru engar launahækkanir komnar inn í þessar tölur. Því má búast við að þessi liður sýni hækkun þegar líða tekur á árið og fleiri kjarasamningar verða undirritaðir. Á hinn bóginn hafa tilfærsluútgjöld ríkissjóðs, þ.e. útgjöld til lífeyristrygginga, sjúkratrygginga, útgjöld vegna fæðingarorlofs og til landbúnaðar til að nefna nokkur dæmi, aukist um 9,2 prósent að raungildi á þessu tímabili.

**„Innflutningur á bifreiðum fylgir hagsveiflunni mjög náið og geta þessar tekjur ríkissjóðs því sveiflast mikið yfir tíma.“**

SPÁKAUPMAÐURINN

# Bankar tryggja stöðuna

Straumur losaði sig út úr klemmunni með eignarhaldið á Tryggingamiðstöðinni og Íslandsbanka, en Fjármálaeftirlitið hafði sett skilyrði um að ekki mætti eiga báðar þessar eignir til lengdar. Straumur er hins vegar ennþá bundinn af skilyrðum Fjármálaeftirlitsins þar til kaupendur bréfanna í TM hafa verið samþykktir. Kaupendurnir eru Jón Kristjánsson og félagar kenndir við Sund. Þar með hafa þeir bundist Gunnlaugi Sævari og Landsbankamönnum traustari böndum eftir að hafa yfirgefið skip Ólafs Ólafssonar í slagnum um Ker. Enn er þó óleyst staða þeirra í Keri, sem er áhrifalaus fjárfesting upp á nokkra milljarða þar til samkomulag næst um að Grettir, sem er nú í eigu Sunds og TM, verði keypt út úr félaginu. Ljóst er hins vegar að TM, Sund og Landsbankinn munu vinna saman í fjárfestingarverkefnum og spennandi að sjá hvernig úr þeim verður unnið. Ekki er ólíklegt að nánara samband eigi eftir að verða milli TM og Landsbankans, líkt og gerst hefur á milli hinna bankanna og tryggingafélaga.

Blekið var varla þornað af sölunni á TM þegar Íslandsbanki var búinn að selja meirihluta Sjóvár til Karls Wernerssonar og fjölskyldu hans. Salan styrkir enn stöðu Karls í bankaráði Íslandsbanka og virðist hann því hafa alla þræði í hendi sér. Samvinna hans og Bjarna Ármannssonar hefur gengið vel. Með sölunni losnar Íslandsbanki við talsverða fjármuni sem bundnir voru í Sjóvá og getur bankinn notað þá fjármuni til þess að styrkja sig á öðrum vettvangi. Sjóvá ræður yfir tryggingasjóði sem getur fjárfest víða, auk þess sem ætlunin er að stofna fjárfestingarfélag í eigu bankans, tryggingafélagsins og Þáttar, sem er í eigu Milestone, fjárfestingarfélags í eigu Karls og tveggja systkina hans.

Með þessu er Karl orðinn býsna sterkur á markaðnum og línur skýrari. Bankarnir þrír hafa raðað sér upp við hlið tryggingafélaga og ekki líklegt að tríóið taki grundvallarbreytingum í bráð. Í framhaldinu verður forvitnilegt að sjá hvað Straumur gerir varðandi hlut sinn í Íslandsbanka, en þessi síðustu viðskipti með Sjóvá eru Straumsmönnum væntanlega lítil gleðitíðindi.

**Spákaupmaðurinn á horninu**


# Hvar eru peningarnir þínir?



Ingólfur H. Ingólfsson hefur um árabil haldið vinsæl námskeið um fjármál heimilanna og hjálpað fjölda fólks að ná tökum á fjármálum sínum.

Gleypa reikningar og afborganir nánast öll launin þín um hver mánaðamót? Veltirðu því stundum fyrir þér í hvað peningarnir hafa eiginlega farið?

- **Hvar eru peningarnir?**
- **Borgar sig að kaupa eða leigja?**
- **Hvernig lán er best að taka?**
- **Hvernig greiðum við niður skuldir á stuttum tíma?**
- **Hvenær er best að byrja sparnað?**
- **Hvernig sköpum við fjárhagslegt öryggi á efri árum?**

Í þessari nýstárlegu bók er að finna svör við þessum spurningum og bent á raunhæfar leiðir til að endurskipuleggja fjármál heimilisins og eignast fé án þess að breyta um lífsstíl eða herða sultarólina.

Ótrúlegur árangur á stuttum tíma og gjörbreyttur fjárhagur þegar litið er til lengri tíma.

„Eftir að hafa kynnst hugmyndum Ingólfs hefur okkur tekist að gjörbreyta fjárhagsstöðu okkar. Nú stjórnum við fjármálunum og árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Mælum eindregið með bókinni.“
*– Hafþór F. Sigmundsson og Kristín H. Ólafsdóttir*




1.
Allar bækur
Penninn Eymundsson og Bókabúðir MM
6. – 12. apríl

1. prentun uppseld

2. prentun komin í verslanir



**Ókeypis hjálpargögn á SPARA.IS!**

**Bókinni fylgir veflykill sem veitir aðgang að hjálpargögnum sem auðvelda þér að finna peningana þína.**

Almenna bókafélagið

edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



# Avion House opnað

Arngrímur Jóhannsson, annar af stofnendum Atlanta, og Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

Markaðurinn/stefán

Avion House, höfuðstöðvar Avion Group, voru opnaðar af Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra. Gunnar I. Birgisson, forseti bæjarstjórnar Kópavogs, og Hansína Á. Björgvinsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi, afhentu Avion Group formlega fyrir hönd Stafna á milli og Eignarsmára. Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Avion Group, ávarpaði gesti. Í húsinu er starfsemi Avion Group ásamt starfsemi Air Atlanta Icelandic, dótturfélags Avion Group. Starfsemi Air Atlanta Icelandic og Íslandsflugs var sameinuð um áramótin. 220 manns starfa nú í nýjum höfuðstöðvum félaganna í Hlíðasmára 3.

Húsið er hannað af arkitektastofunni TARK og innréttað af verktakafyrirtækinu Eignarsmára. Fanney Hauksdóttir, arkitekt hjá AVH, sá um alla hönnun innanhúss. **- dh**



Jón Birgir Pétursson blaðamaður og Gunnar í Krossinum.



Siggi Hall sá um veitingarnar.



Margrét Skúladóttir, Edda Sólveig Úlfarsdóttir, stjórnarformaður Eignarsmára, og Pálína Ásgeirsdóttir.



Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar Alþingis, og herra Ólafur Ragnar Grímsson.

# Hvatning er stjórntæki

Meðal umfjöllunarefnis á morgunverðarfundi Félags viðskipta- og hagfræðinga og Starfsmannastjóraklúbbsins var hvaða aðferðir nota stjórnendur til að hvetja sitt fólk áfram til framúrskarandi árangurs? Hvað er það sem hefur mest vægi hjá starfsmönnum?



Fjölmennt var á Morgunverðarfundi FVH.

Markaðurinn/GVA



Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri rekstrarstýringar og þróunarsviðs FL Group, Svali H. Björgvinsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs KB banka, og Ingvi Þór Elliðason, rekstrarráðgjafi hjá IMG Ráðgjöf.

Svali H. Björgvinsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs KB banka, sagði að umbuna ætti ólíka frammistöðu með ólíkum hætti. Svali sagði einnig að bónuskerfi þyrftu að vera opin og sanngjörn og skýr tengsl að vera á milli frammistöðu og umbunar. Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri rekstrarstýringar þróunarsviðs FL Group, sagði endurgjöf og hvatningu vera stjórntæki til að tryggja árangur. Endurgjöf og hvatning geta bæði verið hlutlæg tæki á borð við bónuskerfi og huglægari tæki á borð við hópefli og viðurkenningu. **- dh**



Við losnum út eftir 63 daga.
Að sitja læstar inni í 63 daga til viðbótar virðist kannski ekki svo langur tími. En þegar við þurfum að dúsa aðþrengdar með allt of lítinn hraða, upplifum við þessa 63 daga ekki sem 1.512 klukkustundir, eða 90.720 mínútur heldur sem 5.443.200 sekúndur í einangrun. Krítum eitt strik fyrir hverja sekúndu.
Þvílík ósanngirni. En til allrar hamingju þá höfum við hvor aðra og tölum mikið um hvað framtíðin er björt með háhraðatengingu á frábæru verði frá Hive.
Lára Hrönn Árnadóttir
og Ólöf Brynja Aradóttir
Litlagerði 12,
108 Reykjavík
12
GOTT FÓLK McCANN
3.990*
HiveLite
Þráðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging
*Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað á aðeins 3.990 kr. á mánuði.
Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is
Hive

# Forgangsatriði að lækka tekjuskatt

Skattasamkeppni milli landa neyðir ríkisstjórnir til að lækka skatta segir dr. Daniel Mitchell hjá Heritage-stofnuninni í Bandaríkjunum. Lækkun skatta á fyrirtæki hafi gefið góða raun á Íslandi. Nú sé forgangsatriðið að lækka tekjuskatt einstaklinga.

TÖLVUPÓSTURINN
*Til dr. Daniel Mitchell*
*hjá Heritage-stofnuninni í Bandaríkjunum*



**Hvað felst í skattasamkeppni?**

Skattasamkeppni er framkvæmd sem neyðir ríkisstjórnir til að lækka skatta og endurbæta skattkerfið. Aðeins þannig er komið í veg fyrir að störf og fjárfestingar færist til svæða þar sem skattalöggjöfin er hagstæðari. Skattasamkeppni stuðlar að auknu frelsi efnahagslífsins. Þegar Thatcher og Reagan lækkuðu tekjuskatt fyrir meira en tuttugu árum urðu aðrar þjóðir að fylgja í kjölfarið.

**Af hverju er þetta eftirsóknarvert?**

Þetta er bæði nauðsynlegt og eftirsóknarvert því samkeppni landa um skattaumhverfi takmarkar óþarfa umfang ríkisstjórna. Samkeppnin leiðir einnig til skattastefnu sem ýtir undir hagvöxt og skapar störf. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir fólk með lægstu tekjurnar. Áhrifin eru líka önnur sem ekki eru efnahagslegs eðlis. Til dæmis gera skattaparadísir fólki sem tilheyrir kúguðum minnihlutahópum kleift að verja eignir sínar fyrir yfirboðurum sínum.

**En er skattasamkeppni ekki aðeins fyrir vel stætt fólk?**

Ríkir einstaklingar hafa alltaf haft tækifæri á því að verja tekjur sínar og eignir. Til þess þurfa þeir ekki að færa peningana til annarra landa. Í staðinn ráða þeir lögfræðinga, talsmenn og endurskoðendur til að spila á flókið skattkerfi, sem er til staðar í flestum þróuðum ríkjum. Auðvitað nota sumir þeirra skattaparadísir, en oft orsakast það af öðrum ástæðum. Þeir geta verið að verja friðhelgi sína eða forðast eignarnám spilltra ríkisstjórna. Vegna tæknilegra framfara er alltaf að verða auðveldara fyrir venjulegt fólk að flytja fjármagn til svæða þar sem skattar eru lágir.

**Er réttlætanlegt að hægt sé að reka fyrirtæki í skattaparadís?**

Þó að fyrirtæki séu skráð á lágskattasvæðum er ekki þar með sagt að þau greiði enga skatta. Fyrirtæki með höfuðstöðvar í Bermúda verður til dæmis að greiða skatt í Bandaríkjunum af öllum tekjum sem falla til þar í landi. Á sama hátt geri ég ráð fyrir að fyrirtækið myndi greiða skatt á Íslandi ef það aflaði sér tekna þar. En ólíkt fyrirtæki í Bandaríkjunum mun fyrirtækið í Bermúda ekki þurfa að borga skatt bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum af tekjum sem aflað er á Íslandi.

**Telur þú þá að skattasamræming ríkja sé röng?**

Skattasamræming er tilraun ríkja með háa skatta til að hamla gegn flutningi starfa og fjármagns til svæða með hagkvæmari skattalöggjöf. Ríkisstjórnir reyna þannig að koma á samtökum stjórnmálamanna um skattaeinokun – svipuð og samtök olíuútflutningsríkja eru. Það eru tvær tegundir af skattasamræmingu. Annars vegar bein skattasamræming sem á sér stað þegar ríkisstjórnir komast að samkomulagi um ákveðið skatthlutfall. Hins vegar óbein skattasamræming þegar þjóðir safna og skiptast á upplýsingum um erlenda fjárfesta til að hægt sé að skattleggja tekjur þeirra í heimalandinu. Í báðum tilvikum hafa skattgreiðendur ekki tækifæri til að hagnast á betri skattastefnu annarra svæða og ríkisstjórnir losna við þrýsting um að betrumbæta skattalöggjöfina sína.

**Hvernig skatt viltu helst sjá?**

Ákjósanlegasta skattkerfið, bæði út frá hagkvæmni og hugmyndafræði, er flatur skattur. Í því kerfi eru allir skattgreiðendur jafnir. Allar tekjur eru skattlagðar á sama hátt. Flatur skattur eyðir öllum smugum í kerfinu og undanþágum. Tvískattlagning er ekki innbyggð í kerfið sem þýðir enga erfðafjárskatta né fjármagnsskatta sem dæmi.

**Hversu hár á slíkur skattur að vera?**

Skatthlutfallið er eitthvað sem hver þjóð á að ákveða. Valið takmarkast af samkeppni við önnur skattasvæði. Lágir skattar eru augljóslega betri en háir. En áhrif skatta á hvar fólk og fyrirtæki staðsetja starfsemi sína eru lágmörkuð svo lengi sem hlutfallinu er haldið undir tuttugu prósentum.

**Hvað á ríkisstjórn Íslands að gera næst til að bæta skattkerfið sitt?**

Lágir skattar á fyrirtæki á Íslandi hafa gefið góða raun. Enn lægri skattar eru æskilegir á meðan samkeppni ríkir við Írland og önnur svæði. En forgangsatriði er að lækka tekjuskatt einstaklinga. Tæplega 38 prósenta tekjuskattur dregur úr fólki til að framleiða verðmæti. Verði þetta hlutfall lækkað eykst hvatinn til að finna upp nýja hluti, taka aukna áhættu og hugsa eins og frumkvöðull.

Í hagkerfum heimsins eru þetta þeir eiginleikar sem þjóðir þarfnast til að vaxa hraðar. Í þessum umhverfi verða til ný störf og samkeppnishæfni vex. Hægt er að gera ráð fyrir að skattasamkeppni muni leiða til þess að skattar á Íslandi lækki og grundvallarbreytingar verði gerðar á skattkerfinu. Eina spurningin sem stendur eftir er hvenær það gerist. Verði það fljótt yrði Ísland fyrsta landið í Vestur-Evrópu til að taka upp flatan skatt.

# Staðlar mikilvægir fyrir alþjóðaviðskipti

Framkvæmdastjóri alþjóðastofnunarinnar ISO var hér á landi í vikunni til þess að ræða um staðla í matvöruiðnaði. *Þórlindur Kjartansson* hitti **Alan Bryden** að máli og komst að því að staðlar eru víða og sjaldnast til ama.



Markaðurinn/Valli

**ALAN BRYDEN** Framkvæmdastjóri ISO staðlaráðsins í Genf.

Með sífellt auknum alþjóðaviðskiptum hefur orðið stöðugt mikilvægara að tryggja öryggi með því að bjóða fyrirtækjum upp á ýmiss konar gæðavottanir og við slíkt mat er oftar en ekki notast við staðla sem gefnir eru út af alþjóðlega staðlaráðinu ISO. Stofnunin sjálf gefur ekki út vottanir heldur eru það fyrirtæki á frjálsum markaði sem bjóða upp á þá þjónustu. „Við værum líklega miklu ríkari ef við sæjum um að votta," segir Bryden.

„Fólk hefur venjulega heyrt um ISO vegna ISO 9000 staðalsins en alls höfum við gefið út um fimmtán þúsund staðla. Þeir koma við sögu á nánast öllum sviðum viðskipta og tækni," segir Alan Bryden framkvæmdastjóri ISO.

Skammstöfunin ISO stendur fyrir International Standards Organization. Stofnunin hefur höfuðstöðvar í Genf og tengist ekki ríkisstjórnum eða fyrirtækjum heldur eru þau regnhlífarsamtök utan um 150 aðildarfélög – staðlaráð hvert í sínu landi. Á vettvangi ISO er komist að niðurstöðu um staðla sem gilda á öllum þeim svæðum sem eiga aðild að samtökunum. Jafnan tekur þrjú ár að ná samkomulagi um nýja staðla en alls eru gefnir út um ellefu hundruð slíkir á ári. Við ákvarðanir um staðla fer fram atkvæðagreiðsla hjá ISO þar sem hvert aðildarríki hefur eitt atkvæði.

Þótt umræða um staðla kunni ekki að vekja sérstakan gleðihroll hjá mörgum þá er næsta víst að stór hluti af þeim tækniframförum sem átt hafa sér stað á síðustu árum hafa farið hraðar fram einmitt vegna þess að ólíkir framleiðendur og uppfinningamenn um allan heim hafa getað miðað við staðla frá ISO. Alþjóðlegir staðlar tryggja meðal annars að neytendur geta gert ráð fyrir því að alls kyns hlutir virki saman. Það er til dæmis ekki sjálfgefið að heyrnartól úr Sony tæki virki líka með Sanyo en þar sem framleiðendur hafa komið sér saman um staðla gera hvaða heyrnartól sem er virkað alls staðar. „Fólk er vant því að hlutir virki saman og því tekur það ekki eftir stöðlum nema þegar þeir eru ekki til staðar," segir Bryden.

MÁLIÐ ER
*Staðlar*

„Þegar fólk sendir myndir sín á milli í tölvum er það oftast með jpeg staðli sem er ISO staðall og hreyfimyndastaðallinn mpeg er líka ISO staðall," segir Bryden. Hann segir að það sé einnig alþjóðlegum stöðlum að þakka að hægt er að senda hina séríslensku stafi „þ" og „ð" á milli heimshorna án vandræða.

Merkingar á fatnaði sem gefa til kynna hvernig fara eigi með hann í þvotti eru samkvæmt ISO staðli sem gerir fólki auðveldara um vik að kaupa föt víða um heim. Aðalmarkmið ISO er einmitt að draga úr tæknilegum hindrunum í alþjóðlegri verslun og starfar stofnunin náið með Alheimsviðskiptastofnunni (WTO) til að ná fram því markmiði.

**...stór hluti af þeim tækniframförum sem átt hafa sér stað á síðustu árum hafa farið hraðar fram einmitt vegna þess að ólíkir framleiðendur og uppfinningamenn um allan heim hafa getað miðað við staðla frá ISO.**

Bryden segir að þegar ný tækni verður til þá sé það ráðandi um útbreiðslu hennar hversu vel takist til að fá framleiðendur víða um heim að fallast á tiltekna staðla til að nota. Ef ný tækni þróast á grundvelli mismunandi staðla veldur það óþægindum fyrir notendur þar til framleiðendur komast að niðurstöðu um tiltekna eiginleika sem gera tæknina samnýtanlega á milli vörumerkja og þjóðlanda.

Bryden nefnir til að mynda kreditkort sem uppfylli staðla sem ISO hefur sett fram og því geti menn notað þau víðast hvar í heiminum án vandræða.

Framleiðslustaðlar í iðnaði og hátækni eru þó ekki hið eina sem ISO fæst við því ISO 9000 staðallinn, sem fjallar um stjórnunarmál, er einnig vel þekktur og um þessar mundir er unnið að staðli um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Þar er þó ekki um að ræða staðal sem hægt er að votta heldur almennar leiðbeiningar til fyrirtækja. Bryden á ekki von á því að þessi staðall verði tilbúinn fyrr en eftir þrjú til fjögur ár enda að mörgu að hyggja og fjölmörg ólík sjónarmið sem þarf að taka tillit til.

Ástæða heimsóknar Brydens í vikunni var kynning á nýjum stöðlum í matvælaiðnaði sem hefur þýðingu fyrir fiskútflutning og aðra matvælaframleiðslu á Íslandi. „Þetta er mikilvægt hér á landi þar sem matvöruútflutningur er mikilvægur," segir hann.

# Fyrst Íslendinga í stjórn ISO

Guðrún Rögnvaldardóttir er framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands. Hún var á síðasta aðalfundi kjörin í stjórn ISO og er hún fyrsti Íslendingurinn til að taka sæti í þeirri stjórn.

Að sögn Guðrúnar sitja átján í stjórn ISO en fimm áhrifamestu ríkin hafa þar fastafulltrúa. Fólksfjöldi og landsframleiðsla ræður því í hvaða flokk lönd eru sett og út frá því ákvarðast möguleikar til setu í stjórninni. Ísland er í flokki með smæstu þjóðunum sem eiga samtals þrjú sæti í stjórninni og á síðasta aðalfundi var Guðrún sjálfkjörin í stjórnina.



Fréttablaðið/Pjetur

**GUÐRÚN RÖGNVALDARDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands á sæti í stjórn ISO.

Alls eiga 150 lönd aðild að ISO en aðeins hundrað þeirra hafa fulla aðild og seturétt í stjórninni. Þrátt fyrir að um mjög alþjóðlega starfsemi sé að ræða felur stjórnarsetan ekki í sér mikil ferðalög.

„Það eru tveir fundir haldnir á ári en ýmis mál eru afgreidd bréflega innan stjórnarinnar," segir Guðrún. Hún segir að staðlaráðið leggi mikla áherslu á að sem flest ríki geti tekið þátt og til að tryggja það sé ferðakostnaði haldið í lágmarki og upplýsingatæknin nýtt í stað þess að fólk sé á stöðugum þeytingi heimshorna á milli.


IVECO
TRAKKER
Nýr Trakker
verktakabíll á sérstöku
kynningarverði
Öflugur,
lipur
og sparneytinn
10 ára
1994 - 2004
Lágmúli 7 • Reykjavík
Sími: 588 2600 • www.velaver.is
VÉLAVER HF

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**2/3** Félag í eigu Karls Wernerssonar og systkina keypti 2/3 af Sjóvá af Íslandsbanka í gær. Verðið var 17,5 milljarðar króna.

**5658** Sóttu um að fá úthlutað lóð í Lambaseli. En fimmtíu fengu úthlutað.

**11** Þeir sem hafa áhuga á að gera tilboð í Símann fengu ellefu daga frest þegar Einkavæðingarnefnd ákvað að hægt væri að gera óbindandi tilboð til 17. maí en ekki 6. maí eins og til stóð.

## BANKAHÓLFIÐ



### Kennslustund

Árni Vilhjálmsson, stjórnarformaður HB Granda, er hálfgerð goðsögn í augum margra sem fylgjast með viðskiptalífinu en hann er lærifaðir hundraða ef ekki þúsunda viðskiptafræðinga. Á aðalfundi HB Granda á dögunum fór Árni í gegnum rekstrarreikninginn með fundargestum og útskýrði hann lið fyrir lið þannig að allir urðu margs vísari fyrir vikið. Gekk hann rösklega til verks og sagði umbúðalaust að mikill gengishagnaður hefði bjargað HB Granda frá tapi á síðasta ári. Árni var heldur ekkert að fela aðra rekstrarþætti sem höfðu verið undir væntingum eins og báglegur rekstur nokkurra dóttur- og hlutdeildarfélaga. Stjórnendur sem gera grein fyrir rekstrinum með þessum hætti eins og Árni geta ekki annað en uppskorið mikið traust frá hluthöfum og öðrum fjárfestum.

### Verulegur umsnúningur

**Árni hélt að sér væri öllum lokið í upphafi máls þegar hann tók skyndilega eftir því að á hans blaði voru allt aðrar rektrartölur en á pappírum hinna gestanna. Í stað þess að reksturinn sýndi 603 milljóna króna hagnað sýndu hans tölur tap upp á 603 milljónir. Með því að þurrka út mínusinn batnaði rekstur Granda um 1.206 milljónir króna á augabragði.**



### Hjólreiðagarpurinn Ágúst

Guy Green, lögfræðiráðgjafi Bakkavarar, skoraði á þá Lýð og Ágúst Guðmundssyni að hjóla með sér frá London til Parísar eftir að búið var að klára kaupin á matvælafyrirtækinu Katsouris. Ágúst ákvað að taka áskoruninni og hjólaði með Green alla leið en Green sagði vegalengdina á milli Parísar og London vera 300 mílur. Green var mjög hrifinn af árangri Ágústs í hjólaferðinni, sem er mjög skiljanlegt í ljósi þess að hér var um Íslending að ræða. Þeir sem hjóla hér á landi vita að stöðugt er mótvindur og landið virðist allt liggja upp í móti. Green talaði á ársfundi Útflutningsráðs og sýndi við þetta tækifæri mynd úr hjólatúrnum langa.









**Bátaland, allt til báta.**
Utanborðsmótorar, bátahlutir, dælur, öryggisbúnaður, bátar, þurrkubúnaður og margt fleira. Bátaland, Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði S. 565 2680, www.bataland.is

Óska eftir að kaupa niðurleggjara. Uppl. í s. 862 5284.

Vantar bát ca 20 fet, með mótor. Uppl. í síma 899 8299.

## Hjólbarðar





Til sölu BBS 15” felgur undir Peugot 205 með dekkjum 195/55/15. Verð aðeins 65.000. Uppl. í s. 824 7640.


Tilboð á sumardekkjum t.d. 155/80 x 13 frá kr. 3980 175/65 x 14 frá kr.5300 195/65 x 15 frá kr. 6200 Hjólbarðaviðgerð Kópavogs, Hjólkó, Smiðjuvegi 26 S.557 7200.

Til sölu 4 dekk. 30 x 9,50R 15LT 10 40. 4 Dekk 175 65 X 14. Uppl. í s. 862 3793 eftir kl. 19.00.

Mjög lítið notuð continental 225/50 16”, kostar nýtt 30.000 stk., en selst á 8000 stk. Uppl. í s. 892 0007.

Óska eftir sumardekk á Kia. St. 215 70*15 eða 220 70*15. Uppl. í s. 483 3793 & 862 3793.

## Varahlutir




Marie rannsakaði úraníum og komst að því að eitt eða fleiri geislavirk efni væru í steinefninu. Eftir hjónaband hennar og Pierre árið 1895 uppgötvuðu þau poloníum sem þau nefndu í höfuð heimalands Marie, Póllands. Eftir dauða Pierre 1906 tók Marie við stöðu hans við háskólann í Sorbonne og varð fyrsti kvenprófessor skólans. Hún hélt rannsóknum sínum áfram og náði loks árið 1910 að einangra hreint radíum. Fyrir þetta afrek hlaut hún nóbelsverðlaun í efnafræði árið 1911 og í þetta sinn deildi hún þeim ekki með neinum. Þetta var í fyrsta sinn sem nokkur manneskja hafði hlotið tvenn nóbelsverðlaun. Verðlaunin virðast hafa loðað við þessa fjölskyldu því dóttir þeirra hjóna Irine hlaut einnig nóbelsverðlaun í efnafræði ásamt manni sínum árið 1935. Curie helgaði sig á síðari árum ævi sinnar rannsóknum á geislavirkum efnum til læknismeðferða, til dæmis til lækninga á krabbameini. Marie Curie dó árið 1934 úr hvítblæði sem hún fékk eftir að hafa umgengist geislavirk efni í fjóra áratugi.



**MARIE OG PIERRE CURIE**

## MERKISATBURÐIR

**1602** Einokunarverslun Dana á Íslandi hefst. Hún stóð til 1787.

**1706** Meira en tuttugu bæir í Ölfusi og Flóa hrynja í miklum jarðskjálftum.

**1740** Systkinin Sunnefa og Jón eru dæmd til lífláts fyrir að eiga barn saman.

**1889** Adolf Hitler fæðist í Braunau am Inn í Austurríki.

**1928** Mæðrastyrksnefnd stofnsett að tilhlutan Kvenréttindafélags Íslands.

**1947** Kristján tíundi Danakonungur lætur lífið.

**1972** Appollo 16 lendir á tunglinu.

## ANDLÁT

**Erna María Guðmundsdóttir**, Fannafold 245, Reykjavík, lést föstudaginn 15. apríl.

**Dylan Óskar Campell-Savours** lést í London sunnudaginn 17. apríl.

**Hjörtur Magnús Guðmundsson**, Löngubrekku 47, Kópavogi, lést mánudaginn 18. apríl.

## JARÐARFARIR

13.00 **Stella Björnsdóttir**, Rauðahjalla 15, Kópavogi, verður jarðsungin frá Digraneskirkju.

13.00 **Kaj Willy Christensen**, hjúkrunarheimilinu Eir, Hlíðarhúsum 3-5, áður Dúfnahólum 4, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

15.00 **Laufey Halldórsdóttir**, hjúkrunarheimilinu Eir, áður Laugarásvegi 5, Reykjavík, verður jarðsungin frá Áskirkju.

15.00 **Ólöf Sigurbjarnardóttir**, frá Laxárholti, Hraunhreppi, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## AFMÆLI

**Fríða Proppé** blaðamaður er 56 ára.



**Vilhjálmur Bjarnason** viðskiptafræðingur er 53 ára.

**Halldór Áskelsson** knattspyrnuhetja í Þór er fertugur.



**Bjarni Haukur Þórsson** leikari er 34 ára.

## FÆDDIR ÞENNAN DAG

**1745 Philippe Pinel**, faðir sálfræðinnar.



**1808 Napóleon III** Frakklandskeisari.



**1889 Adolf Hitler** einræðisherra.

**1939 Gro Harlem Brundtland**, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs.

**1949 Jessica Lange** leikkona.



TÍMAMÓT: STEINUNN ÞÓRARINSDÓTTIR FIMMTUG Í DAG

# Opnar sína fyrstu sýningu í New York

„Það stóð til að afmælið færi fram í kyrrþey, en það er víst úr sögunni,“ segir Steinunn Þórarinsdóttir myndlistamaður sem flúði alla leið til New York til að gleyma fimmtugsafmæli sínu í dag.

„Það var reyndar fleira sem dró mig vestur yfir haf,“ viðurkennir hún. „Ég var að opna mína fyrstu sýningu í Bandaríkjunum. Það er skemmtileg tilviljun að þetta beri upp á sama tíma og ég held í rauninni upp á tvenn tímamót.“ Auk sýningarinnar sem nú stendur yfir er Steinunn með mörg járn í eldinum, meðal annars stendur til að opna sýningar í Seattle og Toronto. „Það gæti einnig farið svo að ég sýni á safni í Flórída. Það er margt að gerast hér ytra og hefur allt hlaðist upp á sama punkti.“

Steinunn hefur dvalið í New York í rúma viku ásamt eiginmanni sínum, Jóni Ársæli Þórðarsyni sjónvarpsmanni, og sonum þeirra, Þórði Inga og Þórarni Inga. Þau setja stefnuna upp í sveit á afmælisdegi Steinunnar. „Vinur okkar býr í smábæ hér skammt frá og ætlar að taka á móti okkur og við gerum eitthvað skemmtilegt, en dagurinn hefur svo sem ekki verið skipulagður í þaula.“

Þó að sýningarhaldinu fylgi mikið stúss segir Steinunn fjölskylduna hafa getað notið lystisemda borgarinnar. „Við höfum gert vel við okkur bæði í mat og drykk og við eigum marga vini hér úti sem við höfum vitjað. Þessi ferð er búin að verið afar ljúf,“ segir Steinunn, sem snýr aftur til Íslands á föstudag. ■



**STEINUNN ÞÓRARINSDÓTTIR** Hér stendur hún við verk sín fyrir framan Hallgrímskirkju sem hafa vakið mikla athygli undanfarna mánuði.



*Elsku sonur minn,*

**Birgir Sævar Pétursson**

Hátúni 10,

lést laugardaginn 9. apríl á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Unnur María Jónatansdóttir.**

*Elskulega móðir okkar, amma og langamma,*

**Hildigard S. Björnsson**

lést á líknardeild Landspítalans þann 15. apríl. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Hörður Arason,**
**Hilmar Arason,**
**Björn Arason,**
**Guðrún Aradóttir,**
**Elísabet Aradóttir,**
**Hafdís Huld Björgvinsdóttir,**
**ömmubörn og langömmubörn.**

# Forboðnir ávextir

Forboðnir ávextir, ráðstefna um trú og vísindi, verður haldin laugardaginn 23. apríl í sal 101 í Lögbergi í Háskóla Íslands. Guðmundur Ingi Markússon trúarbragðafræðingur er skipuleggjandi ásamt Steindóri J. Erlingssyni líf- og vísindasagnfræðingi og er þetta sjálfstætt framtak þeirra tveggja.

Guðmundur segir tilgang ráðstefnunnar vera að stuðla að vandaðri umræðu um trúarbrögð og vísindi, en hann telur að umræða bæði af hendi kirkjunnar manna og trúleysingja hafi verið handahófskennd undanfarið. Ákveðið var því að koma með sjónarhorn félagsvísinda og hugvísindagreina á málið.

Ráðstefnan fjallar meðal annars um spurningar eins og hvort trúarbrögð og vísindi hafi alltaf átt í deilum og stríði, hvort hægt sé að rannsaka trú vísindalega og hvort trú geti verið skynsöm. Verður leitast við að svara þessum spurningum á einhvern máta.

Guðmundur er sjálfur efins um að hægt sé að sameina trú og vísindi en í erindi sínu mun hann fjalla um trúarbrögð út frá rannsóknum á mannshuganum.

Ráðstefnan hefst klukkan 10, aðgangur er ókeypis og öllum heimill. ■



**GUÐMUNDUR INGI MARKÚSSON** Vill stuðla að vandaðri umræðu um trúarbrögð.




**Og1** er ný þjónusta **Og Vodafone** sem lækkar kostnað heimila verulega og færir þeim rausnarlegan ávinning.

## GSM

**0 KR. HEIM**

Nú hringja allir heim úr GSM án þess að greiða mínútugjöld í allt að 60 mínútur á dag.

**0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM**

Hvert GSM númer fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir GSM áskrift er 600 kr. Gildir fyrir Frelsisnotendur með 500 kr. Frelsisáskrift.

## Heimasími

**0 KR. INNANLANDS**

500 mínútur í aðra heimasíma eru innifaldar í mánaðargjaldi. Flestir tala minna en í 500 mínútur á mánuði á milli heimasíma og greiða því ekkert mínútugjald.

**0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM**

Hver Heimasími fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir Heimasíma er 1.340 kr.

## Internet

**MEIRI HRAÐI, FRJÁLST NIÐURHAL OG VERÐÞAK**

Þú átt þess kost að fá 6Mb/s ADSL og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4Mb/s ADSL og 1GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði.

ADSL hraði miðast við þjónustusvæði **Og Vodafone**.

---

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í **Og1**. Þeir sem eru með síma eða nettengingu frá vinnuveitanda ættu einnig að kynna sér **Og1**.

og vodafone™

Heyrumst!

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 27709 04/2005


Sérvalið kjöt
í kjötborði!
SVÍNAKÓTILETTUR
ÚR KJÖTBORÐI
798 kr. kg
Þú sparar 500 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 1.298 kr./kg.
SVÍNARIF (SPARE RIBS)
ÚR KJÖTBORÐI
599 kr. kg
Þú sparar 200 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 799 kr./kg.
25%
afsláttur
við kassa
GOURMET LAMBA
RIB-EYE KRYDDAÐ
2.437 kr. kg
Þú sparar 812 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 3.249 kr./kg.
MÓA RAUÐVÍNS
KJÚKLINGALÆRI
349 kr. kg
Þú sparar 150 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 499 kr./kg.
MÓA BBQ
KJÚKLINGALÆRI
349 kr. kg
Þú sparar 150 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 549 kr./kg.
SPARAÐU
NÓATÚNS
ÍS
498 kr. 1l
STJÖRNU SALAT
FERSKT SALAT 300 g 99 kr.
HRÁSALAT 350 g 149 kr.
KARTÖFLUSALAT 390 g 149 kr.
2 FYRIR 1
50 gr Snakkpoki
fylgir frítt!
PEPSI MAX 4 L
+ SNAKK 50 G
99 kr.
STJÖRNU SNAKK
90 G
149 kr. pk.
Þú sparar 50 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 199 kr./pk.







# BETRI KAUP
## Í NÓATÚNI!










Mundu CHESTER FRIED
NÓATÚN
OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA



## Heyrst hefur ...

... að Heimir Ríkarðsson handknattsleiksþjálfari verði ekki lengi atvinnulaus en hann var rekinn frá Fram á mánudagskvöldið. Síminn stoppaði ekki hjá Heimi í gær og meðal þeirra sem hringdu í kappann voru KA-menn en þeir eru einmitt í þjálfaraleit þessa daganna.

# sport

sport@frettabladid.is

**GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON TEKUR VIÐ FRAM:** HEIMIR REKINN EFTIR 23 ÁRA STARF FYRIR FÉLAGIÐ

# Kominn með áhuga á handbolta á ný

Stjórn handknattleiksdeildar Fram tilkynnti í gær að hún hefði ákveðið að ráða Guðmund Guðmundsson, fyrrverandi landsliðsþjálfara, sem þjálfara karlaliðs félagsins næstu þrjú árin. Guðmundur tekur við starfinu af Heimi Ríkarðssyni, sem var rekinn eftir 23 ára samfleytt starf hjá félaginu en hann átti eitt ár eftir af samningi sínum við félagið. Guðmundur var jákvæður á blaðamannafundinum í gær en sex mánuðir eru síðan hann hætti sem landsliðsþjálfari.

„Ég lokaði engum dyrum þegar ég hætti með landsliðið enda á maður aldrei að vera með stórar yfirlýsingar því hlutirnir eru oft fljótir að breytast. Ég hef verið að fá áhugann á handbolta aftur síðustu vikur. Ég tel mig hafa haft gott af hvíldinni enda var ég búinn að þjálfa samfleytt í 16 ár þegar ég hætti með landsliðið,“ sagði Guðmundur en hann er ekki á ókunnum slóðum enda þjálfaði hann Framliðið á árunum 1995-1999.

Þegar Guðmundur lét af starfi landsliðsþjálfara sagði hann í viðtali við Fréttablaðið: „Ég er að byrja í nýju starfi sem ég get ekki sinnt af eðlilegri getu ef ég held áfram með landsliðið“. Það lá því beinast við að spyrja hvort hann hefði meiri tíma sex mánuðum síðar.

„Það er ýmislegt búið að breytast hjá mér og ég hef metið stöðuna á ný. Ég hefði ekki tekið starfið að mér ef ég gæti ekki sinnt því af 100% krafti,“ sagði Guðmundur, sem hefur verið í hlutastarfi hjá PARX-viðskiptaráðgjöf ásamt því sem hann hefur starfað á auglýsingadeild RÚV.



## > Við gleðjumst með ...



... íslensku körfuboltafólki sem heldur sitt árlega lokahóf í Stapanum í Njarðvík í kvöld. Þar kemur í ljós hvaða leikmenn, þjálfarar og dómarar hafa skarað fram úr í vetur að mati leikmannana sjálfra.

## > Við hrósum ...



... Andra Stefan, leikmanni Hauka, fyrir að hafa sýnt ótrúlega hörku og kjark þegar hann spilaði nefbrotinn með Haukum gegn Val í gærkvöldi. Andri skoraði 7 mörk í leiknum, mörg þeirra eftir að hafa vaðið inn í vörnina og skorað laglega úr gegnumbrotum.






# Haukar skrefinu á undan

**Haukar tóku forystuna gegn Val í gær með góðum sigri á Ásvöllum, 29-25. Hvorugt liðið lék vel en Haukar voru skrefi á undan allan leikinn.**

**HANDBOLTI** Hann var ekki góður handboltinn sem Haukar og Valur buðu áhorfendum upp á að Ásvöllum í gær en liðin bættu slakan leik upp með fínni spennu. Þau héldust í hendur nánast í 60 mínútur en Valsmenn voru ávallt skrefi á eftir Íslandsmeisturunum, sem kláruðu leikinn á síðustu mínútunum.

Reyndar var alveg furðulegt að Haukar skyldu ekki vera löngu búnir að klára leikinn enda var leikur Valsmanna borinn uppi af tveimur mönnum allan leikinn. Heimir Örn Árnason fór hamförum í fyrri hálfleik en gaf nokkuð eftir í síðari hálfleik. Það gerði Vilhjálmur Ingi Halldórsson ekki en drengurinn neitaði að gefast upp og hélt áfram að skjóta til enda. Því miður fyrir Vilhjálm misfórust tvö síðustu skot hans, sem voru afar mikilvæg.

Munurinn á liðunum í gær lá helst í breiddinni en fimm leikmenn léku vel hjá Haukum í gær. Enginn þó betur en Vignir Svavarsson, sem var mjög sterkur í sókninni, og Andri Stefan sýndi lipra takta með andlitsgrímu sem hann þarf að bera vegna nefbrots.

Valsmenn misstu af gullnu tækifæri í gær til að sigra Hauka, sem voru nokkuð ryðgaðir. Lið sem ætlar sér alla leið getur ekki leyft sér slíkan munað og Valsmenn verða að girða sig verulega í brók ef þeir ætla að sigra næsta leik. Þeir geta mikið betur.

„Við áttum auðveldara með að skora en Valur í kvöld en okkur vantaði herslumuninn til þess að hrista þá af okkur allan leikinn,“ sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, og hann skelltu hluta af skuldinni á mótafyrirkomulagið en Haukar höfðu ekki leikið í 12 daga fyrir rimmuna í gær.

„Menn eru ekki alveg í gírnum og þess vegna gerum við mikið af tæknifeilum.“

Heimir Örn Árnason var annar tveggja leikmanna Vals sem léku almennilega í gær og hann var hundfúll í leikslok.

„Þetta var ömurlegt og ég á varla til orð. Að nýta ekki tækifærið þegar Haukar leika svona illa er alveg ömurlegt. Við spiluðum langt undir getu og hefðum við spilað af eðlilegri getu hefðum við unnið þennan leik,“ sagði Heimir Örn.

henry@frettabladid.is



**VIGNIR STERKUR Á LÍNUNNI** Vignir Svavarsson skoraði sjö mörk fyrir Hauka sem unnu 29–25 sigur á Val í fyrsta undanúrslitaleik liðanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


# Góðar sumargjafir á frábæru verði



**Línuskautar**
ABEC 5 legur
St.: 27-29, 30-33, 34-36
4.995



**Línuskautar**
ABEC 7 legur
St.: 37-45
Verð frá:
7.995



**Hjálmur**
St.: S-XL
2.995



**Hlífar**
Olnbogi, úlnliði & hné
Stærðir: S-L
2.995



**Windstopper flíspeysa**
3 litir
5.995

Opið sumardaginn fyrsta frá kl. 11.00 - 16.00

Þú færð hjálm á 1000 kr. þegar þú verslar línuskauta og hlífar.
Gildir til og með sumardaginn fyrsta.

Nýja SKÁTABÚÐIN FERÐAVERSLUN
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727


## Blóðug barátta hjá ÍBV og ÍR í Eyjum í gær:

# Roland lokaði á ÍR-inga

**HANDBOLTI** Roland Valur Eradze átti frábæran leik þegar ÍBV vann eins marks sigur á ÍR í fyrsta leik liðanna í undanúrslitunum DHL-deildar karla sem fram fór í Eyjum í gær.

Roland varði 22 skot í leiknum, flest þeirra úr dauðafærum og þar á meðal síðasta skot leiksins um leið og leiktíminn rann út. Zoltan Belanýi skoraði sigurmark ÍBV úr vítakasti þegar hálf mínúta var eftir af leiknum.

ÍBV hafði fimm marka forskot í hálfleik og náði mest sex marka forskoti í upphafi seinni hálfleiks en ÍR-ingar skoruðu sjö mörk gegn tveimur á lokakaflanum og náðu að jafna leikinn af miklu harðfylgi.

„Við fórum illa með færin í þessum leik og spiluðum sóknarlega mjög illa, sérstaklega í byrjun leiks. Eftir 18 mínútur vorum við búnir að gera fjögur mörk, ÍBV virkilega komnir inn í leikinn og því á brattann að sækja fyrir okkur. Með smá heppni í seinni hálfleik hefðum við getað komist betur inn í leikinn, sérstaklega í stöðunni 23-19 þegar við eigum tvö góð færi sem við förum illa með. Hefðum við nýtt þau færi held ég að þetta hefði getað endað öðruvísi hér í kvöld. Það er hörkuleikur fram undan á heimavelli okkar og við ætlum okkur að klára það og koma hingað til Eyja aftur,“ sagði Júlíus Jónasson þjálfari ÍR í leikslok.

„Þetta var alveg frábært að vinna þetta hérna í kvöld og nú ætlum við að klára þetta í tveimur leikjum og fá gott frí áður en við mætum Val eða Haukum. Við komum vel undirbúnir fyrir þennan leik og vorum búnir að kortleggja þá vel. Við virtumst hins vegar vera vel stemmdari í upphafi og með svona stuðning eins og var frá áhorfendum eigum við ekki að geta tapað,“ sagði Svavar Vignisson, fyrirliði ÍBV, eftir leik.

-ÓÓJ/JIÁ

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

APRÍL

17 18 19 **20** 21 22 23

**Miðvikudagur**

## SJÓNVARP

- ☐ 07.00 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur. Endurtekin á hálftíma fresti til 9.00 og svo aftur klukkan 17.05.
- ☐ 19.00 **Ítalski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Juventus** og **Internazionale** í ítölsku A-deildinni í fótbolta.
- ☐ 19.20 **Enski boltinn** á Skjá 1. Bein útsending frá leik **Chelsea** og **Arsenal** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 22.20 **Formúlukvöld** á RÚV.
- ☐ 23.15 **World Series of Poker** á Sýn.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *DHL-deild karla*

HAUKAR–VALUR 29–25 (14–12)

**Mörk Hauka:** Vignir Svavarsson 7, Andri Stefan 7, Ásgeir Örn Hallgrímsson 5, Þórir Ólafsson 5/1, Jón Karl Björnsson 5/3.
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 16.
**Mörk Vals:** Vilhjálmur Ingi Halldórsson 11/1, Heimir Örn Árnason 8, Baldvin Þorsteinsson 2, Brendan Þorvaldsson 2, Fannar Friðgeirsson 1, Hjalti Pálmason 1.
**Varin skot:** Pálmar Pétursson 10, Hlynur Jóhannesson 8/1.

ÍBV–ÍR 30–29 (15–10)

**Mörk ÍBV:** Sigurður Ari Stefánsson 8, Tite Kalandaze 7, Samúel Ívar Árnason 5/2, Zoltan Belany 4/1, Robert Bognar 3, Grétar Eyþórsson 2, Svavar Vignisson 1.
**Varin skot:** Roland Valur Eradze 22, Jóhann Guðmundsson 2.
**Mörk ÍR:** Hannes Jón Jónsson 8/5, Bjarni Fritzson 5, Fannar Þorbjörnsson 5, Ólafur Sigurjónsson 4/1, Ragnar Már Helgason 3, Ingimundur Ingimundarson 2, Ísleifur Sigurðsson 1, Tryggvi Haraldsson 1.
**Varin skot:** Hreiðar Guðmundsson 8, Ólafur H. Gíslason 11.

### *Enska úrvalsdeildin*

BOLTON–SOUTHAMPTON 1–1

1–0 Stelios Giannakopoulos (25.), 1–1 Kevin Phillips (69.).

MIDDLESBROUGH–FULHAM 1–1

0–1 Brian McBride (82.), 1–1 Boudewijn Zenden. víti (90.).

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CHELSEA | 32 | 25 | 6 | 1 | 62–12 | 81 |
| **ARSENAL** | **32** | **21** | **7** | **4** | **73–33** | **70** |
| MAN. UTD | 32 | 19 | 10 | 3 | 48–19 | 67 |
| **EVERTON** | **32** | **16** | **6** | **10** | **39–33** | **54** |
| BOLTON | 34 | 15 | 8 | 11 | 44–38 | 53 |
| **LIVERPOOL** | **33** | **15** | **6** | **12** | **46–34** | **51** |
| TOTTENH. | 33 | 13 | 8 | 12 | 41–37 | 47 |
| **MIDDLESB.** | **33** | **12** | **10** | **11** | **46–44** | **46** |

### *Deildarbikar KSÍ*

FRAM–FH 2–0

1–0 Andri Fannar Ottósson, 2–0 Heiðar Geir Júlíusson. **Fram** er úr leik en **KR**, **Þróttur**, **FH** og **Keflavík** hafa tryggt sér sæti í 8 liða úrslitum.

### *Þýski handboltinn*

WALLAU MASSENHEIM–LEMGO 34–41

**Einar Örn Jónsson** skoraði 2 mörk fyrir Wallau en **Logi Geirsson** skoraði 6 fyrir Lemgo, þar af eitt úr vítakasti..












## STUÐ MILLI STRÍÐA ⁝ Þekkta fólkið á Íslandi

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VELTIR FYRIR SÉR FRÆGÐ.



Ég rifjaði á dögunum upp samtal mitt við enskan skiptinema sem ég hitti fyrir mörgum árum. Veit ekki af hverju, kannski af því að ég hitti sænskan skiptinema um helgina. Sá enski hafði verið að velta því fyrir sér hver draumur ungra Íslendinga væri. Hann hafði farið á alla bari í Reykjavík og fengið sama svarið. Hann bar það upp við mig og ég gat ekki annað en hlegið. „Að vera frægur," sagði hann á bjagaðri íslensku og splæsti einum á mig. Þetta var á þeim tíma þegar Damon Albarn kom til Íslands og keypti sér bar. Þegar fræga fólkið uppgötvaði Ísland og þekktu Íslendingarnir urðu til.

Þessir þekktu Íslendingar urðu allt í einu viðfangsefni dagblaðanna og glanstímaritanna. Þeir „blésu á kjaftasögurnar" eða gáfu þeim byr undir báða vængi. Ein varð ólétt eftir þekktan tónlistarmann á meðan annað par hætti saman. Allt gerðist fyrir augum almennings og þekkta fólkið sveif á rósrauðu skýi. Því hafði tekist að uppfylla draum sérhvers ungs Íslendings og taldi sér trú um að það væri orðið frægt.

Frægð er hins vegar ekki það sama og að vera þekktur. „Ég þekki þennan en hef ekki hugmynd um hvaðan," sagði litli bróðir minn þegar við vorum í Smáralindinni að kaupa geisladiska. Ég leit við og kinkaði kolli. Ég þekkti hann en vissi ekki hvaðan. Þegar ég kom heim var hann á forsíðu einhvers blaðs, ástfanginn af einhverri sem ég vissi ekki heldur hver var.

Þekkta fólkið virðist hafa óbilandi þörf fyrir að sjá sjálft sig á forsíðu einhvers helgarblaðs eða glanstímarits. Segja frá því þegar það er ástfangið af einhverjum eða frá erfiðum skilnaði. Það er ekki að kynna eitthvað sem það er að gera heldur viðhalda þeim stalli að vera þekkt. Þannig að það geti heilsað fræga fólkinu. Við hin þekkjum andlitin en höfum ekki hugmynd um af hverju. ■




## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott












# Vaxtalaus verðsprengja

## í smáralind

### Legend G-556E



- Intel P4 M 1,8GHz Dothan örgjörvi 2mb
- 512mb DDR 333 Vinnsluminni
- Dual DVD skrifari og DVD drif
- ATI Radeon 9700 M11 128MB Skjákort TV-Out
- 80GB harður diskur, 5400rpm 8mb
- 5,1-Ch hljóðkort
- 15" SXGA 1400x1050 TFT skjár
- Intel Pro þráðlaust netkort 803,11 b/g*
- 10/100 Netkort og 56k mótald
- USB 2,0 / FireWire / PCMCIA-II/ 8cell Li-Ion Rafhlaða
- Windows XP-Pro stýrikerfi á ísl. eða ensku
- Skrifara- og afspilunarhugbúnaður

Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 6.999* kr á mán. í 26 mánuði
Staðgreitt 181.974,-

### Legend G-556C



- Intel Celeron M 1,4GHz örgjörvi
- 256MB DDR 333 Vinnsluminni
- Dual DVD skrifari og DVD drif
- ATI Radeon 9700 M11 128MB Skjákort TV-Out
- 60GB harður diskur, 5400rpm 8mb
- 5,1-Ch hljóðkort
- 15" SXGA 1400x1050 TFT skjár
- 10/100 Netkort og 56k mótald
- Intel Pro þráðlaust netkort 803,11 b/g
- USB 2,0 / FireWire / PCMCIA-II/ 8cell Li-Ion Rafhlaða
- Windows XP-Pro stýrikerfi á ísl. eða ensku
- Skrifara- og afspilunarhugbúnaður

Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 6.999* kr á mán. í 20 mánuði
Staðgreitt 139.980,-

### Legend G-557



- Intel Celeron M 1,3 Ghz örgjörvi
- 256 MB DDR 333 vinnsluminni
- Dual DVD skrifari og DVD drif
- SIS 661 allt að 64MB skjákort TV-Out
- 40GB harður diskur
- 5,1-Ch hljóðkort
- 15" SXGA 1024x768 TFT skjár
- 10/100 netkort og 56K mótald
- Intel Pro þráðlaust netkort 803,11 b/g
- USB 2,0, 8Cell Li-Ion rafhlaða, 2,6Kg
- Windows XP-Pro stýrikerfi á ísl. eða ensku
- Skrifarahugbúnaður
- DVD afspilunarhugbúnaður

Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 6.999* kr á mán. í 14 mánuði
Staðgreitt 97.986,-

### Legend G-532



- Transmeta TM-8600 1GHz örgjörvi
- 256MB DDR 333 vinnsluminni
- Combo CDRW skrifari og DVD lesari
- XGI XP5 128 bita skjástýring allt að 32mb
- 40GB harður diskur
- 5,1-Ch hljóðkort
- 14" XGA 1024x768 TFT skjár
- 10/100/1000 Gigabit Netkort og 56k mótald
- Intel Pro þráðlaust netkort 802,11 b/g
- USB 2,0, 8cell Li-Ion Rafhlaða
- Windows XP-Pro stýrikerfi á ísl. eða ensku

Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 6.999* kr á mán. í 11 mánuði
Staðgreitt 76.989,-

### Legend Xite



- AMD Sempron 2300+ örgjörvi
- 256MB 333MHz minni
- 16x+/Dual DVD skrifari
- Skjástýring 64MB
- 80GB harður diskur
- 6-Ch hljóðkort; 10/100 netkort
- 6xUSB
- 17" LCD tölvuskjár
- Lyklaborð og optical mús
- Windows XP-Home á ísl. eða ensku

Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 4.999* kr á mán. í 16 mánuði
Staðgreitt 79.984,-

### Legend Internet PC



- AMD Duron 1,6 GHz örgjörvi
- 128MB DDR minni
- Geisladrif 52x
- Skjástýring 32MB
- 40GB harður diskur
- 6-Ch hljóðkort; 10/100 netkort
- 17" LCD tölvuskjár
- 6x USB
- Lyklaborð og optical mús
- Windows XP-Home á ísl. eða ensku

Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 4.999* kr á mán. í 12 mánuði
Staðgreitt 59.988,-

### Legend Premium



- Intel Celeron 2,6GHz örgjörvi
- 256MB 333MHz minni
- 16x+/ Dual DVD skrifari
- MSI FX 5200 128MB skjákort TV-Out DVI
- 160GB SATA harður diskur 8MB
- 6-Ch hljóðkort; 10/100 netkort
- 7x USB
- 17" LCD tölvuskjár
- Media Bay, les flestar teg. minniskorta
- Lyklaborð og optical mús
- Windows XP-Home á ísl. eða ensku

Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 4.999* kr á mán. í 20 mánuði
Staðgreitt 99.980,-

### Legend X-treme



- Intel P4 3,0 GHz Prescott 800MHz H.T.
- 512MB 400MHz minni
- 16x+/ Dual DVD skrifari
- MSI FX 5700 LE 256MB skjákort TV-Out DVI 2H
- 200GB SATA harður diskur 8MB
- 6-Ch hljóðkort; 10/100 netkort
- 7x USB
- 17" LCD tölvuskjár
- Media Bay, les flestar teg. minniskorta
- Lyklaborð og optical mús
- Windows XP-Home á ísl. eða ensku

Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 4.999* kr á mán. í 24 mánuði
Staðgreitt 119.976,-

**3ja ára ÁBYRGÐ á vélbúnaði**

**Hringiðan** Internetþjónusta

1 mánaða ADSL aðgangur hjá Hringiðunni fylgir frítt gegn undirritun 12 mánaða samnings. Innifalið í 12 mánaða samningi er 4 porta ADSL router.

## Lyklapétur

Öflug veiruvörn með Lyklapétri fylgir frítt í 90 daga með öllum LEGEND tölvum.

Gildir á meðan birgðir endast.

***Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.**

Fæst aðeins í Hagkaupum Smáralind

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



*Nýir vinir í heimasíma og til útlanda gilda fyrir Frelsisnotendur ef þeir fylla á rafrænt og eru með 500 kr. Frelsisáskrift með kreditkorti. Afsláttur til Frelsisnotenda í GSM- og heimasímavini miðast við 60 mínútur eða SMS á dag.

**Til að njóta þeirra kjara sem Internetþjónustan býður upp á þarftu að hafa GSM áskrift hjá Símanum.

800 7000 - **siminn.is**

# Þú getur valið allt þetta hjá Símanum

Síminn hefur á boðstólum allt sem þú þarft til að vera í góðu sambandi og þú hefur frelsi til að velja þá þjónustu sem þér hentar.

**Þitt er valið**



### GSM*

- Veldu þér vin með **GSM síma** og talaðu við hann í allt að **1200 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð. Núverandi Símavinir gilda ef þú hefur þegar skráð þig.
- Veldu þér vin með **heimasíma** og talaðu við hann í allt að **1200 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð.
- Veldu þér vin með heimasíma í einu af þeim **30 löndum** sem við höfum mest samskipti við og talaðu við hann í **120 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð.

### HEIMASÍMI

- Veldu þér vin með **heimasíma** og talaðu við hann í allt að **1000 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð.
- Veldu þér vin með **GSM síma** og fáðu **50% afslátt** af mínútuverði.
- Veldu þér vin með heimasíma eða GSM í **útlöndum** og fáðu **50% afslátt** af mínútuverði.

### INTERNET**

Veldu þér leið:

- Leið 1
  Þú færð **ADSL 1000** með **1 GB niðurhali** og einu netfangi á **3.990 kr.** á mánuði.
- Leið 2
  Þú færð **ADSL 2000** með **3 GB niðurhali** og þremur netföngum á **4.990 kr.** á mánuði.
- Leið 3
  Þú færð **ADSL 6000** með **ótakmörkuðu niðurhali**, öryggispakka og fimm netföngum á **5.790 kr.** á mánuði.

### MEIRA

- Viðskipavinir Internet-þjónustu Símans geta spilað einn **nýjan tölvuleik** í hverjum mánuði á siminn.is. Þessi þjónusta er innifalin.
- Viðskiptavinum Símans bjóðast mánaðarlega **betri kjör og sértilboð** sem birtast í fréttabréfinu Síminn til þín. Allar nánari upplýsingar á siminn.is/frettabref

Kynntu þér málin á siminn.is, í næstu verslun Símans eða í síma 800 7000.

Við hjálpum þér að láta það gerast

**Síminn**

ENNEMM / SÍA / NM16043

VEITINGASTAÐURINN MARU



# Japönsk stemmning

**Hver og hvar:** Veitingastaðurinn Maru, Aðalstræti 12, 101 Reykjavík.

**Hvernig er stemmningin:** Austurlenskur andi svífur yfir veitingastaðnum Maru en hann er af japönskum uppruna. Innréttingarnar eru dökkar, bland af austurlenskum og íslenskum stíl sem skapar skemmtilegar andstæður. Þær eru í takt við byggingarstíl hússins og handbragð eigandans, Guðlaugar Halldórsdóttur í má mí mó, leynir sér ekki enda mikil smekkkona þar á ferð. Stemmningin er ljúf og notaleg og hefur staðurinn í gegnum tíðina laðað að sér mikið af ferðamönnum. Hann getur líka verið æði rómantískur en það fer að sjálfsögðu eftir því með hverjum er snætt. Á Maru er ekkert sem truflar fegurðarskynið.

**Matseðillinn:** Þeir sem eru hrifnir af japönskum mat ættu ekki að verða fyrir vonbrigðum. Það er óvenjugott úrval af sushi á matseðlinum ásamt japönskum salötum, núðluréttum og ýmsum grillréttum eins og taílenskum rétti með gulu, rauðu og grænu karríi sem einungis er búið til úr grænmeti og kryddi. Það er bæði hægt að snæða á staðnum og taka með sér heim.

**Vinsælast:** Sushi er mjög vinsælt en á Maru er óvenjugott úrval af því. Þar á eftir er yakitori-kjúklingur mjög vinsæll ásamt túnfisk sashimi-salati sem samanstendur af hráum túnfiski, blönduðu salati, kirsuberjatómötum, kóríander, graslauk og sérstakri Maru-dressingu.

**Réttur dagsins:** Ekki er boðið upp á rétti dagsins enda er staðurinn einungis opinn á kvöldin.



## GOYIA: Vín frá Suður-Afríku á uppleið

Goyia Shiraz/Pinotage er eitt alvinsælasta vínið í Bretlandi og víðar. Það er nú fáanlegt á Íslandi og er á hraðri uppleið. Valið bestu kaupin á vínum frá Suður-Afríku í Decanter Top Wines 2003. Þetta er blanda af shiraz og hinni einstöku suður-afrísku þrúgu pinotage. Fágað blanda, dökkur dimmur litur. Angar af þéttum sætum sólbökuðum ávexti og lakkrís. Í bragði er vínið ríkt af ávexti, þroskuðum berjum, framandi kryddi, lakkrís, og vottar fyrir kaffi. Sérlega mjúkt vín með þessa blöndu af þrúgum. Hentar vel með pasta, pítsum, lambi og nauti. Fæst í hefðbundnum flöskum í flestum Vínbúðum en einnig í 3 lítra kössum í Heiðrúnu og Kringlunni.

**Verð í Vínbúðum 1.140 kr.**








**ANDRI OTTESEN** Getur búið til góða rétti eftir uppskriftum. Þessi uppskrift kemur frá persneskri vinkonu hans.

# Persneskar kræsingar

Andra Ottesen finnst stemmningin skipta meira máli en maturinn sjálfur.

Andri Ottesen er ævintýramaður mikill og ákaflega víðförull. Hann hefur ferðast til um 50 landa og drukkið í sig kúltúr og menningu allra þeirra. Dags daglega starfar Andri við fjárlagagerð í fjármálaráðuneytinu en meðfram því stundar hann doktorsnám við háskóla í París. Síðastliðin fimm ár hefur hann verið í stjórn AFS, þar sem hann hefur unnið mikið í alþjóðamálum. Á árunum 1992-96 stundaði Andri nám í alþjóðlegum viðskiptum í Los Angeles og eftir það fór hann í MBA-nám. Á námsárunum í borg englanna kynntist hann mörgum persneskum námsmönnum sem hann kunni afar vel við. Það hefur því verið draumur hjá honum lengi að fara til Írans.

„Los Angeles er stærsta íranska samfélagið fyrir utan Íran. Ég komst því ekki hjá því að umgangast þetta fólk. Við spiluðum til dæmis alltaf fótbolta á móti Persunum einu sinni í viku. Í gegnum Persana kynntist ég þarlendri matargerð sem ég kann afar vel við. Ég verð þó að viðurkenna að ég er enginn sérstakur kokkur,“ segir Andri og brosir út í annað. Hann lumar þó á einni uppskrift sem hann fékk hjá persneskri vinkonu sinni á námsárunum. Aðspurður um áhuga á matargerð segist hann meta félagsskapinn ofar frumlegum uppskriftum. „Ég er hrifinn af öllum mat sem hefur sérkenni. Það er nú samt þannig að félagsskapurinn og stemmningin skiptir ávallt mun meira máli en maturinn sjálfur þegar vel er að gáð. Svo finnst mér flestur matur góður.“ Uppskriftin að persneska kjúklingnum sem Andri ætlar að gefa er mátuleg fyrir tvær manneskjur en auðvelt er að stækka uppskriftina.

**PERSNESKUR KJÚKLINGARÉTTUR**

- 2 kjúklingabringur
- 1 bolli af hrísgrjónum (mega gjarnan vera brún hrísgrjón).
- 1 appelsína
- 1/2 kúrbítur
- 1 stór gulrót
- 2 matskeiðar af rúsínum
- 2 matskeiðar af hökkuðum hnetum t.d. heslihnetum (og/eða 1 matskeið af graskersfræjum)
- 2 matskeiðar af ólífuolíu
- 1 teskeið af kanil
- 2 teskeiðar af svörtum pipar

Kjúklingurinn er skorinn í netta bita og er hann kryddaður með kanil og 1 teskeið af pipar. Þetta er allt steikt á pönnu upp úr 1 matskeið af ólífuolíu.

**Hrísgrjónasalatið:**
Sjóðið hrísgrjónin samkvæmt leiðbeiningum. Þegar þau eru tilbúin eru þau sett í skál og blandað saman við safann úr appelsínunni ásamt ólífuolíu og restinni af piparnum. Síðan eru rúsínurnar og hneturnar settar út í og því blandað vel saman. Látið hrísgrjónin standa á meðan þið skerið kúrbítinn niður í litla teninga.

Gulrótin er rifin niður með grófu rifjárni. Gulrótinni og kúrbítnum er blandað út í hrísgrjónin. Það má blanda kjúklingnum í salatið og láta hann kólna en einnig má bera kjúklinginn fram heitan með salatinu, köldu eða volgu.

MATGÆÐINGURINN PÉTUR LÚTHERSSON HÚSGAGNAHÖNNUÐUR

# Hef aldrei bragðað neitt vont

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Ég gæti ekki verið án fiskjar því mér finnst hann góður, mér finnst koli bestur og ýsa kemur þar á eftir.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Ég er ekki matvandur og man ekki eftir neinu sem mér finnst vont.

**Fyrsta minningin um mat?** Ég er alinn upp vestur á Snæfellsnesi þar sem við vorum ekki með neina kæliskápa. Fiskurinn var því annað hvort saltaður eða siginn. Hann var borðaður fimm daga vikunnar og ég man að mér fannst fiskurinn misgóður, ekki sérlega spennandi og hlakkaði ekki til að borða hann. Ætli ég hafi ekki verið fimm eða sex ára þegar þetta var. Mér er þó minnisstætt að mér fannst fiskurinn aldrei vondur þegar ég var byrjaður að borða hann.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Þær eru margar góðar. Ég hef fengið margar góðar máltíðir á ferðalagi um Frakkland. Konan mín er mjög góður kokkur og býr til besta mat sem ég fæ hverju sinni. Lambakjötið stendur þó alltaf uppúr og það er fátt betra en steikt lambafille.



**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Þau eru engin því ég er ekki mikill kokkur þó ég sé matlystugur. Ég myndi eflaust bjarga mér ef ég væri í basli en ég er einn af þeim sem finnst betra að njóta en að búa sjálfur til.

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** Ég er mjög reglufastur maður og vil borða máltíðir á réttum tíma. Það eru engar fyrir fram forskriftir. Mér finnst steiktar kartöflur mjög góðar ef þær eru gerðar af kunáttu. Þetta kallast Rösti og er ættað frá Sviss. Á eftir góðri nautasteik er gott að fá súkkulaðimús, en ég fæ mér það sjaldan.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Skyr, súrmjólk og ost.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?** Ætli ég myndi ekki taka harðfisk og þurrkað nautakjöt með mér, þá væri ég mjög vel settur.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?** Ég hef borðað froskalappir og einhvers konar smádýr sem búið er að meðhöndla vel og matbúa. Þá er þetta hinn besti matur.

Annars hef ég ekki borðað neitt sem hefur komið mér verulega á óvart. Ég borðaði mjög sterkan indverskan mat í Skotlandi fyrir nokkrum árum, ég fann að mér leið ekki vel því líkaminn tók ekki við svona sterkum mat.

# NORTON: Áhugaverð gæðavín frá Argentínu

Nýlega komu í Vínbúðir hérlendis fimm vín frá Bodega Norton í Argentínu en fyrirtækið á sér langa sögu sem eitt af helstu víngerðarhúsum Argentínu. Húsið er þekkt fyrir að framleiða gæðavín á einkar hagstæðu verði. Víngerðin var stofnuð árið 1895 af Englendingnum Edmund Norton en hann hafði komið til Argentínu til að gera járnbraut sem tengir Mendoza-svæðið við Chile. Árið 1989 var svo fyrirtækið keypt af Austurríkismanninum Gernot Langes-Swarovski sem hefur rekið það síðan og aukið framleiðsluna og gæðin jafnt og þétt.

Norton Chardonnay 2004 var sett á flöskur í júlí 2004 og er því einstaklega ferskt og með keim af suðrænum ávöxtum, vínið var látið gerjast í frönskum eikartunnum sem gefur því meiri dýpt og fyllingu. Nýlega fjallaði Steingrímur Sigurgeirsson, vínsérfræðingur Morgunblaðsins, um þetta vín, gaf því einkunnina 17/20 og sagði það „mjög góð kaup“.

**Fæst í Heiðrúnu og Kringlunni og kostar 990 kr.**



Tvö Reserva-vín eru á boðstólum. Norton Malbec Reserve 2002 og Norton Cabernet Sauvignon Reserve 2002 eru bæði látin þroskast í frönskum eikartunnum í 12 mánuði áður en þau eru sett á flöskur.

**Fást í Heiðrúnu og Kringlunni og kosta 1.390 kr.**




Tvö vín eru svo fáanleg í flestum Vínbúðum. Norton Malbec 2004 er gert úr malbec-þrúgunni sem er nokkurs konar þjóðarþrúga Argentínumanna. Hitt vínið, Norton Cabernet Sauvignon 2004 er einstaklega aðgengilegt vín, flauelsmjúkt og hentar vel með góðu lambakjöti. Fékk einkunnina 17/20 hjá Steingrími og var auk þess útnefnt „Bestu kaupin“ hjá Þorra Hringssyni í Gestgjafanum.

**Verð í Vínbúðum 990 kr.**







## FOSTER'S: Formúlubjórinn einn ódýrasti 5% bjórinn

Eins og flestir unnendur Formúlu 1 vita er Foster's opinber bjór keppninnar og þar af leiðandi einn stærsti styrktaraðilinn. Foster's ætlar að gera sitt til að menn njóti formúlunnar í ár og hefur ákveðið að halda stórlækkuðu verði út keppnistímabilið en stór dós var áður á 198 kr. en er nú á 169 kr. Þrátt fyrir að breytingar hafa orðið á áfengismagni en Fosters hefur aukist að styrkleika og er nú 5% en var 4,5% áður. Fosters er því ódýrasti 5% bjórinn sem er á boðstólum í öllum helstu Vínbúðum.

Næstu helgi er fyrsta keppnin í Evrópu á þessu tímabili og bíða margir spenntir eftir því að geta horft á útsendingarnar beint á skikkanlegum tíma. Margt er óljóst og mikil spenna í loftinu, flestir eru þó undir það búnir að Ferrari muni taka kipp. Nokkur óvissa ríkir í herbúðum McLaren en óljóst er hvort Montoya keppi um helgina.

**Verð í Vínbúðum 169 kr.**







ALLIR NÁMSMENN FÁ 15% AFSLÁTT Í DAG

NÁMSMANNADAGUR Í TOPSHOP

**Í DAG KL. 17.00 OG 19.30** setja framhaldsskólanemar upp tískusýningu í TOPSHOP og skapa sumartískuna fyrir verslunina. Mac förðunarvörur undirstrika svo lookið. DJ Víkingur heldur uppi stemningunni.

Sjáumst í TOPSOHOP í dag.

TOPSHOP

**SMÁRALIND I 522 8383**

**!** **Kl. 21.00**

*Sannkölluð Ljóðaveisla verður haldin á Súfistanum við Laugaveg í kvöld á viku bókarinnar. Þau* ***Þorsteinn frá Hamri, Steinunn Sigurðardóttir, Þórarinn Eldjárn, Gyrðir Elíasson*** *og* ***Kristín Svava Tómasdóttir*** *lesa ljóð eftir sig.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Rödd úr öðrum heimi

Gömbukvartetttinn Phantasm telst vera einn sá fremsti í heiminum. Hann flytur barokktónlist eins og hún gerist best og verður með tónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld. Tímaritið Gramophone kallar hann „rafmagnaðan“ og Washington Post segir hann vera „eins og rödd úr öðrum heimi, sem hvíslar til okkar tímalausri visku“. Kvartettinn skipa þau Lawrence Dreyfus, Wendy Gillespie, Jonathan Manson og Markku Luolajan-Mikkola. Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Orlando Gibbons, Matthew Locke, Henry Purcell, W.A. Mozart og J.S. Bach. Kvartettinn var stofnaður árið 1994 af Laurence Dreyfus, sem hafði lengi dreymt um að stofna gömbuhóp á heimsmælikvarða. Phantasm hefur frá upphafi lagt áherslu á ástríðufulla og tilfinningaþrungna spilamennsku og hefur hlotið mikinn fjölda verðlauna fyrir leik sinn, meðal annars Gramophone-verðlaunin 2004 fyrir nýjasta hljómdisk sinn. Bækistöðvar hópsins eru í Lundúnum en Phantasm hefur haldið tónleika víða í Evrópu, í Bandaríkjunum og Austurlöndum fjær.



## EKKI MISSA AF…

**… kirkjulistaviku í Akureyrarkirkju** með djasstónleikum **Björns Thoroddsen** í safnaðarheimili kirkjunnar í kvöld, þar sem hann flytur lög Marteins Lúthers í eigin útsetningum. Um helgina verða hátíðartónleikar með **Kór Akureyrarkirkju, Kammerkór Norðurlands** og **Voces Thules.**

**… gjörningaviku í Nýlistasafninu** með fjölmörgum uppákomum. Annað kvöld verður til dæmis sýnt dansleikhúsverkið **„Hvar ertu stúlkukind„** eftir **Sveinbjörgu Þórhallsdóttur.** Á föstudag verður flutt **Hljóð/Orkuverk** eftir **Magneu Ásmundsdóttur** og á laugardag fremja listamenn gjörninga.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**GRJÓTHARÐIR**
**NOKKUR SÆTI LAUS FIMMTUDAGSKVÖLD!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 23/4 **uppselt**, lau. 30/4 **uppselt**, lau. 7/5 **uppselt**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 24/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**.

**DÍNAMÍT** - *Birgir Sigurðsson*
**Frumsýning mið. 27/4 örfá sæti laus**, 2. sýn. fös. 29/4 **örfá sæti laus**, 3. sýn. sun. 1/5 **örfá sæti laus**, 4. sýn. fim. 5/5 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 6/5 **örfá sæti laus**, 6. sýn. mið. 11/5 **örfá sæti laus**.

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Fim. 28/4 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 **nokkur sæti laus**.
**Aðeins þessar tvær sýningar eftir!**

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Fim. 21/4 **nokkur sæti laus**, fim. 28/4, fös. 29/4 **nokkur sæti laus**. **Sýningum að ljúka á Smíðaverkstæði.** Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
Fim. 21/4 **uppselt**, fös. 22/4 **uppselt**, fös. 29/4 **nokkur sæti laus**, **aukasýning sun. 1/5**, fim. 5/5 **örfá sæti laus**, fös. 6/5 **nokkur sæti laus**, mið. 11/5 **nokkur sæti laus**, lau. 28/5 **örfá sæti laus**. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**


# Hagyrðingamót á Blönduósi

**Það verður mikið fjör á hagyrðingamóti í félagsheimilinu á Blönduósi síðasta vetrardag, segir Magnús Ólafsson frá Sveinsstöðum sem mun stjórna mótinu.**

Þar munu nokkrir landskunnir hagyrðingar mæta og láta gamminn geisa og gestir í sal verða hvattir til þess að koma með innlegg í umræðuna í bundnu máli. Húsið opnar klukkan 21.

Meðal hagyrðinga sem sækja Húnvetninga heim þetta kvöld má nefna: Friðrik Steingrímsson úr Mývatnssveit, sem svarar mönnum iðulega í bundnu máli, þegar á hann er yrt, Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur og Hjálmar Freysteinsson læknir á Akureyri, sem báðir eru þekktir fyrir úrvals stökur. Pétur Pétursson, læknir á Akureyri, lætur sig ekki vanta í hópinn og mun kveða fast að orði eins og honum er einum lagið og annar innfæddur Húnvetningur mætir einnig, en það er Sigrún Haraldsdóttir, sem fædd er á Blönduósi.

Að hagyrðingadaskrá lokinni segir Magnús að það verði dansað við undirspil harmonikkuunnenda úr Húnaþingi og dansveitar frá Akranesi. ■



**HJÁLMAR JÓNSSON** Dómkirkjuprestur verður meðal þeirra hagyrðinga sem láta ljós sitt skína í kvöld.


Stúdentaleikhúsið kynnir
**Tilbrigði við sjófugl**
unnið upp úr verkum Antons Tsjekhov
Stúdentaleikhúsið

Leikstjórar Edda Björg Eyjólfsdóttir og Marta Nordal

| | |
|---|---|
| Miðvikudaginn 20. apríl | kl. 20:00 |
| Föstudaginn 22. apríl | kl. 00:00 MIÐNÆTURSÝNING |
| Sunnudaginn 24. apríl | kl. 20:00 |

Miðapantanir í síma 659 3483
studentaleikhusid@hotmail.com


# Heiðnir blóta sumarkomu

Sumardagurinn fyrsti telst vera einn helgasti dagur Ásatrúarfélagsins enda var það stofnað á þeim degi árið 1972. Mikil fjölgun hefur verið í félaginu undanfarin ár og inniheldur það nú rúmlega 900 félaga en fyrir aðeins um tuttugu árum náði félagatalið ekki 100 manns.

Í tilefni sumarkomu blæs Ásatrúarfélagið til barna- og fjölskylduskemmtunar á morgun, sumardaginn fyrsta, kl. 16.00 í félagsheimili sínu að Grandagarði 8. Um kvöldið verður sumarkomublót á sama stað, þar sem boðið verður upp á mat, helgiathöfn og skemmtiatriði. Sumardagurinn fyrsti er einn elsti hátíðisdagur íslensku þjóðarinnar og ótengdur trúarbragðasögunni. ■


BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - **UPPSELT,**
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir*
Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20,
Lau 30/4 kl 20, Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20
- ***Fáar sýningar eftir***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20, Lau 7/5 kl 20

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Aðalæfing í dag kl 18 - **UPPSELT,**
Frumsýning Fi 21/4 kl 14 - **UPPSELT,**
Lau 23/4 kl 14 - **UPPSELT,**
Su 24/4 kl 14 - **UPPSELT,**
Su 1/5 kl 14, Su 1/5 kl 17, Fi 5/5 kl 14,
Lau 7/5 kl 14

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Í kvöld kl 20, Fi 28/4 kl 20, Fi 5/5 kl 20

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Fö 22/4 kl 20
***Síðasta sýning***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Fi 21/4 kl 20 - ***Síðasta sýning***
- ***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl. 20 - **UPPS.,** Fi 21/4 kl 20 - **UPPS.,**
Fö 22/4 kl 20 - **UPPS.,** Lau 23/4 kl 20 - **UPPS.,**
Su 24/4 kl 20 -**UPPS.,** Fö 29/4 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 30/4 kl 20 - **UPPS.,** Su 1/5 kl 20 - **UPPS.,**
Mi 4/5 kl 20 - **UPPS.,** Fi 5/5 kl 20 - **UPPS.,**
Fö 6/5 kl 20, Lau 7/6 kl 20 - **UPPS.**

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - ***Aukasýningar***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Fö 22/4 kl 20, Lau 23/4 kl 20
Lau 30/4 kl 20, Su 1/5 kl 20

**AUGNABLIKIÐ FANGAÐ**

**DANSLEIKHÚSIÐ**
*fjögur tímabundin dansverk*
Fi 21/4 kl 19:09 **Frumsýning**
Su 24/4 kl 19:09, Su 1/5 kl 19:09
***Aðeins þessar 3 sýningar***

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga










## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

17 18 19 **20** 21 22 23

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Gömbukvartettinn **Phantasm** flytur verk eftir helstu meistara barokksins í Salnum í Kópavogi.

☐ 20.00 **Björn Thoroddsen** flytur sálma Lúthers í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju á kirkjulistaviku.

☐ 22.00 **Nafnlausa hljómsveitin** treður upp á Café Rosenberg í Lækjargötu. Á efnisskránni eru bæði frumsamin lög og fengin að láni. Hljómsveitina skipa **Sváfnir Sigurðarson, Kjartan Guðnason, Haraldur Vignir Sveinbjörnsson, Þórir Jóhannsson** og **Sigurgeir Sigmundsson**.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.15 „Margræðni reynslunnar og hugmyndin um sannleikann“ nefnist erindi sem **Jean Greisch** erindi flytur á vegum rektors HÍ, Heimspekistofnunar og Guðfræðideildar í stofu 201 í Árnagarði. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

☐ 12.15 **Ásrún Elmarsdóttir**, plöntuvistfræðingur á Náttúrufræðistofnun, flytur fræðsluerindi um áhrif skógræktar á gróðurfar, á Hrafnaþingi í sal Möguleikhússins á Hlemmi.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

17 18 19 **20** 21 22 23

Miðvikudagur

### SÝNINGAR

10.00 **Íslandsmót iðnnema** verður haldið í Smáralind. Nemar í dúklagningu skera út kreditkort á gólf Smáralindarinnar, nemar í rafvirkjun tengja ljós, málaranemar sýna stílmálningu, trésmíðanemar setja saman handhæga tröppu, nemar í flísalögn sýna listir sýnar á vegg og nemar í málmsmíði sjóða af kappi í tjaldi úti bílastæði.

### VIKA BÓKARINNAR

16.00 Nemendur Tónlistarskólans í Grindavík leika tónlist í Bókasafni Grindavíkur. Trúbador kemur einnig í heimsókn.

17.00 Borgarstjórinn í Reykjavík, **Steinunn Valdís Óskarsdóttir**, afhendir **barnabókaverðlaun** menntaráðs Reykjavíkur, annars vegar fyrir frumsamda barnabók og hins vegar fyrir þýdda barnabók.



20.00 Edda útgáfa kveður veturinn með ljóðaveislu á Súfistanum, Laugavegi 18, þar sem **Þorsteinn frá Hamri, Sigurður Sigurðardóttir, Þórarinn Eldjárn, Gyrðir Elíasson** og **Kristín Svava Tómasdóttir** lesa úr verkum sínum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


KRINGLUKRÁIN UM HELGINA

• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa

Borðapantanir í síma 568-0878

Kveðjum veturinn og fögnum sumrinu með SIXTIES í kvöld.

www.kringlukrain.is

Pizzeria Bar & Grill

Restaurant Kringlukráin – á góðri stund í mat og drykk

Apótekarinn eftir Haydn
Óperustúdíó Listaháskóla Íslands og Íslensku óperunnar

29. apríl kl. 20 - **Frumsýning**
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**

**Ath. Aðgangur ókeypis**

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

**Miðvikudagur 20. apríl** Aðalæfing klukkan 18.00 -**uppselt**
**Fimmtudagur 21. apríl** FRUMSÝNING **kl. 14.00 -uppselt**
*- Sumardagurinn fyrsti*

Laugardagur 23. apríl 2. sýning kl. 14.00 -**uppselt**
Sunnudagur 24. apríl 3. sýning kl. 14.00 -**uppselt**
Sunnudagur 1. mai 4. sýning kl. 17.00
Sunnudagur 1. mai 5. sýning kl. 14.00
Fimmtudagur 5. maí 6. sýning kl. 14.00
*- Uppstigningardagur*
Laugardagur 8. mai 7. sýning kl. 14.00
Sunnudagur 9. mai 8. sýning kl. 14.00

**MIÐASALAN ER HAFIN**
á **www.borgarleikhus.is** og í síma **568 8000**

Sýnt í Borgarleikhúsinu!

Sveppi er KALLI Á ÞAKINU
Eftir Astrid Lindgren

Tenórinn

Vegna fjölda áskorana verða tvær aukasýningar

Laugardaginn 23. apríl kl. 20 - *Uppselt*

*Auka aukasýning*
Laugardaginn 7. maí kl. 20

IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is

Tjarnarbakkinn restaurant

NASA

MIÐVIKUD. 20. 04. '05
GUS GUS
FÖGNUM SUMRI OG DÖNSUM!!!!
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
500 KR. INN

FÖSTUD. 22. 04. '05
Á MÓTI SÓL
STÓRDANSLEIKUR MEÐ ÞESSARI FRÁBÆRU SVEIT
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
500 KR. INN

SKÍTAMÓRALL
LAUGARD. 23. 04. '05

NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

PRIMUS MOTOR CO.

LEIKBÆR

Nýr og stærri Leikbær!





Mjódd   Faxafeni

Frábær opnunartilboð í öllum verslunum Leikbæjar!

Hringbrot


















**LITTLE BRITAIN** Í þáttunum er gert óspart grín að bresku samfélagi.

# Little Britain sigursælir

Gamanþættirnir Little Britain unnu tvenn verðlaun á bresku BAFTA-sjónvarpsverðlaunaafhendingunni sem var haldin fyrir skömmu.

Þættirnir, sem voru nýverið teknir til sýninga í Ríkissjónvarpinu, þykja heldur óvenjulegir en þar er gert óspart grín að bresku samfélagi. „Við viljum þakka BBC fyrir að hafa trú á okkur, meira að segja þegar þátturinn var ömurlegur," sagði David Walliams, annar af handritshöfundum Little Britain.




# Þegar við sváfum

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**



**HOTEL RWANDA (HÓTEL RÚANDA)**
SÝND Á IIFF 2005 KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI

**LEIKSTJÓRI**: TERRY GEORGE
**AÐALLEIKARAR**: DON CHEADLE, SOPHIE OKONEDO OG NICK NOLTE

**NIÐURSTAÐA:** Myndin er áhrifarík vegna þess að hún fangar þá örvæntingu, ótta og reiði sem grípur um sig í Afríkuríkinu Rúanda.

Einhver óhugnanlegustu þjóðarmorð 20. aldarinnar hófust í Afríkuríkinu Rúanda árið 1994. Herskáir Hútúar réðust gegn samlöndum sínum, Tútsum, og reyndu kerfisbundið að útrýma þeim. Eftir hundrað daga höfðu um átta hundruð þúsund fallið í valinn. Þessi grimmdarverk voru í fréttum og á forsíðum dagblaða um allan heim. Alþjóðasamfélagið sá sér hins vegar engan hag í að skipta sér af því sem þeir kölluðu „ættbálkaerjur".

Í kvikmyndinni Hótel Rúanda er því lýst hvernig hótelstjórinn Paul Rusesabagina, snilldarlega leikinn af Don Cheadle, sogast inn í atburðarásina þegar hótelið hans verður griðastaður fyrir Tútsa. Paul, sem sjálfur er Hútúi, er í fyrstu blindur á það sem er að gerast í kringum hann og reynir að telja fjölskyldu sinni trú um að það sem er í farvatninu muni aldrei eiga sér stað. Hann tekur starfið fram yfir allt og er hræddastur við að skaða orðstír hótelsins. Hann er handviss um að Vesturlöndin muni blanda sér í málið áður en hlutirnir fara úr böndunum. Smám saman gerir hann sér þó grein fyrir því að enginn kemur þeim til hjálpar. Hann þarf því sjálfur að beita áhrifum sínum og samböndum til að bjarga sem flestum.

Á yfirborðinu fjallar Hótel Rúanda ekki um sinnuleysi alþjóðasamfélagsins heldur reynir frekar að upplýsa áhorfandann um þá örvæntingu og skelfingu sem greip um sig meðal Tútsa. Undir niðri kraumar þó gagnrýnin á vestræn samfélög og hversu skelfilegar afleiðingar þetta afskiptaleysi hafði á líf fólksins í Rúanda. „Fólk á eftir að horfa á þetta í sjónvarpinu, hugsa „guð minn góður, þetta er hræðilegt" og halda síðan áfram að borða kvöldmatinn," segir tökumaðurinn Jack í myndinni og hittir naglann á höfuðið. Kvikmyndin er ekki óhugnanleg því að blóðsúthellingarnar eru ekki áberandi heldur skynjar áhorfandinn hildarleikinn í gegnum viðbrögð persónanna.

Þegar ljósin kviknuðu í salnum sátu flestir áhorfendur eftir í sætunum. Engan, held ég, óraði fyrir því að harmleikurinn hefði verið svona mikill. Flestir hafa væntanlega litið í eigin barm og hugsað með sjálfum sér: Hvar var ég árið 1994?

**freyrgigja@frettabladid.is**

# Björk í 26. sæti

Plata Bjarkar Guðmundsdóttir, Debut, náði 26. sæti yfir 100 bestu plötur allra tíma í skoðanakönnun sem breska sjónvarpsstöðin Channel 4 gerði á dögunum.

Platan OK Computer með Radiohead hafnaði í efsta sæti en þegar síðasta könnun var gerð fyrir fimm árum síðan komst Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band með Bítlunum í efsta sætið. Alls tóku 400 manns þátt í kosningunni, sem fór fram í gegnum síma. ■

**TÍU BESTU PLÖTURNAR:**

| | |
|---|---|
| 1. RADIOHEAD | OK Computer |
| 2. U2 | The Joshua Tree |
| 3. NIRVANA | Nevermind |
| 4. MICHAEL JACKSON | Thriller |
| 5. PINK FLOYD | Dark Side of the Moon |
| 6. OASIS | Definitely Maybe |
| 7. THE BEATLES | Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band |
| 8. MADONNA | Like a Prayer |
| 9. GUNS N' ROSES | Appetite for Destruction |
| 10. THE BEATLES | Revolver |



**BJÖRK** Björk Guðmundsdóttir náði 26. sæti yfir bestu plötur allra tíma í nýrri breskri könnun.







# Ske hitar upp fyrir Robert Plant

Popphljómsveitin Ske mun hita upp fyrir Robert Plant í Laugardalshöllinni næstkomandi föstudag. Talsverður tími fór hjá Plant og umboðsmanni hans í að ákveða hvaða hljómsveit kæmi til greina. Á endanum var það Ske sem varð fyrir valinu og þótti þeim bandið ferskt og skemmtilegt.

Enn eru eftir miðar í stæði á tónleikana en miðar í stúku og bekki seldust upp á mettíma. Miðasala er á eftirfarandi stöðum: Hard Rock Café Kringlunni, Pennanum Glerártorgi, Pennanum Akranesi, Hljóðhúsinu Selfossi, Hljómval Keflavík og á midi.is. Miðaverð er 4.500 kr. ■



**SKE** Hljómsveitin Ske hitar upp fyrir Robert Plant í Laugardalshöll á föstudag.

# Allt í góðu hjá Jamie

Hjónaband sjónvarpskokksins og Íslandsvinarins Jamie Olivier og konu hans Jools hefur verið mikið til umræðu hjá enskum fjölmiðlum og þau sögð eiga í miklum hjónabandserfiðleikum. Jamie hefur hingað til ekki viljað tjá sig um þetta en ákvað loks í vikunni að stíga niður fæti og sagði hjónin aldrei hafa verið jafn hamingjusöm.

Jamie sagði ennfremur hjónabandið ekki vera ólíkt öðrum hjónaböndum því að allir ættu sínar góðu og slæmu stundir. Vinir þeirra hjóna virðast hins vegar ekki alveg vera sömu skoðunar og segja Jools alltaf síðasta á forgangslista Olivers. Jools hefur heldur ekki neitað því enda segist hún ekki hafa séð eiginmann sinn í dagsljósi í langan tíma. ■



**JAMIE OLIVER Á ÍSLANDI** Hann er þessa dagana að ferðast um Ítalíu vegna nýs þáttar sem hann er með í bígerð.



# Ný vídd í samlesnum auglýsingum

## eitt símtal



## fjórir sterkir auglýsingamiðlar




## allir landsmenn - margföld áhrif!



**- meiri tíðni - meiri útbreiðsla - lægra verð**

**Við höfum endurskilgreint samlesnar auglýsingar:** Aldrei fyrr á Íslandi hafa samlesnar auglýsingar birst á sama tímabili í dagblaði, á netinu og á tveimur útvarpsstöðvum. Þessi nýi möguleiki gerir auglýsendum kleift að ná til fleira fólks á einfaldan og ódýran hátt.

**Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína sama daginn.**

**Þetta er einfalt.** Þú hringir inn auglýsinguna og borgar eitt fast verð á orðið. Auglýsingin er síðan samlesin á **Bylgjunni** og **Talstöðinni** og birt í smáauglýsingum í **Fréttablaðinu** og á **Vísi**.

**Hringdu núna í 550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ vísir 98,9 BYLGJAN Talstöðin FM 90,9

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - PRE 28017 04/2005


# VIÐ TÆKIÐ | Þematengd efni í sjónvarpi

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON HEFUR BRENNANDI ÁHUGA Á ÞEMUM.**

Hugtakið „þema“ hefur ekki átt upp á pallborðið hjá íslenskum sjónvarpsstöðvum. Skjár einn reið á vaðið með sunnudagsþemum sínum þegar stöðin sýndi alltaf eina James Bond-mynd á sunnudagskvöldum. Hún reyndi síðan að fylgja vinsældum þess þema eftir með Bleika pardusinum. Stöð 2 hefur reyndar verið með hugtök eins og „stelpuztöð“ og „spennuztöð“ en það hefur ekki gert mikið fyrir mig.

Stöð 2 bíó hefur verið með nokkrar þemahelgar. Ein helgin var tileinkuð vaxtarræktarríkisstjóranum Arnold Schwarzenegger og þar mátti sjá myndir eins og Eraser og Terminator. Það var þægilegt því þá vissi ég að hverju ég gekk.

Um síðustu helgi var ekkert vaxtarræktartröll í aðalhlutverki heldur Tom Cruise. Mér tókst að sjá Top Gun í fyrsta skipti í sautján ár. Fór meira að segja að gráta á sama stað en það er reyndar atvik sem þarfnast frekari skoðunar. Sá líka Jerry Maguire, stórskemmtilega mynd um umboðsmanninn knáa sem tekst að gera umbjóðanda sinn að stjörnu. Rúsínan í pylsuendanum var Minority Report þar sem þeir leiða saman hesta sína Colin Farrell og Cruise.

Sjónvarpsstöð eins og Stöð 2 bíó er hins vegar ekki nógu dugleg við að nýta sér áhorfendur. Hún gæti tilnefnt tíu myndir í einhverjum flokki bíómynda sem áskrifendur stöðvarinnar gætu síðan kosið um á vefnum. Þær sem myndu hafna í fimm eða sex efstu sætunum yrðu sýndar næstu þemahelgi.



**TOM CRUISE Í MINORITY REPORT** Þematengt sjónvarpsefni, eins og Tom Cruise-helgin hjá Stöð 2 bíó, er vonandi eitthvað sem aðrar sjónvarpsstöðvar taka sér til fyrirmyndar

Þematengt sjónvarp er þó ekki nokkuð sem ætti eingöngu að einskorðast við kvikmyndir. Hinar sjónvarpsstöðvarnar gætu einnig tekið upp á þessari skemmtilegu nýbreytni sem myndi gera sjónvarpsdagskrána heilsteyptari.



▶ 21.25 *Gaman*

**Little Britain. Ný, bresk gamanþáttaröð þar sem Matt Lucas og David Walliams fara á kostum.**



▶ 20.30 *Drama*

**Medium. Allison DuBois er þekktur miðill í Bandaríkjunum en hún sér það sem aðrir sjá ekki.**



▶ 22.00 *Raunveruleiki*

**America's Next Top Model. Í þessum þætti er keppnin rifjuð upp og atriði sýnd sem ekki hafa sést áður.**

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (17:26) **18.23** Sígildar teiknimyndir (29:42)

**18.30 Sögur úr Andabæ (3:14)** (Ducktales)

**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Bráðavaktin (20:22)** (ER)
**20.55 Óp** Þáttur um áhugamál unga fólksins.
▶ **21.25 Litla-Bretland (3:8)** (Little Britain) Bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furður þess.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Formúlukvöld** Gunnlaugur Rögnvaldsson hitar upp fyrir kappaksturinn í San Marino um helgina.
**22.45 Í brennidepli** e.

**23.30** Veggjakrot **1.20** Mósaík **1.55** Kastljósið **2.15** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið **12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi

**13.00** Two and a Half Men (23:24) (e) **13.25** The Osbournes (28:30) (e) **13.45** Whose Line is it Anyway **14.10** Life Begins (5:6) (e) **15.00** Summerland (6:13) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00 Strákarnir**
▶ **20.30 Medium (6:16)** (Miðillinn) Allison DuBois er þekktur miðill í Bandaríkjunum. Hún sér það sem aðrir sjá ekki. Allison nær sambandi við hina framliðnu og getur líka séð atburði fyrir. Bönnuð börnum.
**21.15 Kevin Hill (3:22)** (Good Life) Kevin Hill nýtur lífsins í botn. Hann er í skemmtilegri vinnu, býr í flottri íbúð og vefur kvenfólkinu um fingur sér. En í einni svipan er lífi Kevins snúið á hvolf. Hann fær forræði yfir tíu mánaða frænku sinni, Söru.
**22.00 Gods and Generals** (Guðir og generálar) Sannsöguleg stórmynd sem gerist á tímum borgarastyrjaldarinnar í Bandaríkjunum þegar tekist var á um réttmæti þrælahalds. Leikstjóri: Ronald F. Maxwell. 2003.

**1.30** Medical Investigations (2:20) **2.10** Mile High (3:26) (Bönnuð börnum) **2.55** Wasabi (Bönnuð börnum) **4.30** Fréttir og Ísland í dag **5.50** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**7.00** Everybody loves Raymond (e) **7.30** Fólk – með Sirrý (e) **8.20** The Swan (e) **9.50** Þak yfir höfuðið (e) **10.00** Óstöðvandi tónlist **17.25** Cheers – 2. þáttaröð (11/22) **17.50** Þak yfir höfuðið **18.00** Innlit/útlit (e)

**19.00 Chelsea – Arsenal**
**21.00 Fólk – með Sirrý** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber hverju sinni.
▶ **22.00 America's Next Top Model** Í þessum þætti er rifjað upp það sem gengið hefur á fram að þessu og atriði sýnd sem ekki hafa sést áður, þar á meðal Cassie þar sem hún segir móður sinni að hún hafi verið fatafella, Ann og Eva herma eftir Janice Dickinson og Yaya að æpa á hinar.
**22.45 Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

**23.30** Queer Eye for the Straight Guy (e) **0.15** One Tree Hill (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers – 2. þáttaröð (11/22) (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Blues Brothers **8.10** Grease **10.00** Rock Star **12.00** Big Shot: Confessions of a Ca **14.00** Blues Brothers **16.10** Grease **18.00** Rock Star **20.00** American Wedding (Bönnuð börnum) **22.00** Big Shot: Confessions of a Ca **0.00** Celebrity (Bönnuð börnum) **2.00** Ocean's Eleven (Bönnuð börnum) **4.00** American Wedding (Bönnuð börnum)

## OMEGA

**8.00** Ron P. **8.30** Ísrael í dag **9.30** Joyce M. **10.00** Daglegur styrkur **11.00** Miðnæturhróp **11.30** Um trúna **12.00** Freddie F. **12.30** Dr. David **13.00** Daglegur styrkur **14.00** Joyce M. **14.30** Mack L. **15.00** Vatnaskil **16.00** Daglegur styrkur **17.00** Sherwood C. **17.30** Maríusystur **18.00** Joyce M. **18.30** Ron P. **19.00** Daglegur styrkur **19.30** Ron P. **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Joyce M. **22.00** Daglegur styrkur

## AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Aksjóntónlist **21.00** Níubíó **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** All sports: WATTS **12.30** Weightlifting: European Championship Sofia **14.00** Cycling: UCI Protour Fleche Wallonne **15.00** Weightlifting: European Championship Sofia **16.30** Snooker: World Championship Sheffield **17.30** Weightlifting: European Championship Sofia **19.30** Snooker: World Championship Sheffield **20.30** News: Eurosportnews Report **20.45** Golf: Masters Augusta **21.45** Golf: U.S. P.G.A. Tour Mci Heritage Classic **22.45** Golf: the European Tour Open de Espana **23.15** All Sports: Wednesday Selection

**BBC PRIME**
**12.00** Monarch of the Glen **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Binka **14.25** Bill and Ben **14.35** The Really Wild Show **15.00** The Weakest Link **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Doctors **17.30** Eastenders **18.00** Location, Location, Location **18.30** A Place in France **19.00** Escape to the Country **20.00** Living the Dream **21.00** Spooks **21.50** Murder in Mind **23.00** Renaissance **0.00** Great Writers of the 20th Century **1.00** In Search of Syphilis

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Dogs with Jobs **12.30** Totally Wild **13.00** Frontlines of Construction **14.00** Marine Machines **15.00** Killer Leopards **16.00** Battlefront **16.30** Battlefront **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Totally Wild **19.00** Killer Leopards **20.00** Frontlines of Construction **21.00** Marine Machines **22.00** Raising the USS Monitor **23.00** Forensic Factor **0.00** Frontlines of Construction

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Hippo **13.00** George and the Rhino **14.00** Animal Cops Houston **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** Keepers **18.00** A Herd of Their Own **19.00** Predator Bay **20.00** Miami Animal Police **21.00** Wildlife Specials **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Dolphinmania **1.00** A Man Called Mother Bear

**DISCOVERY**
**12.00** Building the Ultimate **12.30** Massive Machines **13.00** Weapons of War **14.00** Extreme Machines **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** Stress Test **17.00** A Racing Car is Born **18.00** Mythbusters **19.00** Conspiracies on Trial **19.30** Storms of War **20.00** Zero Hour **21.00** Mummy Autopsy **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Techno Cops

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** The Osbournes **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Pimp My Ride **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Bands Reunited **20.00** Behind the Music **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Ross's BBQ Party **12.40** Race to the Altar **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Race to the Altar **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Sex Tips for Girls **20.45** Sex and the Settee **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.25** Great Gardens **23.10** Art and Soul **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Life is Great with Brooke Burke **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **14.30** Gastineau Girls **15.00** 101 Most Shocking Moments in... **16.00** 101 Reasons the '90s Ruled **17.00** Life is Great with Brooke Burke **17.30** Behind the Scenes **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Jackie Collins Presents **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** 101 Most Shocking Moments in... **23.00** E! News **23.30** Extreme Close-Up **0.00** 101 Most Shocking Moments in.

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd 'n' Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Dexter's Laboratory **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Scooby-Doo **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd 'n' Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**13.45** Lambada (cannon) **15.30** Midsummer Night's Sex **17.00** Toys in the Attic **18.30** Romantic Comedy **20.10** Hot Paint **21.40** Comanche **23.10** Life of Sin **1.00** Honor Betrayed **2.35** Willy Milly

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## ÍTALSKI BOLTINN — *Sýn* kl. 18.20

### *Blendnar tilfinningar*

***Heimasíða Sýnar er syn.is***

Í dag verður bein útsending frá leik Juventus og Inter í ítalska boltanum. Bæði liðin voru slegin út úr Meistaradeildinni á dögunum en gengi liðanna heima fyrir er afar ólíkt.
Juventus berst við AC Milan um titilinn en Inter á enga möguleika þrátt fyrir að vera í þriðja sæti deildarinnar. Tilfinningar stuðningsmanna Inter eru sjálfsagt blendnar fyrir leikinn í Tórínó í kvöld en góð frammistaða þeirra manna kemur erkifjendunum í AC Milan mjög til góða.



Zlatan Ibrahimovic í Juventus.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða bíómynd var sagt:

**„You're wearing the uniform of the depressed: Sweatpants and a raincoat."**

**Svar:** Andy úr kvikmyndinni Dog Park frá árinu 1998.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson og Sigurjón M. Egilsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**14.03** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Á þjóðlegu nótunum **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Orð skulu standa **14.03** Útvarpssagan: Karlotta Lövenskjöld **14.30** Seiður og hélog **15.03** Tónaljóð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Þjóðbrók **20.15** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Af draumum

**23.00** Fallegast á fóninn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert **22.10** Geymt en ekki gleymt

**0.10** Glefsur **1.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00**Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** TÖLVUR & TÆKNI **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **21.10**

*Íþróttir*

**Silungur á Íslandi. Ný íslenskur veiðiþáttur í umsjón Eggerts Skúlasonar.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**17.35** David Letterman **18.20** Ítalski boltinn. Bein útsending. Juventus – Inter.

**20.35** **Fifth Gear** (Í fimmta gír) Hér er fjallað jafnt um nýja sem notað bíla en ökutæki af nánast öllum stærðum og gerðum koma við sögu. Greint er frá nýjustu tíðindum úr bílaiðnaðinum og víða leitað fangað. Á meðal umsjónarmanna er Quentin Wilson, einn þekktasti bílablaðamaður Breta.

▶ **21.10** **Silungur á Íslandi (1:2)** Veiðiþáttur þar sem slegist er í för með kunnáttumönnum. Laxá í Mývatnssveit þykir besta urriðasvæði á Íslandi. Þar fiskast jafnan vel og ekki spillir fyrir hið einstaka og fagra umhverfi. Hér er fylgst með veiðiskap Leifs Kolbeinssonar og Ívars Bragasonar en félagarnir, sem reka veitingastaðinn La Primavera, eru snjallir veiðimenn.

**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.

**22.30** **David Letterman**

**23.15** **World Series of Poker**

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** I Bet You Will **19.30** Tvíhöfði (e) **20.00** Game TV **20.30** Sjáðu **21.00** Ren & Stimpy 2 **22.03** Jing Jang **22.40** Real World: San Diego

**TCM**

**19.00** Ice Station Zebra **21.20** Ride the High Country **22.50** Lone Star **0.25** The Fixer **2.35** Hysteria

**HALLMARK**

**12.45** Secrets **14.15** Back When We Were Grown Ups **16.00** Early Edition **16.45** Dinotopia **18.15** Ruby's Bucket of Blood **20.00** Law & Order Vi **20.45** Amnesia **22.15** Ruby's Bucket of Blood **0.00** Law & Order Vi **0.45** The Long Way Home **2.30** Amnesia

**BBC FOOD**

**12.00** Tyler's Ultimate **12.30** Ready Steady Cook **13.00** New Scandinavian Cooking **13.30** Kitchen Takeover **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** A Cook On the Wild Side **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Capital Floyd **16.30** Sophie's Sunshine Food **17.00** The Naked Chef **17.30** Rick Stein's Fruits of the Sea **18.30** Ready Steady Cook **19.00** New Scandinavian Cooking **19.30** Chefs at Sea **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Friends for Dinner **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.40** Hellige hemmeligheder – valg af en ny pave **13.30** Nationen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie **15.00** Braceface **15.30** Junior **16.00** Peter Plys **16.20** Gurli Gris **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.30** Rabatten **18.00** DR Dokumentar: Pressede fotografer **18.40** Nationen **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** SportNyt **20.00** Tillsammans **21.40** Onsdags Lotto **21.45** Boogie

**SV1**

**14.00** Rapport **14.05** Plus **14.35** Familjen Anderson **15.00** Sverige! **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.01** Myror i brallan **16.30** Sagoberättaren **17.00** Rea **17.30** Rapport **18.00** Djursjukhuset **18.30** Mitt i naturen **19.00** French Kiss **20.50** Cirkeln som slutade läsa **21.15** Rapport **21.25** Kulturnyheterna **21.35** Coachen **22.35** En röst i natten **23.20** Sändningar från SVT24






## HRÓSIÐ

*...fær Gunnar Þorsteinsson í Krossinum fyrir að hafa húmor fyrir sjálfum sér. Forstöðumaðurinn hafði gaman af þegar Spaugstofan gerði grín að honum í þætti sínum á laugardag.*

## ÞRÍR SPURÐIR

ÆTLAR ÞÚ AÐ TAKA ÞÁTT Í KAUPUM ALMENNINGS Í SÍMANUM?



*Chloe Ophelia Gorbulew fyrirsæta*

**Ánægjulegt að hafa áhrif**

Nei, ætli það. Við höfum aðeins verið að velta þessu fyrir okkur, ég og kærastinn, en ég býst síður við að við eigum eftir að taka þátt í kaupunum. Maður hefur of mikið um annað að hugsa núna. Ég er þó glöð að sjá hvernig umræðan hefur þróast því það er engin sanngirni í því að hinn almenni skattborgari fái ekki að kaupa sér hlut í Símanum, ef hann hefur á annað borð áhuga og fjármagn til þess. Það er auðvitað alltaf ánægjulegt að eiga hlut í stóru og stöndugu fyrirtæki, ásamt því að hafa áhrif á reksturinn.



*Stefán Máni rithöfundur*

**Heillast ekki af hópefli**

Nei, ég held ekki. Verður maður ekki að eiga einhvern pening til þess? Ég mundi aldrei kaupa mikið, held ég, en væri til ef ég gæti lagt væna summu í púkkið. Annars hlýtur alltaf að vera einhver áhætta í þessu. Mér finnst þetta með almenningskaupin annars gott framtak og hef þá skoðun að þjóðin eigi að sjálfsögðu að hafa tækifæri til að kaupa í Símanum. Mér leist strax rosalega vel á þetta framtak, en alltaf þegar allir fá áhuga á einhverju, missi ég áhugann um leið. Ég heillast ekki af svona hópefli og er lítil hópsál í mér.



*Inga María Valdimarsdóttir leikkona*

**Í von um hagnað**

Ég hef svo sem ekki velt því mikið fyrir mér að skella mér í kaupendahópinn en úr því að ég er spurð og málið vakið mér til enn frekari umhugsunar finnst mér ekki fjarri lagi að ég fjárfesti mér vænan hlut í Símanum, því annars væri maður líklega að missa af góðri von um hagnað, sé litið til vel rekins fyrirtækis og framúrskarandi afkomu hin síðari ár.



**Lárétt:** **1** tvístrað, **6** í jörðu, **7** vanþóknun, **8** hljóm, **9** veitingastaður, **10** skipstjóri, **12** sterk, **14** nafar, **15** greinir ( skst.), **16** tímamælir, **17** félaga, **18** beitu.

**Lóðrétt:** **1** stúlka, **2** rödd, **3** geimvera, **4** fyrirliði, **5** segja frá, **9** drykkur, **11** harmur, **13** óski, **14** eiga heimili, **17** sex.

**Lausn**

**Lárétt:** **1** dreift, **6** rót, **7** oj, **8** óm, **9** krá, **10** nói, **12** kná, **14** bor, **15** gr, **16** úr, **17** vin, **18** agni.

**Lóðrétt:** **1** drós, **2** róm, **3** et, **4** foringi, **5** tjá, **9** kók, **11** sorg, **13** árni, **14** búa, **17** vi.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR



**ÚR KVIKMYNDINNI VOKSNE MENNESKER** Voksne mennesker er á leið á kvikmyndahátíðina í Cannes sem verður haldin í 58. skipti í ár og stendur yfir 11.-22. maí. Framleiðendur myndarinnar er Nimbus Films í Danmörku í samvinnu við Zik Zak.

**VOKSNE MENNESKER:** KEPPIR Í FLOKKI ATHYGLISVERÐRA MYNDA

# Dagur Kári til Cannes

Kvikmyndin Voksne mennesker í leikstjórn Dags Kára Péturssonar hefur verið valin til keppni á hinni virtu kvikmyndahátíð í Cannes. Myndin verður sýnd í svokölluðum Un Certain Regard flokki en í þann flokk eru aðeins valdar um tuttugu athyglisverðar kvikmyndir víðs vegar að úr heiminum.

„Ég býst við að þetta sé mikill heiður, þetta er allavega óskabyrjun. Kvikmyndahátíðin í Cannes er stærsta og frægasta kvikmyndahátíð í heimi og það er gaman að vera þar. Ég fæddist á þessum slóðum og það er gaman að koma aftur með bíómynd í farteskinu,“ segir Dagur Kári sem staddur er hér á landi sem stendur.

Handritshöfundar Voksne mennesker eru Dagur Kári og Rune Schjott. „Rune er gamall vinur minn úr Kaupmannahöfn. Við höfum þekkst frá fornu fari og unnum pínulítið saman að sjónvarpsseríu sem varð aldrei að veruleika. Við þekkjum því aðeins inn á hvor annan og ákváðum að skrifa handritið að þessari mynd saman,“ segir Dagur Kári.

Voksne mennesker var tekin upp í Kaupmannahöfn síðastliðið vor og er óvenjuleg gamanmynd um Daníel, kærulausan ungan veggjakrotara sem stendur á sama um allt. Hann er með lögregluna, stöðumælaverði, skattayfirvöld og leigusalann á eftir sér en þegar hann kynnist hinni ungu Francescu tekur líf hans óvænta stefnu.

„Myndin er mjög ólík því sem ég hef gert. Ég reyndi leynt og ljóst að hafa þessa mynd eins ólíka Nóa albinóa og hægt var,“ segir Dagur Kári sem vill þó ekki gera upp á milli myndanna.

Dagur Kári er að leggja lokahönd á handrit að mynd sem heitir Good Heart. „Nú erum við að spá í fjármögnun, leikaravali og öðru. Við vonumst til að fara í tökur um eða eftir áramót,“ segir Dagur Kári sem býst við að reyna fá heimsfræga leikara til liðs við sig. „Ætli við munum ekki reyna að ná í einn til tvo þekkta leikara með okkur en það er allt á frumstigi.“



**DAGUR KÁRI** Dagur Kári segist áður hafa reynt að komast inn á kvikmyndahátíðina í Cannes, með Nóa Albinóa, en það hafi ekki gengið eftir.

Voksne mennesker, eða Dark Horse eins og hún heitir á alþjóðavísu, verður frumsýnd í Kaupmannahöfn 12. maí en verður væntanlega frumsýnd hér á landi 27. maí.

kristjan@frettabladid.is




# Nemar skipuleggja tískusýningu

Tískusýning verður haldin í versluninni TopShop í Smáralind í dag klukkan fimm. Það sem er sérstakt við þessa sýningu er að hún er í höndum námsmanna en stílistinn Jómbi hefur haft yfirumsjón með verkefninu og stýrt hópnum. „Þetta er í fyrsta skipti sem þetta er gert hérna heima. Sigrún Andersen framkvæmdastjóri TopShop fékk þessa góðu hugmynd að virkja námsmenn og gefa þeim innsýn í hvernig tískusýningar eru settar upp. Við brugðum því á það ráð að setja upp auglýsingar í framhaldsskólunum og fengum mjög góð viðbrögð,“ segir Jómbi. Um 25 nemendur frá mismunandi framhaldsskólum fá því innsýn í það hvernig er að vera fyrirsætur, stílistar, hárgreiðslufólk, förðunarmeistarar og plötusnúðar. „Þetta er beggja hagur, þau læra af okkur og við fáum innsýn í tilveru þeirra og hvernig smekkur þeirra er. Mér finnst mjög gaman að sjá hvernig þau blanda fötunum saman enda eru áherslur þeirra mjög misjafnar enda hver með sinn stíl. Þetta samstarf er búið að vera mjög skemmtilegt. Þessir krakkar eru svo opnir og virðast hafa mjög gaman af því að prófa sig áfram og leika sér með samsetningar.“

Aðspurður um tískuáhuga ungmenna segir Jómbi að hann sé mikill. „Þau hafa mjög ákveðnar skoðanir og hafa verið mjög viljug við að brjótast út úr norminu og ganga örlítið lengra. Mér sýnist þetta hafa virkað það vel að það sé grundvöllur fyrir því að halda nemadaginn árlega,“ segir hann. Fyrir þá sem ekki komast á tískusýninguna klukkan fimm verður hún endurtekin klukkan átta um kvöldið. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**STÍLISTAR FRAMTÍÐARINNAR** Lengst til vinstri er Sandra, Jómbi stílisti sem leiddi hópinn, Natasja, Guðrún og Davíð.



# CHELSEA-ARSENAL

| | |
|---|---|
| 19:00 | Bein útsending frá Stamford Bridge |
| 21:00 | Fólk með Sirrý |
| 22:00 | **America's Next Top Model** |
| 22:45 | Jay Leno |





ALLT SEM ÞÚ ÞARFT

SKJÁR EINN DAG Í EINU

MÁ ÞR MI FI FÖ LA SU MÁ ÞR MI FI FÖ LA SU MÁ ÞR MI FI FÖ LA SU

Fíton/SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Síðan 1991
Þakviðgerðir Pace®
Málarameistari sér um þakið
555 7500




BAKÞANKAR
SIGURJÓNS M. EGILSSONAR

## Benedikt sextándi

Benedikt sextándi er minn maður. Samt er ég ekki kaþólskur. En samt er Benedikt sextándi minn maður. Hann er reyndar svolítið gamall blessaður, en hann er sannarlega ekki verri fyrir það. Kaþólikkar telja víst meira en milljarð manna og auðvitað er páfinn fyrst og fremst þeirra. Samt eigum við hin svolítið í honum og ég er yfir mig glaður með Benedikt sextánda. Hann hefur ekki verið lengi í embætti – aðeins fáar klukkustundir raunar. Það litla sem við vitum nú er að fólkið fagnar nýjum páfa.

**BENEDIKT SEXTÁNDI** er hinn rétti maður til að vera sá leiðtogi sem embættinu fylgir. Allt bendir til þess að hann verði ekki síður mikið á móti getnaðarvörnum en þeir sem á undan hafa farið. Enda sjá það allir í hendi sér að getnaðarvarnir ganga ekki. Það er bara ekki til umræðu að við hið ábyrga fólk getum sæst á að hluti mannkyns notist við getnaðarvarnir. Þessi ástæða ein nægir til að fagna Benedikt sextánda. Hann ætlar ekki að þola neina lausung. Benedikt sextándi stendur fastur á sínu. Fólkið fagnar.

**BENEDIKT SEXTÁNDI** er hinn rétti maður. Hann er ekki mikið fyrir aukinn framgang kvenna. Ekki ég heldur. Hvað vilja konur upp á dekk? Er ekki nóg komið? Þurfum við karlarnir, allir heimsins Benediktar og aðrir, að búa við ógn af framgangi kvenna? Nei, ekki meir, nóg er komið. Benedikt sextándi mun verða manna harðastur í að halda konum á mottunni. Jafnvel bak við eldavélina eins og ráðherrann okkar orðaði það svo heppilega hérna um árið. Benedikt sextánda þykir ekki ástæða til að auka rétt kvenna. Hann var kjörinn og fólkið fagnar.

**BENEDIKT SEXTÁNDI** hefur trúlega einhverja galla. Þó er aðeins einn sjáanlegur. Það er aldurinn og hans vegna bendir flest til að staðfesta hans vari ekki lengi. Og það er ekki víst að sá sem á eftir kemur sé eins viss í sinni sök; hann hefur kannski ekkert á móti smokkum, pillum, lykkjum eða jafnvel konum. Það er mikils virði að njóta þeirra augnablika sem gæfan er í hámarki. Þess vegna ber öllu mannkyni að fagna kjöri Benedikts sextánda. Hann er ekki maður lausungar. Og fólkið fagnar.


# Opinn dagur!

## Í Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Sumardaginn fyrsta 21. apríl milli kl. 13 og 16

Boðið verður upp á leiðsögn um háskólaþorpið, skemmtun fyrir börnin og léttar veitingar að lokinni heimsókn.



- Háskóladeildir Viðskiptaháskólans kynna námsframboð í grunn- og framhaldsnámi og bjóða umsækjendum og öðrum áhugasömum aðilum upp á viðtöl við deildarforseta, námsráðgjafa og kennara.
- Stjórnendur skólans ræða umsóknir og úrvinnslu þeirra við þá sem vilja.
- Kennslufræði háskólans verður kynnt en fámennir verkefnahópar, nálægð við kennara og starfsfólk auk verkefnavinnu í tengslum við atvinnulífið skapar skólanum mikla sérstöðu.
- Íbúðir, herbergi og önnur aðstaða Nemendagarða verður til sýnis.
- Nemendur kynna nám og daglegt líf á Bifröst.
- Öll félagsleg aðstaða verður til sýnis s.s. líkamsrækt, baðsvæði, kaffihús og lestraraðstaða.
- Grunnskólinn á Varmalandi og leikskólinn Hraunborg munu kynna starfsemi sína.
- Á meðan foreldrar skoða svæðið geta börnin farið á hestbak og leikið sér í leiktækjum á háskólatorginu.
- Boðið verður upp á kaffi og léttar veitingar á Kaffi Bifröst

**Allir velkomnir**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

*Frekari upplýsingar:*
**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN BIFRÖST

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í 87 ár



BRIDGESTONE Firestone
FREMSTIR MEÐAL JAFNINGJA

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



Gleðilegt SUMAR! DEKK

**Bridgestone D694** eru frábær jeppa- og pallbíladekk, mjúk og gripmikil. Flott dekk sem vekja athygli. Heilsársdekk.

**Firestone F590** er að öllum líkindum **langódýrasta ALVÖRU fólksbíladekkið** sem þér stendur til boða í sumar.

VERÐDÆMI:
13" frá kr.: 4.590.-
14" frá kr.: 6.990.-
15" frá kr.: 7.990.-




HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

BRÆÐURNIR ORMSSON

LÁGMÚLA 9 (ekið inn af Háaleitisbraut) · SÍMAR 530-2846 / 530-2842 / 530-2800